VARÐA
Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

# Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*

*Janúar 2022*

Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir
Höfundar: Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir.
Úrvinnsla tölfræðilegra gagna: Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-9588-9-1

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2022

# Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður ........ 1
Key results ........ 2
1 Inngangur ........ 3
2 Aðferð ........ 4
2.1 Þýði og úrtak ........ 4
2.2 Vigtun gagna ........ 4
2.3 Mælingar ........ 7
2.4 Marktækinipróf ........ 8
3 Niðurstöður ........ 9
3.1 Launafólk ........ 9
3.1.1 Lýðfræðileg samsetning launafólks ........ 9
3.1.2 Fjárhagsstaða launafólks ........ 10
3.1.3 Staða launafólks á húsnæðismarkaði ........ 28
3.1.4 Starfsumhverfi launafólks ........ 32
3.1.5 Heilsufar launafólks ........ 37
3.2 Innflytjendur ........ 47
3.2.1 Lýðfræðileg samsetning innflytjenda ........ 48
3.2.2 Fjárhagsstaða innflytjenda ........ 49
3.2.3 Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði ........ 61
3.2.4 Starfsumhverfi innflytjenda ........ 66
3.2.5 Heilsufar innflytjenda ........ 69
3.3 Ungt fólk ........ 77
3.3.1 Lýðfræðileg samsetning ungs fólks ........ 78
3.3.2 Fjárhagsstaða ungs fólks ........ 79
3.3.3 Staða ungs fólks á húsnæðismarkaði ........ 88
3.3.4 Heilsufar ungs fólks ........ 92
Heimildaskrá ........ 99

# Töfluyfirlit

**Tafla 1.** Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna. .... 5
**Tafla 2**. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka. .... 6
**Tafla 3.** Lýðfræðileg samsetning eftir stöðu á vinnumarkaði. .... 10
**Tafla 4**. Atvinnutekjur fyrir skatta, greint eftir kyni. .... 11
**Tafla 5**. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 12
**Tafla 6.** Efnislegur skortur meðal launafólks eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 13
**Tafla 7**. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir fjölskyldustöðu og kyni. .... 14
**Tafla 8.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 15
**Tafla 9**. Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 16
**Tafla 10**. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 16
**Tafla 11**. Leiðir til að bregðast við ef skortir hálf mánaðarlaun eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 17
**Tafla 12**. Hlutfall þeirra sem síðastliðið ár hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 18
**Tafla 13.** Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 19
**Tafla 14**. Hlutfall þeirra sem telja fjárskort síðastliðna 12 mánuði hafa komið í veg fyrir að hægt sé að greiða eftirfarandi fyrir börnin sín, greint eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 20
**Tafla 15.** Atvinnutekjur fyrir skatta eftir kyni og menntun. .... 22
**Tafla 16**. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og menntun. .... 23
**Tafla 17**. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og menntun. .... 24
**Tafla 18**. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og menntun. 24
**Tafla 19.** Samanburður á hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman 2021 og 2022. .... 25
**Tafla 20.** Efnislegur skortur eftir kyni 2021 og 2022. .... 26
**Tafla 21**. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á 2021 og 2022. .... 27
**Tafla 22.** Staða launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 29
**Tafla 23.** Hversu oft flutt/skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 30
**Tafla 24.** Húsnæðisöryggi eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 31
**Tafla 25.** Staða launafólks á húsnæðismarkaði 2021 og 2022. .... 32
**Tafla 26**. Álag í starfi aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins eftir kyni og starfsvettvangi. .... 33
**Tafla 27.** Starfsöryggi aukist eða minnkað vegna Covid-19 heimsfaraldursins eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 34
**Tafla 28**. Hlutfall þeirra sem hafa gengið á orlofsrétt sinn vegna heimsfaraldursins eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 35
**Tafla 29**. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí, meðal launafólks eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 36
**Tafla 30**. Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 38
**Tafla 31**. Líkamlegt heilsufar launafólks eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 39
**Tafla 32**. Neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 40
**Tafla 33.** Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um hvers kyns heilbrigðisþjónustu eftir kyni og fjölskyldustöðu. Samantaldir þættir. .... 41
**Tafla 34**. Álag í einkalífi aukist eða minnkað í kjölfar heimsfaraldursins eftir kyni og fjölskyldustöðu... 42
**Tafla 35**. Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og menntun. .... 44

**Tafla 36.** Líkamlegt heilsufar launafólks eftir kyni og menntun. .... 45
**Tafla 37.** Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum 2021 og 2022. .... 46
**Tafla 38.** Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi og upprunalandi. .... 48
**Tafla 39.** Lýðfræðileg samsetning innflytjenda. .... 49
**Tafla 40.** Atvinnutekjur fyrir skatta eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 50
**Tafla 41**. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 51
**Tafla 42**. Efnislegur skortur eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 52
**Tafla 43**. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 53
**Tafla 44.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 53
**Tafla 45.** Fjárhagsaðstoð síðastliðna 12 mánuði eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 54
**Tafla 46.** Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 55
**Tafla 47.** Leiðir til að bregðast við ef skortir hálf mánaðarlaun eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 56
**Tafla 48.** Hlutfall þeirra sem síðastliðið ár hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 57
**Tafla 49.** Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 57
**Tafla 50.** Samanburður á hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman 2021 og 2022 eftir innflytjendastöðu. .... 58
**Tafla 51.** Efnislegur skortur eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022. .... 59
**Tafla 52.** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022. .... 60
**Tafla 53.** Staða á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 62
**Tafla 54.** Hversu oft flutt/skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 63
**Tafla 55.** Húsnæðisöryggi eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 64
**Tafla 56**. Staða á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022. .... 65
**Tafla 57.** Álag í starfi aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 66
**Tafla 58.** Starfsöryggi aukist eða minnkað við Covid-19 faraldurinn eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 67
**Tafla 59.** Hlutfall þeirra sem hafa gengið á orlofsrétt sinn vegna heimsfaraldursins eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 68
**Tafla 60.** Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí, eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 69
**Tafla 61.** Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og innflytjendastöðu. .... 71
**Tafla 62.** Líkamlegt heilsufar eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 72
**Tafla 63.** Neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 73
**Tafla 64.** Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um hvers kyns heilbrigðisþjónustu eftir kyni og innflytjendastöðu. Samantaldir þættir. .... 74
**Tafla 65.** Álag á einkalífi aukist eða minnkað í kjölfar heimsfaraldursins eftir innflytjendastöðu og kyni. .... 74
**Tafla 66.** Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022. .... 76
**Tafla 67.** Lýðfræðileg samsetning ungs fólks. .... 79
**Tafla 68.** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. .... 80
**Tafla 69.** Efnislegur skortur ungs fólks eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. .... 81

**Tafla 70.** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki........ 82
**Tafla 71.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 82
**Tafla 72.** Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 83
**Tafla 73.** Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 84
**Tafla 74.** Leiðir til að bregðast við ef skortir hálf mánaðarlaun eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 85
**Tafla 75.** Hlutfall þeirra sem síðastliðið ár hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 86
**Tafla 76**. Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki........ 87
**Tafla 77.** Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 89
**Tafla 78.** Hversu oft flutt/skipt um húsnæði á undanförnum fimm árum eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 90
**Tafla 79.** Húsnæðisöryggi eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 91
**Tafla 80.** Hlutfall ungs fólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 93
**Tafla 81.** Líkamlegt heilsufar ungs fólks eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 94
**Tafla 82.** Neitað sér um hvers konar heilbrigðisþjónustu eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 95
**Tafla 83.** Hlutfall ungs fólks sem hefur neitað sér um hvers kyns heilbrigðisþjónustu eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. Samantaldir þættir. ........ 96
**Tafla 84.** Álag í einkalífi aukist eða minnkað í kjölfar heimsfaraldursins eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. ........ 97

# Helstu niðurstöður

*Niðurstöður könnunarinnar sem var lögð fyrir félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB sýna:*

- **Tæplega þriðjungur vinnandi fólks glímir við erfiða fjárhagsstöðu og hefur fjárhagsstaðan versnað frá síðasta ári:**
  - Um það bil þrír af hverjum tíu eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.
  - Tæplega einn af hverjum tíu býr við skort á efnislegum gæðum.
  - Um fjórir af hverjum tíu gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.
  - Ríflega einn af hverjum tíu hefur ekki getað greitt kostnað vegna skipulagðra tómstunda fyrir börnin sín vegna fjárskorts.
- **Fjárhagsstaða einstæðra foreldra er verst meðal vinnandi fólks:**
  - Um það bil sex af hverjum tíu í hópi einstæðra foreldra á vinnumarkaði eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.
  - Ríflega tveir af hverjum tíu búa við skort á efnislegum gæðum.
  - Tæplega sjö af hverjum tíu einstæðum mæðrum gætu ekki mætt óvæntum 80.000 króna útgjöldum og ríflega fimm af hverjum tíu einstæðum feðrum.
  - Tæplega þrjár af hverjum tíu einstæðum mæðrum geta ekki keypt nauðsynlegan fatnað fyrir börnin sín vegna fjárskorts og ríflega tveir af hverjum tíu einstæðum feðrum.
- **Ríflega helmingur launafólks finnur fyrir meira álagi í starfi í kjölfar Covid-19 faraldursins. Mest aukning álags í starfi er meðal kvenna sem starfa hjá hinu opinbera en tæplega sjö af hverjum tíu finna fyrir auknu álagi.**
- **Andleg heilsa launafólks fer versnandi milli ára:**
  - Ríflega þrjár af hverjum tíu konum og tæplega þrír af hverjum tíu körlum búa við slæma andlega heilsu. Þetta er helmingi meira en í sömu könnun fyrir ári þegar hlutfallið var ríflega tvær af hverjum tíu fyrir konur og tæplega tveir af hverjum tíu fyrir karla.
- **Ríflega helmingur kvenna og tæpur helmingur karla hefur neitað sér um einhverja tegund heilbrigðisþjónustu.**
- **Fjárhagsstaða og andleg heilsa innflytjenda er verri en innfæddra**
  - Tæplega helmingur innflytjenda á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.
  - Hærra hlutfall innflytjenda býr við skort á efnislegum gæðum en innfæddra.
  - Um helmingur innflytjenda býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði.
  - Ríflega fjórir af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum 80.000 króna útgjöldum.
  - Um fjórir af hverjum tíu búa við slæma andlega heilsu.
- **Andleg heilsa ungs fólks er mun verri en þeirra sem eldri eru, sérstaklega meðal ungra kvenna. Tæplega helmingur þeirra býr við slæma andlega heilsu.**

# Key results

*Results from a survey posed to members of ASÍ and BSRB show:*

- **Nearly a third of workers report financial struggles and reduced financial standing from one year ago**
  - About three out of 10 find it very difficult, difficult or somewhat difficult to make ends meet.
  - Almost one out of 10 suffers material deprivation.
  - About four out of 10 are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK without going into debt.
  - Just over one out of 10 cannot afford the cost of organised recreational activities.
- **Single parents are those worst off financially:**
  - Around six out of 10 single working parents find it very difficult, difficult, or somewhat difficult to make ends meet.
  - Just over two out of 10 suffer material deprivation.
  - Almost seven out of 10 single mothers are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK, and just over five out of 10 single fathers.
  - Almost three out of 10 single mothers cannot afford to buy necessary clothing for their children, and just over two out of 10 single fathers.
- **Just over a half of workers report a heavier workload after the Covid-19 pandemic. Women working in the public sector are the most likely to report a bigger workload, or almost seven out of 10.**
- **Workers' mental health has deteriorated since last year:**
  - Just over three out of 10 women, and almost three out of 10 men report poor mental health. That is an increase of 50% since last year, where the ratio was just over two out of 10 women, and almost 2 out of 10 men.
- **Just over a half of women and almost a half of men has denied themselves some type of health care service.**
- **Financial standing and mental health of immigrants is poorer than that of native Icelanders and has deteriorated in the past year.**
  - Almost a half of immigrants find it very difficult, difficult, or somewhat difficult to make ends meet.
  - Immigrants are more likely to suffer material deprivation than native Icelanders.
  - About a half of immigrants live with burdensome housing cost.
  - Just over four out of 10 are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK.
  - Around four out of 10 report poor mental health.
- **Young people are more likely to report poor mental health compared to those older, especially young women. Almost a half of young women report poor mental health.**

# 1 Inngangur

Í lok síðasta árs lagði Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins í annað sinn fyrir umfangsmikla könnun meðal launafólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB. Markmiðið var að afla upplýsinga um fjárhagslega stöðu þar sem sérstök áhersla var lögð á stöðu á húsnæðismarkaði, andlega og líkamlega heilsu sem og áhrif faraldursins á starfsskilyrði. Efnahagskreppan í kjölfar útbreiðslu kórónuveirunnar hefur valdið víðtækum breytingum á vinnumarkaði og daglegu lífi. Atvinnuleysi var mikið vegna faraldursins en dregið hefur úr því þrátt fyrir að það sé enn meira en almennt gerist á Íslandi. Faraldurinn hefur ekki einungis haft áhrif á fjárhagleg lífsskilyrði launafólks heldur einnig á starfsumhverfi og daglegt líf. Mikilvægt er að fylgjast með áhrifum faraldursins á lífsskilyrði launafólks og er markmið könnunarinnar að veita upplýsingar um stöðu:

1. Launafólks út frá fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, starfsumhverfi í heimsfaraldri og heilsu
2. Innflytjenda út frá fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, starfumhverfi í heimsfaraldri og heilsu
3. Ungs fólks út frá fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, starfsumhverfi í heimsfaraldri og heilsu

Könnunin var lögð fyrir í lok nóvember og byrjun desember 2021 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Fyrst er greint frá stöðu félaga innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB út frá fjárhagsstöðu, heilsu og áhrifum heimsfaraldursins. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og fjölskyldugerð. Auk þess er fjallað um sömu þætti út frá menntun. Í kafla 3.2. er farið yfir niðurstöður meðal innflytjenda og í kafla 3.3. er greint frá stöðu ungs fólks.

# 2 Aðferð

Könnunin var ætluð félögum í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og BSRB. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt var að svara henni einu sinni á hverju IP-númeri. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku. Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Í tölvupóstinum voru upplýsingar um markmið könnunarinnar, netslóð inn á hana og texti sem óskað var eftir að væri sendur með tölvupósti til félaga stéttarfélaganna sem var á íslensku, ensku og pólsku. Leiðbeiningar um upplýsingagjöf komu fram í póstinum þar sem félögin voru beðin um að senda út tilkynningu um könnunina og ítrekun viku síðar. Hvernig beiðni um þátttöku var send út var í höndum hvers og eins stéttarfélags en ýmist var um að ræða tölvupóst, smáskilaboð eða auglýsingar á heimasíðum og/eða samfélagsmiðlum stéttarfélaganna. Könnunin var opin frá 24. nóvember til 9. desember 2021.

## 2.1 Þýði og úrtak

Könnunin var þýðisrannsókn og því opin öllum félagsmönnum heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiðandi félagar innan 46 aðildarfélaga ASÍ voru 127.337 þann 1. janúar 2021. Innan BSRB voru í janúar 2021 samtals 22.816 félagar í 23 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 150.153 einstaklingar. Í þeim hópi var svarhlutfallið 5,8% eða 8.768.

## 2.2 Vigtun gagna

Gögnin úr könnuninni voru vigtuð til þess að svörin endurspegli betur þýðið. Bæði var vigtað eftir kyni og aðildarfélögum en aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB var skipt í vigtunarflokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna. Fjögur aðildarfélaganna féllu ekki í neinn flokk og voru vigtuð sér. Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB skrá kynskráninguna „kynsegin“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu var ákvörðun tekin um að flokka kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

**Tafla 1.** *Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna.*

| Vigtunarflokkur | Félög |
|---|---|
| ASÍ 1 | AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn |
| ASÍ 2 | Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf |
| ASÍ 3 | Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR. |
| ASÍ 4 | Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks í rafiðnaði, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja |
| ASÍ 5 | BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járniðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, FHS - félag hársnyrtisveina, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - félag vélstjóra og málmtæknimanna |
| FFÍ | Flugfreyjufélag Íslands |
| LEIÐSÖGN | LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna |
| BSRB 1 | Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannaþjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyja, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar |
| BSRB 2 | Sameyki - stéttarfélag í almannaþjónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins. |
| BSRB 3 | Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands |
| BSRB 4 | Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra |
| BSRB 5 | Sjúkraliðafélag Íslands |
| BSRB 6 | Póstmannafélags Íslands |

Öllum flokkunum var upphaflega gefin úrtaksvogin 1 en lokavog var síðan reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í upprunavogina. Til þess að fá vigtaðan fjölda svara (vigtað N) í sama hlutfall og upprunalegan fjölda svara (N) var síðan deilt í þá vog með stuðlinum „samtals fjöldi í þýði/samtals fjöldi svara“.

**Tafla 2**. *Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.*

| Vigtunarflokkur | Svarhlutfall | Úrtaksvog | Lokavog |
|---|---|---|---|
| **ASÍ 1** | | | |
| Konur | 1,9% | 1 | 51,79 |
| Karlar | 1,0% | 1 | 97,05 |
| **ASÍ 2** | | | |
| Konur | 5,7% | 1 | 17,55 |
| Karlar | 4,3% | 1 | 23,22 |
| **ASÍ 3** | | | |
| Konur | 6,9% | 1 | 14,44 |
| Karlar | 6,3% | 1 | 15,77 |
| **ASÍ 4** | | | |
| Konur | 12,5% | 1 | 7,98 |
| Karlar | 13,4% | 1 | 7,45 |
| **ASÍ 5** | | | |
| Konur | 3,8% | 1 | 26,07 |
| Karlar | 0,7% | 1 | 141,40 |
| **FFÍ** | | | |
| Konur | 22,3% | 1 | 4,49 |
| Karlar | 28,9% | 1 | 3,45 |
| **LEIÐSÖGN** | | | |
| Konur | 71,4% | 1 | 1,40 |
| Karlar | 28,9% | 1 | 3,45 |
| **BSRB 1** | | | |
| Konur | 13,8% | 1 | 7,23 |
| Karlar | 9,3% | 1 | 10,78 |
| **BSRB 2** | | | |
| Konur | 1,5% | 1 | 67,61 |
| Karlar | 1,2% | 1 | 82,86 |
| **BSRB 3** | | | |
| Konur | 34,6% | 1 | 2,89 |
| Karlar | 27,7% | 1 | 3,61 |
| **BSRB 4** | | | |
| Konur | 6,7% | 1 | 14,89 |
| Karlar | 5,0% | 1 | 20,00 |
| **BSRB 5** | | | |
| Konur | 25,1% | 1 | 3,98 |
| Karlar | 13,8% | 1 | 7,22 |
| **BSRB 6** | | | |
| Konur | 6,6% | 1 | 15,20 |
| Karlar | 1,8% | 1 | 56,25 |

## 2.3 Mælingar

*Andleg líðan*: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir o.fl., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjórgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyfa þig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg(ur) að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin/n eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Þróunarmiðstöð, e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke og Spitzer. 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

*Efnislegur skortur*: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánum eða öðrum lánum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, e.d.).

## 2.4 Marktækniprófᅟ

Persons kí-kvaðrat próf ($\chi 2$) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikmörk, * = $p <$ 0,05, ** = $p <$ 0,001.

# 3 Niðurstöður

Niðurstöðukaflinn skiptist í nokkra undirkafla sem hver um sig fjallar um ákveðna þætti varðandi stöðu launafólks og er staða innflytjenda og ungs fólks skoðuð sérstaklega. Í ákveðnum tilfellum eru niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöður spurningakönnunar Vörðu (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021) um stöðu launafólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB sem lögð var fyrir í lok árs 2020.

## 3.1 Launafólk

Hér á eftir verður staða félaga innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB skoðuð. Fyrst er fjallað um samsetningu út frá kyni, aldri, menntun, fjölskyldustöðu og búsetu greint eftir stöðu á vinnumarkaði. Fjárhagsstaða er skoðuð með ýmsum mælingum og eru niðurstöður birtar eftir kyni og fjölskyldustöðu. Sérstakur kafli er um starfsskilyrði sem og heilsufar og er þar einnig skoðað hvort svarendur hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

### 3.1.1 Lýðfræðileg samsetning launafólks

Í töflu 3 er lýðfræðileg samsetning svarenda skoðuð eftir stöðu á vinnumarkaði. Hún sýnir að 89,3% kvenna innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB sem svöruðu könnuninni voru í launavinnu, 4,2% atvinnulaus og 6,5% í annarri stöðu á vinnumarkaði. Þá voru 88% karla í launavinnu, 4,6% atvinnulaus og 7,4% í annarri stöðu. Í flokkinn önnur staða á vinnumarkaði flokkast námsmenn, lífeyrisþegar, öryrkjar, fólk í veikindaleyfi/starfsendurhæfingu, fólk í fæðingarorlofi og heimavinnandi fólk.

Tafla 1 sýnir einnig að meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og BSRB er hlutfallslega meira atvinnuleysi meðal fólks sem er 35 ár og yngra (5,7%) en eldra fólks (3,8%), meðal innflytjenda (10,2%) en innfæddra (2,8%), meðal fólks með menntun á háskólastigi (5,3%) en meðal þeirra sem eru með menntun á framhaldsskólastigi (4,3%) eða á grunnskólastigi (3,7%), meðal íbúa á Suðurnesjum (6,1%) en á höfuðborgarsvæðinu (5,2%) og á landsbyggðinni (2,8%).

**Tafla 3.** *Lýðfræðileg samsetning eftir stöðu á vinnumarkaði.*

| | Í launavinnu | Atvinnulaus | Önnur staða | Samtals | *N* | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Kyn* | | | | | 7863 | 0,000** |
| Kona | 89,3% | 4,2% | 6,5% | 47,4% | | |
| Karl | 88,0% | 4,6% | 7,4% | 52,6% | | |
| *Aldur* | | | | | 7798 | 0,000** |
| 35 ára og yngri | 88,0% | 5,7% | 6,4% | 28,1% | | |
| 36-69 ára | 90,0% | 3,8% | 6,6% | 72,0% | | |
| *Fjölskyldustaða* | | | | | 7758 | 0,000** |
| Í sambúð með barn/börn | 92,3% | 3,3% | 4,4% | 34,1% | | |
| Í sambúð | 86,9% | 4,3% | 8,8% | 38,3% | | |
| Einstæðir foreldrar | 84,8% | 6,1% | 9,1% | 7,0% | | |
| Einhleypir | 88,2% | 5,9% | 5,8% | 20,5% | | |
| *Innflytjendastaða* | | | | | 7921 | 0,000** |
| Innfæddir | 89,7% | 2,8% | 7,5% | 79,1% | | |
| Innflytjendur | 85,0% | 10,2% | 4,8% | 21,0% | | |
| *Búseta* | | | | | 7914 | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðið | 88,4% | 5,2% | 6,4% | 60,3% | | |
| Suðurnes | 88,2% | 6,1% | 5,7% | 5,5% | | |
| Landsbyggðin | 89,8% | 2,8% | 7,4% | 34,2% | | |
| *Menntun* | | | | | 7901 | 0,000** |
| Grunnskólastig | 90,2% | 3,7% | 6,1% | 23,6% | | |
| Framhaldsskólastig | 87,2% | 4,3% | 8,5% | 50,0% | | |
| Háskólastig | 90,5% | 5,3% | 4,2% | 26,4% | | |
| Samtals | 88,6% | 4,4% | 7,0% | 100% | 7945 | |

### 3.1.2 Fjárhagsstaða launafólks

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var skoðuð í könnuninni og metin með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir um atvinnutekjur, hversu auðvelt eða erfitt þeir ættu með að ná endum saman, hvort þeir byggju við skort á efnislegum gæðum, byrði húsnæðiskostnaðar, hvort þeir hefðu fengið fjárhagsaðstoð, hvort þeir gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum, hvernig þeir gætu brugðist við ef þá skorti hálf mánaðarlaun, hvort þeir hefðu tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu. Auk þess var spurt hvort fjárhagsleg staða væri betri eða verri en fyrir ári. Að auki voru þeir þátttakendur sem eru með börn á heimili spurðir hvort fjárskortur á síðastliðnu ári hefði komið í

veg fyrir að þeir hefðu getað greitt leikskólagjöld, frístund, skólagjöld í framhaldsskóla, skólabækur, mat í skóla, skipulagðar tómstundir, skólaferðalög, nauðsynlegan fatnað og eins næringarríkan mat og þeir telja börnin sín þurfa. Niðurstöðurnar voru greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

Fjárhagsstaða eftir menntun er greind sérstaklega í undirkafla. Þar er fjallað um atvinnutekjur, hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman, byrði húsnæðiskostnaðar og hvort þátttakendur geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum. Niðurstöðurnar eru greindar eftir menntun og kyni.

Í töflu 4 hafa atvinnutekjur launafólks innan ASÍ og BSRB verið greindar eftir kyni. Þegar atvinnutekjurnar eru skoðaðar má sjá að hlutfallslega fleiri konur (16,4%) en karlar (6,9%) eru með atvinnutekjur undir 300 þús. kr. á mánuði. Konur með atvinnutekjur á bilinu 301-500 þús. kr. eru einnig hlutfallslega fleiri (42,0%) en karlar (28,2%) en það er jafnframt algengasti tekjuflokkur meðal kvenna. Hlutfallslega flestir karlar hafa atvinnutekjur á bilinu 501-700 þús. kr. á mánuði. Sömuleiðis eru hlutfallslega fleiri karlar (8,1% og 3,9%) en konur (2,0% og 1,3%) með tekjur á bilinu 901-1.100 þús. kr. eða meira á mánuði.

**Tafla 4**. *Atvinnutekjur fyrir skatta, greint eftir kyni.*

| | Konur | Karlar | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| ≤ 300 þús.kr. | 16,4% | 6,9% | 11,4% | 0,000** |
| 301-500 þús. kr. | 42,0% | 28,2% | 34,7% | *N* = 7811 |
| 501-700 þús. kr. | 24,0% | 30,4% | 27,4% | |
| 701-900 þús. kr. | 7,9% | 16,2% | 12,3% | |
| 901-1.100 þús. kr | 2,0% | 8,1% | 5,2% | |
| ≥ 1.100 þús. kr. | 1,3% | 3,9% | 2,6% | |

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan ASÍ og BSRB á með að ná endum saman eftir kyni eru birtar í töflu 5. Taflan sýnir að hlutfallslega fleiri konur eiga mjög erfitt (3,9%), erfitt (6,5%) eða frekar erfitt (22,5%) með að ná endum saman en karlar (3,6%, 4,8% og 21,2%). Að sama skapi eiga karlar hlutfallslega oftar mjög auðvelt (15,2%), auðvelt (17,3%) eða nokkuð auðvelt (38%) með að ná endum saman en konur (12,5%, 16,8% og 37,7%).

Þegar litið er til fjölskyldustöðu kemur í ljós að hlutfallslega fleiri einstæðar mæður og feður eiga mjög erfitt (13,8% og 5,5%), erfitt (15,4% og 9,1%) eða nokkuð erfitt (33,4% og 40,8%) með að ná endum saman en sambúðarfólk með börn. Hlutfall einstæðra mæðra sem á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman er 62,6% og hlutfallið meðal einstæðra feðra er 55,4%. Þá eiga 40,6% einhleypra kvenna og 35,8% einhleypra karla mjög erfitt, erfitt eða frekar

erfitt með að ná endum saman. Þegar litið er til sambúðarfólks með börn sést að 35,4% kvenna og 35% karla eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.

**Tafla 5**. *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 8,2% | 19,9% | 7,0% | 8,8% | 12,5% | *N* = 4291 |
| Auðvelt | 15,0% | 22,5% | 8,0% | 13,7% | 16,8% | |
| Nokkuð auðvelt | 41,4% | 39,0% | 22,5% | 36,8% | 37,7% | |
| Nokkuð erfitt | 25,4% | 14,1% | 33,4% | 27,8% | 22,5% | |
| Erfitt | 6,7% | 3,1% | 15,4% | 7,7% | 6,5% | |
| Mjög erfitt | 3,3% | 1,3% | 13,8% | 5,1% | 3,9% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 10,2% | 19,7% | 6,2% | 17,1% | 15,2% | *N* = 3336 |
| Auðvelt | 13,7% | 21,6% | 10,0% | 16,8% | 17,3% | |
| Nokkuð auðvelt | 41,1% | 40,3% | 28,3% | 30,3% | 38,0% | |
| Nokkuð erfitt | 25,2% | 15,3% | 40,8% | 21,3% | 21,2% | |
| Erfitt | 5,9% | 2,3% | 9,1% | 6,6% | 4,8% | |
| Mjög erfitt | 3,9% | 0,9% | 5,5% | 7,9% | 3,6% | |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir kyni og fjölskyldugerð eru birtar í töflu 6. Hlutfallslega voru fleiri konur sem gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum (26% á móti 22,5%), höfðu ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldunni (22% á móti 16,4%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (5,9% á móti 4,4%), á sjónvarpstæki (2,4% á móti 2,2%), á þvottavél (2,5% á móti 2,4%) og á bíl (9,2% á móti 8%). Aftur á móti var hærra hlutfall karla í vanskilum með leigu eða lán (5,9% á móti 4,2%), sem höfðu ekki efni á síma (1,4% á móti 0,8%) og að kynda húsakynni sín nægilega (1,2% á móti 0,7%).

Þegar efnislegur skortur er greindur eftir fjölskyldustöðu kemur í ljós að mikill munur er á skorti eftir fjölskyldugerð. Staða einstæðra foreldra er í öllum tilfellum verst. Hæst er hlutfall einstæðra mæðra sem hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (44,5%), hafa ekki efni á kjötmáltíð eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (15,8%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (53,7%), hafa ekki efni á síma (1,2%), á þvottavél (5,1%) og bíl (17,9%). Einstæðir

feður standa hvað verst þegar litið er til vanskila á leigu eða lánum (11,4%), að hafa ekki efni á sjónvarpstæki (6,7%) og nægilegrar upphitunar á húsnæði (1,7%).

**Tafla 6.** *Efnislegur skortur meðal launafólks eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Vanskil á leigu/lánum* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 6,1% | 1,5% | 11,0% | 2,6% | 4,2% | 0,000** |
| Karlar | 6,6% | 2,0% | 11,4% | 11,1% | 5,9% | 0,000** |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 28,1% | 10,4% | 44,5% | 22,4% | 22,0% | 0,000** |
| Karlar | 21,1% | 8,7% | 31,6% | 20,1% | 16,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 5,2% | 2,8% | 15,8% | 7,9% | 5,9% | 0,000** |
| Karlar | 3,8% | 1,4% | 10,6% | 9,9% | 4,4% | 0,000** |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 29,3% | 14,0% | 53,7% | 31,3% | 26,% | 0,000** |
| Karlar | 28,6% | 11,5% | 38,9% | 30,1% | 22,5% | 0,000** |
| *Ekki efni á síma* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 0,8% | 0,3% | 1,2% | 1,6% | 0,8% | 0,000** |
| Karlar | 0,6% | 0,8% | 0,7% | 4,2% | 1,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 0,9% | 1,9% | 4,8% | 4,4% | 2,4% | 0,000** |
| Karlar | 1,9% | 1,0% | 6,7% | 4,2% | 2,2% | 0,000** |
| *Ekki efni á þvottavél* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 1,7% | 1,6% | 5,1% | 4,1% | 2,5% | 0,000** |
| Karlar | 2,5% | 1,0% | 2,8% | 5,1% | 2,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á bíl* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 5,4% | 6,1% | 17,9% | 16,8% | 9,2% | 0,000** |
| Karlar | 7,0% | 4,1% | 16,5% | 15,8% | 8,0% | 0,000** |
| *Ekki nægileg upphitun* | | | | | | *N* = 7564 |
| Konur | 0,3% | 0,2% | 1,6% | 1,8% | 0,7% | 0,000** |
| Karlar | 1,4% | 0,6% | 1,7% | 1,8% | 1,2% | 0,000** |

Í töflu 7 hafa þættir er varða efnislegan skort verið teknir saman eftir kyni og fjölskyldustöðu. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 6 og saman mæla efnislegan skort. Þeir sem ekki hafa efni á þremur þáttum sem mældir eru á þessum skala hafa verið skilgreindir þannig að þeir búi við efnislegan skort. Þeir sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum búa samkvæmt sömu skilgreiningu við verulegan efnislegan skort. Hlutfallslega fleiri karlar (67,3%) en konur (61,5%) þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru. Þegar

fjöldi þátta efnislegs skorts er greindur eftir fjölskyldustöðu sést töluverður munur. Einstæðar mæður standa verst en hlutfallslega fleiri í þeirra hópi hafa þurft að neita sér um einn (28,0% ), tvo (19,3%), þrjá (12,6% ) eða fjóra eða fleiri (11,1%) efnislega þætti samanborið við aðra hópa. Þótt einstæðir feður standi ögn betur en einstæðar mæður er staða þeirra einnig verri samanborið við fólk í sambúð með börnum eða sambúð án barna. Hlutfallslega fleiri í hópi einstæðra feðra, samanborið við sambúðarfólk með börn og sambúðarfólk án barna, hafa þurft að neita sér um einn (27,7% á móti 19,7% og 10,6%), tvo (14,0% á móti 13,9% og 5,7%), þrjá (9,8% á móti 5,2% og 2,1% ) eða fjóra eða fleiri (7,5% á móti 2,8% og 1,3%) efnislega þætti. Munurinn eftir fjölskyldustöðu er tölfræðilega marktækur og helst marktækur hvort tveggja í hópi karla og kvenna.

**Tafla 7**. *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir fjölskyldustöðu og kyni.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Enginn | 57,2% | 78,3% | 29,0% | 53,6% | 61,5% | *N* = 4263 |
| Einn | 19,5% | 11,6% | 28,0% | 21,0% | 17,7% | |
| Tveir | 15,2% | 6,0% | 19,3% | 13,0% | 11,8% | |
| Þrír | 5,4% | 2,6% | 12,6% | 6,9% | 5,4% | |
| Fjórir eða fleiri | 2,6% | 1,6% | 11,1% | 5,5% | 3,7% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Enginn | 59,5% | 82,0% | 41,0% | 57,6% | 67,3% | *N* = 3301 |
| Einn | 19,8% | 9,7% | 27,7% | 17,8% | 15,7% | |
| Tveir | 12,7% | 5,4% | 14,0% | 8,8% | 9,1% | |
| Þrír | 5,0% | 1,8% | 9,8% | 6,5% | 4,2% | |
| Fjórir eða fleiri | 3,0% | 1,0% | 7,5% | 9,4% | 3,7% | |
| *Allir* | | | | | | 0,000** |
| Enginn | 58,4% | 80,3% | 33,0% | 55,7% | 64,5% | *N* = 7564 |
| Einn | 19,7% | 10,6% | 27,9% | 19,3% | 16,7% | |
| Tveir | 13,9% | 5,7% | 17,5% | 10,7% | 10,3% | |
| Þrír | 5,2% | 2,1% | 11,7% | 6,7% | 4,8% | |
| Fjórir eða fleiri | 2,8% | 1,3% | 9,9% | 7,6% | 3,7% | |

Tafla 8 sýnir byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. 26,9% kvenna og 25% karla búa við þunga byrði vegna

húsnæðis. Um helmingur telur húsnæðiskostnað nokkra byrði (50% kvenna og 51,9% karla) en 23% kvenna og 23,1% karla býr ekki við byrði af húsnæðiskostnaði.

Sá hópur sem hefur hlutfallslega þyngstu byrðarnar af húsnæðiskostnaði eru einstæðar mæður (50,6%) og þar á eftir einstæðir feður (38,5%).

**Tafla 8.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Þung byrði | 30,6% | 15,5% | 50,6% | 30,3% | 26,9% | *N* = 4277 |
| Nokkur byrði | 53,6% | 51,1% | 36,2% | 48,9% | 50,0% | |
| Engin byrði | 15,8% | 33,4% | 13,2% | 20,8% | 23,0% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Þung byrði | 30,9% | 16,1% | 38,5% | 29,1% | 25,0% | *N* = 3326 |
| Nokkur byrði | 53,4% | 55,5% | 46,7% | 43,6% | 51,9% | |
| Engin byrði | 15,8% | 28,4% | 14,8% | 27,2% | 23,1% | |

Niðurstöður um hvort launafólk hafi fengið fjárhagsaðstoð síðasta árið eftir kyni og fjölskyldugerð koma fram í töflu 9. Þær sýna að konur hafa í meira mæli fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi (3% á móti 2,8%), frá ættingjum eða vinum (15,6% á móti 12,6%) og mataraðstoð (2,2% á móti 1,7%). Jafn hátt hlutfall kvenna og karla hafði fengið fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (1,5%).

Hæst var hlutfall einstæðra mæðra sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (9,1%), aðstoð frá vinum eða ættingjum (39,2%) og frá félags- eða hjálparsamtökum (3,7%) en hæst var hlutfall einstæðra feðra sem höfðu fengið mataraðstoð (10,2%).

**Tafla 9**. *Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags* | | | | | | *N* = 7622 |
| Konur | 2,2% | 1,4% | 9,1% | 4,3% | 3,0% | 0,000** |
| Karlar | 2,1% | 1,4% | 9,0% | 5,3% | 2,8% | 0,000** |
| *Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa* | | | | | | *N* = 7622 |
| Konur | 17,4% | 6,9% | 39,2% | 17,2% | 15,6% | 0,000** |
| Karlar | 15,4% | 6,1% | 28,9% | 16,7% | 12,6% | 0,000** |
| *Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum* | | | | | | *N* = 7623 |
| Konur | 1,2% | 0,8% | 3,7% | 2,4% | 1,5% | 0,000** |
| Karlar | 1,2% | 0,9% | 3,0% | 3,1% | 1,5% | 0,000** |
| *Mataraðstoð* | | | | | | *N* = 7622 |
| Konur | 1,9% | 0,6% | 9,6% | 2,2% | 2,2% | 0,000** |
| Karlar | 1,5% | 0,7% | 10,2% | 2,2% | 1,7% | 0,000** |

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 10. Nokkurn kynjamun má sjá á greiningunni en 40,8% kvenna og 30,7% karla sögðust ekki geta mætt slíkum útgjöldum. Þegar litið er til fjölskyldustöðu sést að 67,6% einstæðra mæðra og 52,9% einstæðra feðra geta ekki mætt svo háum óvæntum útgjöldum.

**Tafla 10**. *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Já | 41,4% | 64,8% | 21,7% | 43,5% | 48,6% | *N* = 4227 |
| Nei | 49,3% | 24,6% | 67,6% | 43,8% | 40,8% | |
| Veit ekki | 9,3% | 10,6% | 10,6% | 12,8% | 10,6% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Já | 54,0% | 73,8% | 36,8% | 51,1% | 60,5% | *N* = 3300 |
| Nei | 35,5% | 19,5% | 52,9% | 39,5% | 30,7% | |
| Veit ekki | 10,5% | 6,7% | 10,2% | 9,4% | 8,8% | |

Tafla 11 sýnir hvað þátttakendur telja sig geta gert ef þá skorti hálf mánaðarlaun. Hæst er hlutfall þeirra sem segjast geta dregið úr neyslu eða 40,5% kvenna og 41,2% karla. Hlutfall þeirra sem töldu sig geta tekið út sparnað var svipað hátt eða 38,6% kvenna og 43,5% karla. Hlutfallslega

fleiri karlar (33,2%) en konur (32,2%) töldu sig geta tekið yfirdrátt en á móti töldu hlutfallslega fleiri konur (26,9%) en karlar (24,7%) sig geta fengið lán hjá fjölskyldu eða vinum. Hlutfallslega fleiri karlar (7,9% og 11,6%) en konur (7,8% og 9,9%) töldu sig geta tekið smálán eða önnur lán.

Þegar litið er til fjölskyldustöðu sést að hlutfall einstæðra foreldra sem gætu tekið út sparnað er lægst meðal svarenda en 23,2% einstæðra mæðra og 25% einstæðra feðra gætu brugðist við með þeim hætti. Að sama skapi gætu 28,8% einstæðra mæðra og 38,9% einstæðra feðra dregið úr neyslu.

**Tafla 11**. *Leiðir til að bregðast við ef skortir hálf mánaðarlaun eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Tekið út sparnað* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 33,1% | 48,5% | 23,2% | 37,2% | 38,6% | 0,000** |
| Karlar | 37,0% | 52,5% | 25,0% | 41,2% | 43,5% | 0,000** |
| *Fengið lán hjá fjölskyldu/vinum* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 31,0% | 16,6% | 41,2% | 32,2% | 26,9% | 0,000** |
| Karlar | 32,1% | 14,9% | 36,8% | 28,5% | 24,7% | 0,000** |
| *Tekið yfirdrátt* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 40,7% | 25,9% | 35,7% | 28,0% | 32,2% | 0,000** |
| Karlar | 43,3% | 28,7% | 30,0% | 25,2% | 33,2% | 0,000** |
| *Tekið smálán* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 11,0% | 3,4% | 13,2% | 8,1% | 7,8% | 0,000** |
| Karlar | 10,5% | 3,4% | 12,6% | 10,9% | 7,9% | 0,000** |
| *Tekið önnur lán* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 12,9% | 6,7% | 12,2% | 9,6% | 9,9% | 0,000** |
| Karlar | 17,6% | 7,5% | 13,3% | 8,8% | 11,6% | 0,000** |
| *Dregið úr neyslu* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 46,2% | 40,2% | 28,8% | 37,4% | 40,5% | 0,000** |
| Karlar | 47,8% | 36,4% | 38,9% | 39,8% | 41,2% | 0,000** |
| *Veit ekki* | | | | | | *N* = 7671 |
| Konur | 12,1% | 8,9% | 16,9% | 14,1% | 11,8% | 0,000** |
| Karlar | 11,4% | 7,1% | 13,5% | 11,8% | 9,9% | 0,000** |

Tafla 12 sýnir hlutfall launafólks sem hefur tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, önnur skammtímalán og endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu á síðastliðnum 12 mánuðum. Hæst er hlutfall launafólks sem hefur tekið yfirdrátt (27,4% kvenna og 26,8% karla). Næstalgengast var að þátttakendur hefðu tekið út séreignarsparnað (16,8% kvenna og 20,2% karla). Nokkuð lægra hlutfall hafði tekið önnur skammtímalán (10,9% kvenna og 11,4% karla),

smálán (10,9% kvenna og 11,4% karla) eða endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu (8,3% kvenna og 9% karla).

Hlutfall einstæðra foreldra sem hafði tekið yfirdrátt á síðustu 12 mánuðum var hæst meðal þeirra fjölskyldugerða sem greindar voru (38,6% kvenna og 37,5% karla) og sama átti við um töku smálána (14,7% kvenna og 16,7% karla) og annarra skammtímalána (19,6% kvenna og 15,6% karla).

**Tafla 12**. *Hlutfall þeirra sem síðastliðið ár hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Tekið út séreignarsparnað* | | | | | | *N* = 7656 |
| Konur | 19,5% | 13,8% | 22,7% | 15,2% | 16,8% | 0,000** |
| Karlar | 22,3% | 20,3% | 14,9% | 17,8% | 20,2% | 0,000** |
| *Tekið yfirdrátt* | | | | | | *N* = 7656 |
| Konur | 36,2% | 19,5% | 38,6% | 22,1% | 27,4% | 0,000** |
| Karlar | 35,0% | 19,4% | 37,5% | 24,8% | 26,8% | 0,000** |
| *Tekið smálán* | | | | | | *N* = 7656 |
| Konur | 9,0% | 2,5% | 14,7% | 6,2% | 6,6% | 0,000** |
| Karlar | 7,9% | 2,7% | 16,7% | 7,8% | 6,2% | 0,000** |
| *Tekið önnur skammtímalán* | | | | | | *N* = 7656 |
| Konur | 14,2% | 6,1% | 19,6% | 9,8% | 10,9% | 0,000** |
| Karlar | 15,0% | 7,1% | 15,6% | 12,7% | 11,4% | 0,000** |
| *Endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu* | | | | | | *N* = 7656 |
| Konur | 11,1% | 7,2% | 6,8% | 6,6% | 8,3% | 0,000** |
| Karlar | 14,9% | 7,7% | 2,2% | 3,0% | 9,0% | 0,000** |

Þátttakendur voru beðnir um að svara hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri en fyrir ári og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 13, greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu. Stærstur hópur svarenda segir fjárhagsstöðu sína vera þá sömu og fyrir ári (46,5% kvenna og 46% karla). Hærra hlutfall kvenna býr við nokkuð eða mun verri fjárhagsstöðu (25,6% á móti 22,5%). Að sama skapi metur hærra hlutfall karla fjárhagsstöðu sína betri en fyrir ári (31,6% á móti 27,9).

Alls búa 37,2% einstæðra mæðra og 30,2% einstæðra feðra við nokkuð eða mun verri fjárhagsstöðu en fyrir ári. Hins vegar var hlutfall einstæðra karla hæst meðal þeirra sem meta fjárhagsstöðu sína mun eða nokkuð betri (34,9%) en næst á eftir þeim koma karlar í sambúð (31%) og karlar í sambúð með börn (30,9%).

**Tafla 13.** *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Mun betri | 6,5% | 7,8% | 6,7% | 5,5% | 6,8% | *N* = 4322 |
| Nokkuð betri | 20,7% | 21,2% | 19,7% | 22,1% | 21,1% | |
| Eins og fyrir ári | 44,4% | 52,8% | 36,3% | 43,7% | 46,5% | |
| Nokkuð verri | 21,6% | 14,8% | 25,5% | 21,1% | 19,4% | |
| Mun verri | 6,8% | 3,4% | 11,7% | 7,5% | 6,2% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Mun betri | 6,6% | 7,4% | 5,5% | 8,6% | 7,3% | *N* = 3351 |
| Nokkuð betri | 24,3% | 23,6% | 20,9% | 26,3% | 24,3% | |
| Eins og fyrir ári | 44,2% | 50,8% | 43,4% | 40,5% | 46,0% | |
| Nokkuð verri | 19,1% | 15,5% | 15,6% | 17,9% | 17,3% | |
| Mun verri | 5,7% | 2,8% | 14,6% | 6,6% | 5,2% | |

Barnafólk var beðið um að svara hvort fjárskortur síðastliðna 12 mánuði hefði komið í veg fyrir að það gæti meðal annars greitt leikskólagjöld, frístund, skólamáltíðir, skipulagðar tómstundir og nauðsynlegan fatnað fyrir börnin sín. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 14, greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

Þegar litið er til fjölskyldustöðu sést að meðal þeirra sem ekki hafa getað greitt fyrir einhverja þeirra þátta sem fram koma í töflunni er hlutfallið hæst meðal einstæðra mæðra. Töluverður munur kemur fram á milli einstæðra foreldra og foreldra í sambúð. Mestan mun milli einstæðra foreldra og foreldra í sambúð má finna í tengslum við að geta ekki greitt fyrir skipulagðar tómstundir (18,3% á móti 9,6%), nauðsynlegan fatnað (24,4% á móti 12,1%), nægilega næringarríkan mat (18,6% á móti 9,6%) og skólamáltíðir (11,7% á móti 4,5%).

**Tafla 14**. *Hlutfall þeirra sem telja fjárskort síðastliðna 12 mánuði hafa komið í veg fyrir að hægt sé að greiða eftirfarandi fyrir börnin sín, greint eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með börn á heimili | Einstæðir foreldrar | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Leikskólagjöld* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 3,6% | 4,8% | 3,9% | 0,000** |
| Karlar | 4,7% | 4,6% | 4,7% | 0,823 |
| *Fyrir frístundaheimili* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 3,3% | 4,7% | 3,6% | 0,057 |
| Karlar | 4,3% | 7,4% | 4,6% | 0,000** |
| *Skólagjöld í framhaldsskóla* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 1,3% | 4,1% | 1,9% | 0,000** |
| Karlar | 1,7% | 1,4% | 1,7% | 0,222 |
| *Skólabækur eða annan námskostnað* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 1,7% | 7,6% | 3,0% | 0,000** |
| Karlar | 2,3% | 3,8% | 2,4% | 0,000** |
| *Mat í skóla (í gegnum mataráskrift)* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 4,5% | 13,8% | 6,6% | 0,000** |
| Karlar | 4,5% | 9,6% | 5,0% | 0,000** |
| *Skipulagðar tómstundir* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 9,5% | 20,3% | 11,9% | 0,000** |
| Karlar | 9,6% | 16,4% | 10,4% | 0,000** |
| *Skólaferðalög* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 1,6% | 8,7% | 3,2% | 0,000** |
| Karlar | 2,6% | 5,1% | 2,9% | 0,000** |
| *Nauðsynlegan fatnað* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 12,7% | 26,1% | 15,7% | 0,000** |
| Karlar | 11,6% | 22,7% | 12,8% | 0,000** |
| *Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa* | | | | *N* = 3484 |
| Konur | 12,3% | 23,6% | 14,8% | 0,000** |
| Karlar | 7,0% | 13,5% | 7,7% | 0,000** |

#### 3.1.2.1 Fjárhagsleg staða félaga eftir menntun

Hér er fjárhagsleg staða félaga greind eftir menntun og kyni. Tafla 15 sýnir atvinnutekjur fyrir skatta. Mun hærra hlutfall kvenna en karla er með atvinnutekjur undir 300 þúsund krónum á mánuði (11,9% á móti 6,5%) og tekjur á bilinu 301-500 þúsund krónur (34,2% á móti 22,4%). Svipað hlutfall kvenna og karla er með tekjur á bilinu 501-700 þúsund krónur (26,6% og 24,7%). Að sama skapi er hærra hlutfall karla með 701-900 þúsund krónur (19,9% á móti 14,3%) og hærri en 901 þúsund króna atvinnutekjur (21,7% á móti 7,5%).

Ef litið er til menntunar sést mikill munur á launum kvenna og karla með menntun á grunnskólastigi, 21,5% kvenna eru með lægri en 300 þúsund króna atvinnutekjur á mánuði en 9,4% karla. Þá eru 69,9% kvenna með menntun á grunnskólastigi með 500 þúsund krónur eða minna í laun en hlutfallið er mun lægra meðal karla með menntun á grunnskólastigi eða 46,3%. 20,6% kvenna með menntun á grunnskólastigi eru með 501 þúsund eða hærri atvinnutekjur á mánuði en 48,1% karla með menntun á grunnskólastigi.

Mun hærra hlutfall kvenna en karla með stúdentspróf er með 300 þúsund krónur eða lægri atvinnutekjur á mánuði (17,5% á móti 7,7%) og tekjur á bilinu 301-500 þúsund krónur (45,2% á móti 34,3%). Að sama skapi er hærra hlutfall karla með stúdentspróf með atvinnutekjur á bilinu 501-700 þúsund krónur (30,1% á móti 24,7) og hærri en 701 þúsund krónur (21,7% á móti 6,7%).

Hærra hlutfall kvenna en karla með starfstengda menntun á framhaldsskólastigi er með 300 þúsund krónur eða minna í atvinnutekjur (15,1% á móti 5%) og á bilinu 301-500 þúsund krónur (43,7% á móti 28%). Hærra hlutfall karla en kvenna er með tekjur á bilinu 501-700 þúsund krónur (30,1% á móti 27,7%) og hærri en 701 þúsund krónur (28,3% á móti 9%).

Sams konar kynjamunur er til staðar meðal kvenna og karla með iðnmenntun. Mun hærra hlutfall kvenna en karla með iðnmenntun er með 300 þúsund krónur eða minna í atvinnutekjur (17,6% á móti 5%) sem og með atvinnutekjur á bilinu 301-500 þúsund krónur (42,1% á móti 22,5%). Hærra hlutfall karla er með tekjur á bilinu 501-700 þúsund krónur (36,4% á móti 25,8%) og mun hærra hlutfall karla er með tekjur yfir 701 þúsund krónum (29,2% á móti 6,9%).

Hlutfall kvenna með menntun á háskólastigi með tekjur sem eru 300 þúsund krónur eða lægri er hærra en karla (11,9% á móti 6,5%) sem og meðal þeirra sem eru með atvinnutekjur á bilinu 301-500 þúsund krónur (34,2% á móti 22,4%) og 501-700 þúsund krónur (26,6% á móti 24,7%). Mun hærra hlutfall karla með menntun á háskólastigi er með hærri atvinnutekjur en 701 þúsund krónur (41,6% á móti 21,8%).

**Tafla 15.** *Atvinnutekjur fyrir skatta eftir kyni og menntun.*

| | Grunnskóli | Stúdentspróf | Starfstengt nám á framhaldskólastigi | Iðnnám | Háskólanám | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,00** |
| ≤ 300 þús.kr. | 21,5% | 17,5% | 15,1% | 17,6% | 11,9% | *N* = 4402 |
| 301-500 þús.kr. | 48,4% | 45,2% | 43,7% | 42,1% | 34,2% | |
| 501-700 þús.kr. | 16,5% | 24,7% | 27,7% | 25,8% | 26,6% | |
| 701-900 þús.kr. | 2,9% | 6,0% | 6,7% | 5,5% | 14,3% | |
| 901-1.100 þús.kr | 0,8% | 0,6% | 2,1% | 1,3% | 3,9% | |
| ≥ 1.100 þús.kr. | 0,4% | 0,1% | 0,2% | 0,1% | 3,6% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,00** |
| ≤ 300 þús.kr. | 9,4% | 7,7% | 5,0% | 5,0% | 6,5% | *N* = 3373 |
| 301-500 þús.kr. | 36,9% | 34,3% | 28,0% | 22,5% | 22,4% | |
| 501-700 þús.kr. | 29,3% | 30,1% | 30,1% | 36,4% | 24,7% | |
| 701-900 þús.kr. | 12,7% | 12,1% | 13,5% | 19,5% | 19,9% | |
| 901-1.100 þús.kr. | 4,3% | 8,7% | 9,8% | 6,9% | 12,7% | |
| ≥ 1.100 þús.kr. | 1,8% | 0,9% | 5,0% | 2,8% | 9,0% | |
| *Allir* | | | | | | 0,00** |
| ≤ 300 þús.kr. | 14,8% | 13,4% | 11,3% | 7,6% | 9,5% | *N* =7775 |
| 301-500 þús.kr. | 42,1% | 40,5% | 37,8% | 26,6% | 28,9% | |
| 501-700 þús.kr. | 23,6% | 27,0% | 28,6% | 34,2% | 25,7% | |
| 701-900 þús.kr. | 8,3% | 8,6% | 9,3% | 16,6% | 16,8% | |
| 901-1.100 þús.kr. | 2,7% | 4,0% | 5,0% | 5,7% | 7,9% | |
| ≥ 1.100 þús.kr. | 1,2% | 0,5% | 2,0% | 2,2% | 6,1% | |

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan ASÍ og BSRB á með að ná endum saman eftir kyni og menntun eru birtar í töflu 16.

Þegar litið er til hlutfalls þeirra karla sem eiga mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman sést að hlutfall þeirra er lægst meðal karla með menntun á grunnskólastigi (64,5%), næstlægst meðal þeirra með stúdentspróf (67,8%), svo meðal þeirra sem eru með starfstengt nám á framhaldsskólastigi (71,4%), þar á eftir meðal þeirra sem eru með iðnmenntun (73,9%) og loks er hæst hlutfall karla með menntun á háskólastigi sem eiga auðvelt með að ná endum saman (74,9%). Ef litið er til kvenna er ekki um sama mynstur að ræða. Lægsta hlutfall kvenna sem á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman er meðal kvenna sem eru með iðnmenntun (63,1%) þar á eftir eru konur með stúdentspróf (64,9%), þá konur með

starfstengt nám á framhaldsskólastigi (65,6%), konur með menntun á háskólastigi (68,1%) en sá hópur sem á hlutfallslega best með að ná endum saman eru konur með menntun á grunnskólastigi (69,6%).

**Tafla 16**. *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og menntun.*

| | Grunnskóli | Stúdentspróf | Starfstengt nám á framhaldsskólastigi | Iðnnám | Háskólanám | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,00** |
| Mjög auðvelt | 15,7% | 12,3% | 11,8% | 8,2% | 12,0% | *N* = 4383 |
| Auðvelt | 18,6% | 15,8% | 16,4% | 13,3% | 17,1% | |
| Nokkuð auðvelt | 35,3% | 36,8% | 37,4% | 41,6% | 39,0% | |
| Nokkuð erfitt | 19,6% | 25,1% | 21,3% | 28,8% | 21,9% | |
| Erfitt | 5,8% | 6,7% | 8,8% | 3,5% | 6,5% | |
| Mjög erfitt | 4,9% | 3,3% | 4,3% | 4,6% | 3,4% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,00** |
| Mjög auðvelt | 10,0% | 14,0% | 13,8% | 18,8% | 18,0% | *N* = 3378 |
| Auðvelt | 13,4% | 17,8% | 15,8% | 18,9% | 19,7% | |
| Nokkuð auðvelt | 41,1% | 36,0% | 41,8% | 36,2% | 37,2% | |
| Nokkuð erfitt | 24,8% | 22,9% | 24,0% | 17,8% | 18,4% | |
| Erfitt | 6,6% | 5,9% | 2,2% | 3,6% | 4,6% | |
| Mjög erfitt | 4,2% | 3,4% | 2,4% | 4,7% | 2,1% | |

Tafla 17 sýnir byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir eftir kyni og menntun. Hlutfallslega fleiri konur (27,1%) en karlar (24,8%) telja rekstur húsnæðis vera þunga byrði. Hæst hlutfallið hjá bæði konum og körlum (49,8% og 51,9%) sem telja rekstur húsnæðis vera nokkra byrði og er hlutfallið mjög svipað milli kynja. Að sama skapi er hlutfall þeirra karla og kvenna (23,3% og 23,1%) sem telja byrðina enga mjög svipað.

Þegar litið er til byrðarinnar við rekstur húsnæðis eftir menntunarstigi má sjá að hæst hlutfall þeirra sem telja byrðina þunga eru konur sem lokið hafa iðnnámi (34,3%), einnig er hlutfall bæði kvenna og karla sem telja byrðina þunga hæst meðal þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi (31,7% og 32,3%). Þó virðist sem heilt á litið að menntun sé ekki mjög góð skýribreyta fyrir þessa spurningu þar sem staðan er nokkuð lík óháð menntunarstigi.

**Tafla 17**. *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og menntun.*

| | Grunnskóli | Stúdents-próf | Starfstengt nám á framhaldsskólastigi | Iðnnám | Háskólanám | Óháð menntun | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | | 0,00** |
| Þung byrði | 20,9% | 31,7% | 23,2% | 34,3% | 28,6% | 27,1% | *N* = 4368 |
| Nokkur byrði | 51,4% | 46,8% | 54,0% | 46,3% | 49,4% | 49,8% | |
| Engin byrði | 27,7% | 21,5% | 22,8% | 19,4% | 22,0% | 23,1% | |
| *Karlar* | | | | | | | 0,00** |
| Þung byrði | 25,4% | 32,3% | 26,3% | 19,9% | 25,1% | 24,8% | *N* = 3370 |
| Nokkur byrði | 53,4% | 46,1% | 53,4% | 51,6% | 53,6% | 51,9% | |
| Engin byrði | 21,3% | 21,6% | 20,3% | 28,5% | 21,3% | 23,3% | |

Tafla 18 sýnir hlutfall þeirra sem gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Hlutfallslega fleiri karlar en konur með menntun á grunnskólastigi (48,2% á móti 46,4%), stúdentspróf (57,5% á móti 43,6%), starfstengt nám á framhaldsskólastigi (60,9% á móti 50,2%), iðnám (67,6% á móti 40,6%) og háskólastigi (66% á móti 54,3%) gætu mætt slíkum útgjöldum.

**Tafla 18**. *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og menntun.*

| | Grunnskóli | Stúdentspróf | Starfstengt nám á framhaldsskólastigi | Iðnnám | Háskólanám | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,00** |
| Já | 46,4% | 43,6% | 50,2% | 40,6% | 54,3% | *N* = 4312 |
| Nei | 42,5% | 45,5% | 39,5% | 47,3% | 35,6% | |
| Veit ekki | 11,1% | 10,8% | 10,3% | 12,2% | 10,1% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,00** |
| Já | 48,2% | 57,5% | 60,9% | 67,6% | 66,0% | *N* = 3340 |
| Nei | 41,9% | 32,7% | 25,2% | 27,3% | 24,7% | |
| Veit ekki | 9,9% | 9,8% | 13,9% | 5,2% | 9,3% | |

#### *3.1.2.2 Fjárhagsleg staða félaga 2021 og 2022 – samanburður*

Fjárhagsspurningarnar sem lagðar voru fyrir í þessari könnun eru að hluta til þær sömu og lagðar voru fyrir í sömu könnun meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB á síðasta ári og eru niðurstöðurnar því samanburðarhæfar (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021). Í töflunum hér á eftir eru bornar saman niðurstöðurnar úr könnunum

tveimur hvað varðar að ná endum saman, skort á efnislegum gæðum, hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi, ættingjum/vinum, hjálparsamtökum og mataraðstoð.

Tafla 19 sýnir að hærra hlutfall kvenna og karla á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman nú en fyrir ári. Nú eiga 10,8% kvenna erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman en hlutfallið var 8,6% á síðasta ári. Munurinn er enn meiri meðal karla en nú eiga 8,4% erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman samanborið við 4,1% árið 2021. Að sama skapi er lægra hlutfall kvenna sem á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman nú (67%) en fyrir ári (72,6%) og sama á við um karla nú (70,5%) samanborið við fyrra ár (80,5%).

**Tafla 19.** *Samanburður á hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman 2021 og 2022.*

| *Konur* | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| Mjög auðvelt/auðvelt | 32,6% | 29,3% |
| Nokkuð auðvelt | 40,0% | 37,7% |
| Nokkuð erfitt | 18,6% | 22,5% |
| Erfitt/mjög erfitt | 8,6% | 10,8% |
| *Karlar* | | |
| Mjög auðvelt/auðvelt | 43,5% | 32,5% |
| Nokkuð auðvelt | 37,0% | 38,0% |
| Nokkuð erfitt | 15,4% | 21,2% |
| Erfitt/mjög erfitt | 4,1% | 8,4% |

Þegar borið er saman hlutfall launafólks sem hefur ekki efni á þeim níu þáttum sem saman mæla skort á efnislegum gæðum sést að staða launafólks er verri árið 2022 en fyrir ári á nánast öllum mælikvörðum, líkt og sjá má á töflu 20. Hærra hlutfall kvenna og karla hafði ekki efni á árlegu sumarfríi (22% og 16,4% á móti 167% og 10%), getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (26% og 22,5% á móti 22,1% og 15,3%), hefur ekki efni á kjöt-, fisk eða sambærilegri grænmetismáltíð (5,9% og 4,4% á móti 4,3% og 2,3%), sjónvarpstæki (2,4% og 2,2% á móti 1,8% og 1,7%), þvottavél (2,5% og 2,4% á móti 1,4% og 1,8%) og bíl (9,2% og 8% á móti 5,8% og 4,3%) miðað við fyrra ár. Þegar litið er til vanskila á leigu eða lánum sést að staða kvenna hefur batnað en árið 2022 voru 4,2% í vanskilum á leigu eða lánum en hlutfallið var 4,7% árið áður. Staða karla hefur aftur á móti versnað en 5,9% karla eru í vanskilum á leigu eða lánum nú samanborið við 4,2% árið áður.

**Tafla 20.** *Efnislegur skortur eftir kyni 2021 og 2022.*

| | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| *Vanskil á leigu/lánum* | | |
| Konur | 4,7% | 4,2% |
| Karlar | 4,2% | 5,9% |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | |
| Konur | 16,7% | 22,0% |
| Karlar | 10,0% | 16,4% |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | |
| Konur | 4,3% | 5,9% |
| Karlar | 2,3% | 4,4% |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | |
| Konur | 22,1% | 26,0% |
| Karlar | 15,3% | 22,5% |
| *Ekki efni á síma* | | |
| Konur | 0,8% | 0,8% |
| Karlar | 0,5% | 1,4% |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | |
| Konur | 1,8% | 2,4% |
| Karlar | 1,7% | 2,2% |
| *Ekki efni á þvottavél* | | |
| Konur | 1,4% | 2,5% |
| Karlar | 1,8% | 2,4% |
| *Ekki efni á bíl* | | |
| Konur | 5,8% | 9,2% |
| Karlar | 4,3% | 8,0% |
| *Ekki nægileg upphitun* | | |
| Konur | 0,7% | 0,7% |
| Karlar | 0,3% | 1,2% |

Ef litið er til fjölda þátta sem mæla efnislegan skort sést að hlutfall kvenna og karla sem ekki búa við skort á neinum þeirra efnislegu gæða sem mæld eru hefur lækkað á milli ára (61,5% og 67,6% á móti 65,5% og 74,2%), líkt og sjá má á töflu 21. Fjölgað hefur í hópi kvenna og karla sem búa við skort á einum efnislegum gæðum (17,7% og 15,7% á móti 17,5% og 12,8%), tvenns konar (11,8% og 9,1% á móti 8,5% og 6,3%) og þrenns konar eða fleirum (9,1% og 7,9% á móti 8,5% og 6,6%). Þau sem hafa ekki efni á þremur eða fleiri mældra þátta búa við skort á efnislegum gæðum.

**Tafla 21**. *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á 2021 og 2022.*

| | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| *Enginn* | | |
| Konur | 65,5% | 61,5% |
| Karlar | 74,2% | 67,3% |
| *Einn* | | |
| Konur | 17,5% | 17,7% |
| Karlar | 12,8% | 15,7% |
| *Tveir* | | |
| Konur | 8,5% | 11,8% |
| Karlar | 6,3% | 9,1% |
| *Þrír eða fleiri* | | |
| Konur | 8,5% | 9,1% |
| Karlar | 6,6% | 7,9% |

#### *3.1.2.3 Fjárhagsleg staða félaga - samantekt*

Niðurstöður könnunarinnar sýnir að mun hærra hlutfall kvenna en karla er með atvinnutekjur undir 500 þúsund krónum á mánuði. Ríflega þrír af hverjum tíu eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman. Tæplega einn af hverjum tíu félögum búa við skort á efnislegum gæðum. Ríflega fjórar af hverjum tíu vinnandi konum og þrír af hverjum tíu vinnandi körlum gætu ekki mætt 80.000 kr. óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar og hafa þrír af hverjum tíu tekið yfirdrátt á síðustu 12 mánuðum.

Staða einstæðra foreldra mælist verst á öllum þáttum sem notaðir voru til að meta fjárhagsstöðu. Ríflega sex af hverjum tíu einstæðum foreldrum á vinnumarkaði eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman. Skortur á efnislegum gæðum er mestur hjá einstæðum mæðrum en ríflega tvær af hverjum tíu búa við efnislegan skort. Að sama skapi eru einstæðar mæður sá hópur sem hvað tíðast býr við húsnæðiskostnað sem er þung byrði. Einstæðir foreldrar eru sá hópur sem algengast er að hafi þurft að neita börnum sínum um þátttöku í skipulögðum tómstundum vegna fjárskorts á síðastliðnu ári. Rúmlega tvær af hverjum tíu einstæðum mæðrum hafa ekki getað veitt börnunum sínum eins næringarríkan mat og þær telja þau þurfa og tæplega þrjár af hverjum tíu hafa ekki getað keypt nauðsynlegan klæðnað fyrir börnin sín.

Þegar fjárhagsstaða er skoðuð eftir menntun sést að mun hærra hlutfall kvenna en karla með menntun á grunnskólastigi, stúdentspróf, starfstengt nám á framhaldsskólastigi, iðnnám og nám á háskólastigi er með minna en 500 þúsund krónur í atvinnutekjur á mánuði.

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru bornar saman við sömu könnun sem lögð var fyrir launafólk innan ASÍ og BSRB fyrir ári kemur í ljós að hærra hlutfall launafólks á nokkuð erfitt,

erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman nú en árið 2021. Auk þess býr hærra hlutfall launafólks við skort á efnislegum gæðum nú samanborið við árið áður.

#### *3.1.2.4 Financial standing - Summary*

The survey results show that women are much more likely than men to have a salary under 500,000 ISK per month. Just over three out of 10 find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet. Almost one out of 10 members suffer material deprivation. Just over four out of 10 working women, and three out of 10 working men are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK without going into debt, and three out of 10 have taken a bank overdraft in the last 12 month.

Single parents score the lowest in all the components used to measure financial standing. Just over six out of 10 single parents in the labour market find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet. Material deprivation is most common among single mothers, as just over two out of 10 single mothers report material deprivation. Furthermore, single mothers are more likely to have a burdensome housing cost than others. Single parents are the group most likely to have had to deny their children of taking part in organised recreational activities in the past year. Just over two out of 10 single mothers have not been able to give their children sufficiently nutritious food, and almost three out of 10 have not been able to buy necessary clothing for their children.

When looking at financial standing in relation to level of education, we see women with primary school, secondary school, vocational or university level education are more likely than men with the same level of education to have a salary less than 500,000 per month.

When we compare the survey results to the same survey conducted one year ago among workers within ASÍ and BSRB, we see that more workers find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet now than in 2021. Furthermore, more workers suffer material deprivation now than one year ago.

### 3.1.3 Staða launafólks á húsnæðismarkaði

Hér á eftir verður staða félaga á húsnæðismarkaði innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB skoðuð. Fyrst er skoðað í hvers konar húsnæði félagarnir búa, hversu oft þeir hafa flutt eða skipt um húsnæði undanfarin fimm ár og hvernig þeir meta húsnæðisöryggi sitt.

Tafla 22 sýnir að meirihluti félagsfólks býr í eigin húsnæði (66,1% kvenna og 66,8% karla). Nokkuð lægra hlutfall er í húsnæði á almennum leigumarkaði (21,2% kvenna og 22,4% karla) og

mun lægra hlutfall í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (5,6% kvenna og 4,2% karla). Mikill munur er á stöðu á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldustöðu. Mikill meirihluti barnafólks í sambúð býr í eigin húsnæði (78,6% kvenna og 78,5% karla) og sama má segja um sambúðarfólk (75,3% kvenna og 77,4% karla). Hins vegar eru eingöngu 33,4% einstæðra mæðra og 25,5% einstæðra feðra í eigin húsnæði. Sá hópur sem er hlutfallslega oftast í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði eru einstæðir feður (51,9%) en einstæðar mæður eru sá hópur sem algengast er að búi í húsnæði óhagnaðardrifinna leigusamtaka (15,6%).

**Tafla 22.** *Staða launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 78,6% | 75,3% | 33,4% | 44,7% | 66,1% | *N* = 4295 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 14,7% | 17,4% | 34,2% | 32,6% | 21,2% | |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 3,8% | 2,7% | 15,6% | 8,7% | 5,6% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 2,4% | 2,8% | 15,7% | 12,6% | 5,9% | |
| Annað | 0,4% | 1,8% | 1,1% | 1,4% | 1,2% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 78,5% | 77,4% | 25,5% | 34,9% | 66,8% | *N* = 3334 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 15,9% | 15,3% | 51,9% | 41,3% | 22,4% | |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 2,5% | 3,5% | 3,1% | 8,6% | 4,2% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 3,0% | 2,6% | 17,5% | 11,7% | 5,3% | |
| Annað | 0,1% | 1,2% | 2,1% | 3,4% | 1,3% | |

Tafla 23 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum félagarnir hafa flutt eða skipt um húsnæði. Flestir hafa aldrei skipt um húsnæði á tímabilinu (45,9% kvenna og 48% karla) og næstir eru þeir sem hafa flutt einu sinni (26,8% kvenna og 27% karla). Einhleypar konur og karlar eru sá hópur sem oftast hefur skipt um húsnæði (4% kvenna og 2,9% karla).

**Tafla 23.** *Hversu oft flutt/skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Aldrei | 44,8% | 55,6% | 33,2% | 36,6% | 45,9% | *N* = 4300 |
| Einu sinni | 31,6% | 22,3% | 29,4% | 26,0% | 26,8% | |
| Tvisvar | 12,3% | 9,5% | 17,2% | 14,4% | 12,2% | |
| Þrisvar | 6,6% | 6,6% | 13,3% | 10,3% | 8,0% | |
| Fjórum sinnum | 2,7% | 2,4% | 3,5% | 4,9% | 3,1% | |
| Fimm sinnum | 1,3% | 2,1% | 2,3% | 3,9% | 2,2% | |
| Sex sinnum eða oftar | 0,9% | 1,5% | 1,1% | 4,0% | 1,8% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Aldrei | 43,5% | 59,7% | 25,7% | 38,0% | 48,0% | *N* = 3336 |
| Einu sinni | 33,7% | 21,1% | 26,1% | 27,3% | 27,0% | |
| Tvisvar | 12,9% | 8,7% | 29,0% | 10,2% | 11,4% | |
| Þrisvar | 5,5% | 4,8% | 12,2% | 11,5% | 6,8% | |
| Fjórum sinnum | 3,1% | 3,4% | 5,2% | 6,4% | 4,0% | |
| Fimm sinnum | 0,8% | 0,7% | 1,1% | 3,8% | 1,4% | |
| Sex sinnum eða oftar | 0,4% | 1,6% | 0,7% | 2,9% | 1,4% | |

Líkt og sýnt er í töflu 24 er meirihluti svarenda mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að hann búi við húsnæðisöryggi (79,5% kvenna og 78,3% karla) en mun lægra hlutfall er frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni (9,7% kvenna og 10,2% karla). Einstæðir foreldrar og einhleypir búa við mun minna húsnæðisöryggi en aðrir hópar.

**Tafla 24.** *Húsnæðisöryggi eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 51,2% | 61,5% | 37,3% | 40,6% | 51,4% | *N* = 4297 |
| Frekar sammála | 31,8% | 24,5% | 28,2% | 28,8% | 28,1% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 10,1% | 7,0% | 17,3% | 15,1% | 10,7% | |
| Frekar ósammála | 4,4% | 4,6% | 8,2% | 9,1% | 5,8% | |
| Mjög ósammála | 2,5% | 2,5% | 9,0% | 6,3% | 3,9% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 44,3% | 61,3% | 27,4% | 40,4% | 49,5% | *N* = 3337 |
| Frekar sammála | 35,0% | 24,6% | 35,2% | 25,1% | 28,8% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 10,65 | 8,1% | 16,9% | 18,0% | 11,4% | |
| Frekar ósammála | 7,4% | 4,4% | 14,2% | 7,6% | 6,5% | |
| Mjög ósammála | 2,8% | 1,5% | 6,3% | 9,0% | 3,7% | |

#### *3.1.3.1 Staða launafólks á húsnæðismarkaði 2021 og 2022 – samanburður*

Líkt og sjá má á töflu 25 hefur staða launafólks á húsnæðismarkaði tekið nokkrum breytingum milli ára. Lægra hlutfall kvenna og karla er í eigin húsnæði (66,1% og 66,8% á móti 72,6% og 71,1%), hærra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði (21,1% og 22,4% á móti 15,9% og 17,9%), hærra hlutfall í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (5,6% og 4,2% á móti 3,8% og 3,4%), lægra hlutfall hjá foreldrum eða ættingjum (5,9% og 5,3% á móti 9,4% og 6,1%) og nokkuð færri falla í hópinn annað (1,2% og 1,3% á móti 1,6% og 1,5%) en árið áður.

**Tafla 25.** *Staða launafólks á húsnæðismarkaði 2021 og 2022.*

| | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| *Eigið húsnæði* | | |
| Konur | 72,6% | 66,1% |
| Karlar | 71,1% | 66,8% |
| *Leiguhúsnæði á almennum markaði* | | |
| Konur | 15,9% | 21,1% |
| Karlar | 17,9% | 22,4% |
| *Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum* | | |
| Konur | 3,8% | 5,6% |
| Karlar | 3,4% | 4,2% |
| *Hjá foreldrum/ættingjum* | | |
| Konur | 9,4% | 5,9% |
| Karlar | 6,1% | 5,3% |
| *Annað* | | |
| Konur | 1,6% | 1,2% |
| Karlar | 1,5% | 1,3% |

#### *3.1.3.2 Staða launafólks á húsnæðismarkaði – samantekt*

Meirihluti launafólks innan ASÍ og BSRB býr í eigin húsnæði og ríflega tveir af hverjum tíu eru í leiguhúsnæði á almennum markaði. Meirihluti launafólks býr við húsnæðisöryggi en sá hópur sem býr við minnst húsnæðisöryggi eru einstæðir foreldrar og einhleypir. Einhleypir eru jafnframt sá hópur sem hefur oftast þurft að skipta um húsnæði á undanförnum fimm árum.

#### *3.1.3.3 Workers in the housing market - Summary*

A majority of workers within ASÍ and BSRB are homeowners and just over two out of 10 rent in the private rental market. A majority of workers report having secure housing, but single parents and single people report the least housing security. Single people are also those who have had to change housing most frequently over the last five years.

### 3.1.4 Starfsumhverfi launafólks

Í könnuninni var spurt um áhrif heimsfaraldursins á álag í starfi og er það greint eftir því hvort þátttakendur starfa hjá hinu opinbera eða í einkageiranum. Auk þess er fjallað um áhrif faraldursins á starfsöryggi, hvort launafólk hefði gengið á orlofsrétt sinn vegna faraldursins og loks hversu oft á síðastliðnum fimm árum félagarnir hefðu tekið sumarfrí í tvær vikur eða meira. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

Félagsfólk var spurt að því hvort álag í starfi hefði aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Tafla 26 sýnir hlutfall svara greint eftir kyni og hvort starfið sé innan

einkageirans eða opinbera geirans. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall þeirra sem telja álag í vinnu hafa aukist mikið er hærra meðal starfsfólks í opinbera geiranum en í einkageiranum (26,6% á móti 16,2%). Hæst er hlutfallið þó meðal kvenna í opinbera geiranum (31,1%). Aftur á móti er hlutfall þeirra sem telja álagið hafa minnkað nokkuð eða mikið hærra meðal starfsfólks einkageirans.

**Tafla 26**. *Álag í starfi aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins eftir kyni og starfsvettvangi.*

| | Starf í einkageiranum | Starf í opinbera geiranum | Óháð starfsvettvangi | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 18,6% | 31,1% | 24,1% | *N* = 4252 |
| Aukist nokkuð | 28,9% | 35,4% | 31,8% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 41,6% | 29,8% | 36,4% | |
| Minnkað nokkuð | 7,3% | 2,4% | 5,1% | |
| Minnkað mikið | 3,6% | 1,3% | 2,6% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 14,6% | 18,6% | 15,5% | *N* = 3270 |
| Aukist nokkuð | 31,0% | 33,9% | 31,7% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 46,5% | 38,6% | 44,7% | |
| Minnkað nokkuð | 5,6% | 4,4% | 5,4% | |
| Minnkað mikið | 2,3% | 4,4% | 2,8% | |
| *Allir* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 16,2% | 26,6% | 19,6% | *N* = 7522 |
| Aukist nokkuð | 30,2% | 34,8% | 31,7% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 44,5% | 33,0% | 40,8% | |
| Minnkað nokkuð | 6,3% | 3,1% | 5,2% | |
| Minnkað mikið | 2,8% | 2,4% | 2,7% | |

Tafla 27 sýnir að hjá meirihluta launafólks hefur heimsfaraldurinn af völdum Covid-19 hvorki aukið né minnkað starfsöryggi (64% kvenna og 63,4% karla). Hlutfall þeirra sem telja starfsöryggi sitt hafa minnkað nokkuð eða mikið (19,8% kvenna og 22,1% karla) er hærra en þeirra sem telja starfsöryggi sitt hafa aukist nokkuð eða mikið (16,3% kvenna og 14,5% karla).

**Tafla 27.** *Starfsöryggi aukist eða minnkað vegna Covid-19 heimsfaraldursins eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 7,2% | 4,5% | 4,0% | 4,6% | 5,4% | *N* = 4309 |
| Aukist nokkuð | 10,2% | 11,4% | 13,3% | 9,8% | 10,9% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 60,9% | 67,0% | 62,0% | 64,4% | 64,0% | |
| Minnkað nokkuð | 12,7% | 10,4% | 12,6% | 10,6% | 11,4% | |
| Minnkað mikið | 9,0% | 6,7% | 8,1% | 10,6% | 8,4% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 4,8% | 3,3% | 3,7% | 3,3% | 3,8% | *N* = 3331 |
| Aukist nokkuð | 11,8% | 7,9% | 15,3% | 13,1% | 10,7% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 61,0% | 69,0% | 52,9% | 58,9% | 63,4% | |
| Minnkað nokkuð | 15,7% | 12,1% | 16,0% | 15,3% | 14,2% | |
| Minnkað mikið | 6,8% | 7,6% | 12,2% | 9,3% | 7,9% | |

Tafla 28 sýnir að meirihluti svarenda er frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að þeir hafi gengið á orlofsrétt sinn vegna Covid-heimsfaraldursins (56,1% kvenna og karla). Nokkuð lægra hlutfall var hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni (29,8% kvenna og 29% karla) og mun lægra hlutfall mjög eða frekar sammála (14% kvenna og 15% karla).

Einstæðir feður voru hlutfallslega flestir þeirra sem voru mjög eða frekar sammála því að þeir hefðu gengið á orlofsrétt sinn (21,6%) en hlutfallið var nokkuð lægra meðal einstæðra mæðra (16,9%). Hlutfall foreldra í sambúð sem var mjög eða frekar sammála því að hafa gengið á orlofsrétt sinn var svipað (16,5% konur á móti 15,9% karla).

**Tafla 28**. *Hlutfall þeirra sem hafa gengið á orlofsrétt sinn vegna heimsfaraldursins eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 7,2% | 4,5% | 8,0% | 4,8% | 5,8% | *N* = 4283 |
| Frekar sammála | 9,3% | 6,7% | 8,9% | 8,9% | 8,2% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 28,8% | 29,2% | 36,4% | 29,45 | 29,8% | |
| Frekar ósammála | 14,1% | 11,0% | 11,5% | 13,9% | 12,7% | |
| Mjög ósammála | 40,5% | 48,5% | 35,3% | 42,9% | 43,4% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 7,2% | 4,7% | 9,6% | 3,9% | 5,7% | *N* = 3321 |
| Frekar sammála | 8,7% | 8,8% | 12,0% | 10,6% | 9,3% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 30,9% | 25,7% | 32,8% | 31,3% | 29,0% | |
| Frekar ósammála | 14,6% | 12,8% | 15,0% | 14,0% | 13,8% | |
| Mjög ósammála | 38,6% | 47,9% | 30,5% | 40,2% | 42,3% | |

Tafla 29 sýnir hversu oft launafólk hefur tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí á síðastliðnum fimm árum eftir kyni og fjölskyldustöðu. Hærra hlutfall kvenna en karla hefur tekið tveggja vikna sumarfrí fimm sinnum eða oftar (41,9% á móti 36,8%) og að sama skapi hafa fleiri karlar en konur aldrei tekið svo langt frí (16,7% á móti 14,7%).

Ef sumarfrístaka er skoðuð með tilliti til fjölskyldustöðu má sjá að hæst hlutfall þeirra sem aldrei hafa tekið tveggja vikna sumarfrí á síðastliðnum fimm árum eru einstæðir feður (29,4%) og einstæðar mæður (24,0%). Lágt hlutfall einstæðra foreldra hefur tekið sumarfrí fimm sinnum eða oftar (20,5% feðra og 27,1% mæðra).

**Tafla 29**. *Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí, meðal launafólks eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Aldrei | 13,1% | 11,0% | 24,0% | 19,3% | 14,7% | *N* = 4315 |
| Einu sinni | 11,6% | 10,8% | 16,0% | 15,8% | 12,6% | |
| Tvisvar | 15,3% | 12,0% | 15,6% | 14,8% | 14,0% | |
| Þrisvar | 11,3% | 9,0% | 9,7% | 9,9% | 10,0% | |
| Fjórum sinnum | 8,6% | 5,7% | 7,5% | 6,0% | 6,9% | |
| Fimm sinnum eða oftar | 40,2% | 51,5% | 27,1% | 34,2% | 41,9% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Aldrei | 15,0% | 13,7% | 29,4% | 22,6% | 16,7% | *N* = 3345 |
| Einu sinni | 12,1% | 7,9% | 13,6% | 21,8% | 12,5% | |
| Tvisvar | 15,0% | 10,7% | 16,9% | 14,6% | 13,3% | |
| Þrisvar | 14,7% | 11,5% | 11,6% | 9,7% | 12,3% | |
| Fjórum sinnum | 8,7% | 10,1% | 8,0% | 5,3% | 8,5% | |
| Fimm sinnum eða oftar | 34,5% | 46,2% | 20,5% | 25,9% | 36,8% | |

#### *3.1.4.1 Starfsumhverfi launafólks – samantekt*

Ríflega helmingur launafólks segir álag í starfi hafa aukist nokkuð eða mikið í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Þetta hlutfall er þó hærra meðal kvenna sem vinna hjá hinu opinbera. Tæplega sjö af hverjum tíu konum sem starfa hjá hinu opinbera segja álag í starfi hafa aukist mikið eða nokkuð í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Ríflega tveir af hverjum tíu körlum telja atvinnuöryggi sitt hafa minnkað nokkuð eða mikið. Einstæðir feður er sá hópur sem algengast er að hafi gengið á orlofsrétt sinn vegna faraldursins en einnig er hæst hlutfallið meðal þeirra sem aldrei hafa tekið sumarfrí á síðastliðnum fimm árum í tvær vikur eða meira.

#### *3.1.4.2 Working conditions - Summary*

Just over a half of workers report a somewhat heavier or much heavier workload after the Covid-19 pandemic. The ratio is higher among women working in the public sector. Almost seven out of 10 women working in the public sector report a much heavier or somewhat heavier workload in the Covid-19 pandemic. Just over two out of 10 men say their job security has decreased somewhat or a lot. Single fathers are those most likely to have used their vacation days due to the pandemic,

but the ratio is also high for those who have never taken a summer vacation that lasts two weeks or more in the last five years.

### 3.1.5 Heilsufar launafólks

Þeir heilsufarsþættir sem notaðir voru til að meta heilsufar voru: sjálfsmat á níu einkennum andlegrar vanlíðanar og heildarmat á andlegri heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum, sjálfsmat á líkamlegri heilsu nú um stundir og hvort fólk hafi neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu og hvort álag í einkalífi hafi aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu. Í undirkafla er fjallað um heilsufar félagsfólks greint eftir menntun og kyni.

Þegar andleg heilsa kvenna og karla er skoðuð þá kemur í ljós að hlutfall kvenna er hærra í sjö af níu spurningunum og heildarskor meðal kvenna einnig hærra eins og sést í töflu 30.
Lítill áhugi eða gleði er við að gera hlutina hjá 7,7% kvenna og 7,4% karla á vinnumarkaði. Þá hafa 6,3% kvenna og 6% karla verið niðurdregin, döpur eða vonlaus, 13,2% kvenna en 11,1% karla hafa átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina, 17,1% kvenna en 11,1% karla hafa fundið fyrir þreytu og orkuleysi, 8,4% kvenna en 5,3% karla hafa upplifað lystarleysi eða ofát, 9,5% kvenna en 8% karla hefur liðið illa með sig og 7,7% kvenna en 5,2% karla hafa átt erfitt með einbeitingu. Aftur á móti hefur hærra hlutfall karla eða 3,2% en 3,1% kvenna hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir taka eftir því eða verið eirðarlaus. Nokkuð hærra hlutfall karla hefur auk þess hugsað að það væri betra ef þeir væru dánir eða hugsað um að skaða sig eða 2,4% en hlutfallið meðal kvenna var 1,6%. Þá búa 30,3% félagskvenna í aðildarfélögum ASÍ og BSRB við slæma andlega heilsu og sama á við um 27,8% karla.

Andleg heilsa einstæðra foreldra er áberandi verst. Slæm andleg heilsa er hjá 46,6% einstæðra feðra og 44,5% einstæðra og sama á við um 39% einhleypra kvenna og 38,5% einhleypra karla. Sú slæma andlega líðan birtist hvað skýrast í háu hlutfalli innan þessara hópa sem hafa hugsað að það væri betra að þau væru dáin eða um að skaða sig á einhvern hátt nánast daglega síðastliðnar tvær vikur. Slíkar hugsanir hafa 5,4% einstæðra feðra haft , 4,9% einhleypra karla, 4,1% einstæðra mæðra og 3,2% einhleypra kvenna.

**Tafla 30**. *Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina* | | | | | | *N* = 7588 |
| Konur | 6,7% | 4,8% | 12,3% | 12,5% | 7,7% | 0,000** |
| Karlar | 7,5% | 4,0% | 15,2% | 12,2% | 7,4% | 0,000** |
| *Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus* | | | | | | *N* = 7594 |
| Konur | 5,8% | 3,3% | 16,3% | 7,9% | 6,3% | 0,000** |
| Karlar | 5,1% | 3,4% | 13,4% | 10,9% | 6,0% | 0,000** |
| *Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | | | *N* = 7618 |
| Konur | 10,9% | 10,3% | 17,7% | 19,8% | 13,2% | 0,000** |
| Karlar | 10,0% | 7,5% | 24,4% | 17,0% | 11,1% | 0,000** |
| *Þreyta og orkuleysi* | | | | | | *N* = 7604 |
| Konur | 15,4% | 14,0% | 25,3% | 21,6% | 17,1% | 0,000** |
| Karlar | 12,7% | 5,8% | 28,8% | 14,9% | 11,1% | 0,000** |
| *Lystarleysi eða ofát* | | | | | | *N* = 7533 |
| Konur | 7,6% | 5,6% | 12,3% | 12,7% | 8,4% | 0,000** |
| Karlar | 6,0% | 3,2% | 8,4% | 7,3% | 5,3% | 0,000** |
| *Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni* | | | | | | *N* = 7602 |
| Konur | 9,2% | 4,5% | 20,1% | 13,8% | 9,5% | 0,000** |
| Karlar | 7,7% | 3,7% | 18,6% | 14,6% | 8,0% | 0,000** |
| *Erfiðleikar með einbeitingu* | | | | | | *N* = 7603 |
| Konur | 7,7% | 4,6% | 13,1% | 10,6% | 7,7% | 0,000** |
| Karlar | 4,9% | 2,7% | 8,5% | 9,6% | 5,2% | 0,000** |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus* | | | | | | *N* = 7588 |
| Konur | 2,7% | 1,5% | 6,0% | 5,0% | 3,1% | 0,000** |
| Karlar | 3,7% | 1,3% | 9,5% | 4,7% | 3,2% | 0,000** |
| *Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt* | | | | | | *N* = 7592 |
| Konur | 0,9% | 0,6% | 4,1% | 3,2% | 1,6% | 0,000** |
| Karlar | 1,6% | 1,5% | 5,4% | 4,9% | 2,4% | 0,000** |
| *Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)* | | | | | | *N* = 7668 |
| Konur | 29,5% | 22,5% | 44,5% | 39,0% | 30,3% | 0,000** |
| Karlar | 27,7% | 18,8% | 46,6% | 38,5% | 27,8% | 0,000** |

Tafla 31 sýnir að 16,2% kvenna og 16% karla meta líkamlegt heilsufar sitt slæmt eða frekar slæmt. Þá segja 33% kvenna og 36,4% karla heilsufar sitt hvorki gott né slæmt og 50,8% kvenna og 47,5% karla segja líkamlegt heilsufar sitt mjög gott eða gott.

**Tafla 31**. *Líkamlegt heilsufar launafólks eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 9,2% | 11,0% | 9,0% | 9,3% | 9,2% | *N* = 4327 |
| Frekar gott | 41,6% | 45,0% | 31,7% | 38,3% | 41,6% | |
| Hvorki gott né slæmt | 33,0% | 29,8% | 39,9% | 31,2% | 33,0% | |
| Frekar slæmt | 14,6% | 13,1% | 17,7% | 18,2% | 14,6% | |
| Mjög slæmt | 1,6% | 1,0% | 1,8% | 2,9% | 1,6% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 11,3% | 15,2% | 13,2% | 10,3% | 11,3% | *N* = 3346 |
| Frekar gott | 36,2% | 45,2% | 32,6% | 36,6% | 36,2% | |
| Hvorki gott né slæmt | 36,4% | 26,3% | 39,7% | 37,6% | 36,4% | |
| Frekar slæmt | 14,0% | 12,6% | 13,0% | 14,1% | 14,0% | |
| Mjög slæmt | 2,0% | 0,8% | 1,6% | 1,4% | 2,0% | |

Tafla 32 sýnir hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu. Niðurstöðurnar sýna að konur reyndust í hærra hlutfalli en karlar hafa neitað sér um alla þá þætti heilbrigðisþjónustu sem spurt var um. Mestur var kynjamunurinn þegar kom að neitun um sálfræðiþjónustu (24,2% kvenna og 15% karla) og sjúkraþjálfun (17,4% kvenna og 12,3% karla).

Þegar staðan er skoðuð með tilliti til fjölskyldustöðu má sjá að einstæðir foreldra standa verst að vígi. Áberandi er hversu hátt hlutfall einstæðra foreldra hefur neitað sér um tannlæknaþjónustu (49,7% mæðra og 49% feðra) en einnig sálfræðiþjónustu (40,4% mæðra og 31% feðra).

**Tafla 32**. *Neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Heilbrigðisþjónustu* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 14,7% | 7,9% | 25,4% | 21,9% | 14,7% | 0,000** |
| Karlar | 14,3% | 7,2% | 23,3% | 18,1% | 12,6% | 0,000** |
| *Að leysa út lyf* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 7,5% | 2,5% | 16,4% | 8,2% | 6,7% | 0,000** |
| Karlar | 5,0% | 4,1% | 21,3% | 10,7% | 6,5% | 0,000** |
| *Tannlæknaþjónustu* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 37,1% | 22,0% | 49,7% | 35,6% | 32,5% | 0,000** |
| Karlar | 35,9% | 20,1% | 49,0% | 36,1% | 30,2% | 0,000** |
| *Geðheilbrigðisþjónustu* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 13,3% | 9,1% | 19,9% | 21,0% | 14,0% | 0,000** |
| Karlar | 11,0% | 5,6% | 15,9% | 17,9% | 10,5% | 0,000** |
| *Þjónustu sérfræðilækna* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 12,3% | 9,3% | 24,7% | 19,9% | 14,0% | 0,000** |
| Karlar | 12,5% | 4,5% | 14,0% | 12,9% | 9,5% | 0,000** |
| *Hjálpartæki (t.d. heyrnartæki og gleraugu)* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 10,8% | 8,8% | 16,1% | 14,1% | 11,3% | 0,000** |
| Karlar | 11,2% | 6,2% | 17,9% | 12,3% | 9,7% | 0,000** |
| *Sálfræðiþjónustu* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 26,2% | 14,6% | 40,4% | 30,5% | 24,2% | 0,000** |
| Karlar | 15,3% | 9,6% | 31,0% | 21,5% | 15,0% | 0,000** |
| *Sjúkraþjálfun* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 18,1% | 11,2% | 25,2% | 23,8% | 17,4% | 0,000** |
| Karlar | 13,7% | 9,7% | 23,5% | 12,7% | 12,3% | 0,000** |
| *Aðra þjónustu* | | | | | | *N* = 7650 |
| Konur | 0,3% | 0,3% | 0,7% | 0,1% | 0,3% | 0,000** |
| Karlar | 0,3% | 0,1% | 0,0% | 0,0% | 0,2% | 0,000** |

Tafla 33 sýnir fjölda þátta heilbrigðisþjónustu sem fólk hefur þurft að neita sér um tekið saman eftir kyni og fjölskyldustöðu. Hæst hlutfall þeirra sem þurft hafa að neita sér um fjóra eða fleiri þætti heilbrigðisþjónustu eru einstæðir foreldrar (21,8% mæðra og 18,1% feðra) og einshleypar konur (18,6%). Að sama skapi er hlutfall þeirra sem ekki hafa þurft að neita sér um neina heilbrigðisþjónustu hæst meðal sambúðarfólks (62,7% kvenna og 68,7% karlar) og foreldra í sambúð (44,0% mæðra og 51,6% feðra) en lægst meðal einstæðra foreldra (25,6% mæðra og 29,2% feðra).

**Tafla 33.** *Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um hvers kyns heilbrigðisþjónustu eftir kyni og fjölskyldustöðu. Samantaldir þættir.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Enginn | 44,0% | 62,7% | 25,6% | 42,7% | 48,8% | *N* = 4316 |
| Einn | 17,9% | 15,6% | 20,1% | 13,7% | 16,4% | |
| Tveir | 14,6% | 8,7% | 16,1% | 11,4% | 11,9% | |
| Þrír | 11,2% | 5,5% | 16,4% | 13,6% | 10,1% | |
| Fjórir eða fleiri | 12,3% | 7,5% | 21,8% | 18,6% | 12,7% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Enginn | 51,6% | 68,7% | 29,2% | 48,1% | 56,7% | *N* = 3334 |
| Einn | 18,0% | 12,9% | 20,5% | 18,6% | 16,2% | |
| Tveir | 12,0% | 9,2% | 22,3% | 9,1% | 10,7% | |
| Þrír | 8,0% | 4,3% | 9,9% | 10,5% | 7,1% | |
| Fjórir eða fleiri | 10,4% | 4,9% | 18,1% | 13,7% | 9,2% | |

Tafla 34 sýnir áhrif heimsfaraldursins á álag í einkalífi með tilliti til kyns og fjölskyldustöðu. Hæst er hlutfall þeirra sem telja álagið hafa hvorki aukist né minnkað í heimsfaraldrinum (49,4% kvenna og 52,6% karla). Meðal þeirra sem telja álagið í einkalífi hafa aukist mikið er hlutfallið hæst meðal einstæðra foreldra (23,3% mæðra og 22,3% feðra). Aftur á móti meðal þeirra sem telja álagið hafa aukist nokkuð er hlutfallið hæst hjá foreldrum í sambúð (36% mæðra og 37,9% feðra).

**Tafla 34**. *Álag í einkalífi aukist eða minnkað í kjölfar heimsfaraldursins eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Óháð fjölskyldustöðu | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 16,1% | 7,6% | 23,3% | 14,0% | 13,2% | *N* = 4322 |
| Aukist nokkuð | 36,0% | 25,4% | 30,2% | 31,4% | 30,6% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 42,5% | 59,7% | 39,7% | 46,4% | 49,4% | |
| Minnkað nokkuð | 3,7% | 5,7% | 4,6% | 6,3% | 5,1% | |
| Minnkað mikið | 1,7% | 1,7% | 2,1% | 1,8% | 1,8% | |
| *Karlar* | | | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 13,2% | 5,6% | 22,3% | 11,5% | 10,2% | *N* = 3339 |
| Aukist nokkuð | 37,9% | 26,9% | 21,1% | 24,7% | 30,1% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 43,8% | 61,5% | 46,8% | 51,6% | 52,6% | |
| Minnkað nokkuð | 3,9% | 3,7% | 6,3% | 6,5% | 4,4% | |
| Minnkað mikið | 1,2% | 2,3% | 3,4% | 5,7% | 2,6% | |

#### 3.1.5.1 Heilsufar launafólks eftir menntun

Þegar andleg heilsa kvenna og karla er skoðuð með tilliti til menntunarstigs má sjá að hæst hlutfall þeirra sem skora 10-27 punkta á heildarkvarðanum og teljast því búa við slæma andlega heilsu eru konur með stúdentspróf (36,2%) og karlar með menntun á grunnskólastigi (33,2%) eins og sést í töflu 35. Þá finna 8,7% kvenna og 10,1% karla með grunnskólamenntun nær daglega lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina en einnig er hlutfallið meðal iðnmenntaðra kvenna nokkuð hátt (9,2%). Hlutfall þeirra sem hafa nær daglega verið niðurdregin, döpur eða vonlaus er hæst meðal kvenna með stúdentspróf (7,9%) og meðal þeirra kvenna sem lokið hafa iðnnámi (7,9%). Hlutfall þeirra sem hafa átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina er hæst hjá körlum með grunnskólamenntun (15,9%) og meðal kvenna með iðnmenntun og stúdentspróf (16,0% og 15,7%). Þreyta og orkuleysi hrjáir frekar konur en karla en hæst er hlutfallið meðal kvenna með stúdentspróf og iðnmenntun (20,4% og 18,3%). Lystarleysi eða ofát er einnig algengara meðal kvenna en karla en 9,9% kvenna sem lokið hafa prófi í iðnnámi telja lystarleysi eða ofát trufla sig nær daglega. Að sama skapi truflar lystarleysi eða ofát 9,8% kvenna með grunnskólamenntun og 9,3% kvenna með stúdentspróf. Hæst hlutfall þeirra sem hefur liðið illa með sjálft sig er meðal

fólks með grunnskólamenntun (11,3% karla og 10,6% kvenna) og fólks með stúdentspróf (10,0% karla og 11,0% kvenna). Hlutfall þeirra sem eiga nær daglega erfitt með einbeitingu er hæst meðal kvenna með stúdentspróf (10,3%) og karla með grunnskólapróf (9,7%). Einnig er hlutfall þeirra sem daglega hafa hreyft sig eða talað svo hægt að tekið sé eftir því eða hið gagnstæða, verið eirðarlaus hæst meðal karla með grunnskólapróf (5,8%). Það sama er að segja um þau sem hugsað hafa nær daglega um að betra væri ef þau væru dáin eða hugsað um að skaða sig. Þar er hlutfallið hæst meðal karla með grunnskólamenntun (3,4%).

**Tafla 35**. *Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og menntun.*

| | Grunnskóli | Stúdentspróf | Starfstengt nám á framhaldsskólastigi | Iðnnám | Háskólanám | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina* | | | | | | *N* =7718 |
| Konur | 8,7% | 7,9% | 6,4% | 9,2% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 10,1% | 7,2% | 4,2% | 7,4% | 6,3% | 0,000** |
| *Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus* | | | | | | *N* = 7723 |
| Konur | 5,6% | 7,9% | 5,7% | 7,9% | 6,4% | 0,000** |
| Karlar | 7,6% | 6,5% | 5,9% | 6,0% | 4,0% | 0,000** |
| *Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | | | *N* = 7748 |
| Konur | 13,4% | 15,7% | 12,5% | 16,0% | 11,3% | 0,000** |
| Karlar | 15,9% | 9,0% | 11,3% | 10,2% | 8,4% | 0,000** |
| *Þreyta og orkuleysi* | | | | | | *N* = 7736 |
| Konur | 16,8% | 20,4% | 15,1% | 18,3% | 16,2% | 0,000** |
| Karlar | 14,8% | 12,7% | 10,8% | 8,4% | 9,6% | 0,000** |
| *Lystarleysi eða ofát* | | | | | | *N* = 7658 |
| Konur | 9,8% | 9,3% | 7,0% | 9,9% | 7,3% | 0,000** |
| Karlar | 6,8% | 5,4% | 4,5% | 4,8% | 4,3% | 0,000** |
| *Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni* | | | | | | *N* = 7731 |
| Konur | 10,6% | 11,0% | 7,3% | 8,2% | 9,6% | 0,000** |
| Karlar | 11,3% | 10,0% | 4,6% | 6,5% | 6,6% | 0,000** |
| *Erfiðleikar með einbeitingu* | | | | | | *N* = 7737 |
| Konur | 6,3% | 10,3% | 6,4% | 9,6% | 7,6% | 0,000** |
| Karlar | 9,7% | 5,2% | 2,7% | 3,5% | 3,2% | 0,000** |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus* | | | | | | *N* = 7717 |
| Konur | 3,3% | 4,4% | 2,8% | 2,3% | 2,5% | 0,000** |
| Karlar | 5,8% | 2,8% | 1,2% | 2,5% | 2,1% | 0,000** |
| *Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt* | | | | | | *N* = 7719 |
| Konur | 1,8% | 1,4% | 1,2% | 1,2% | 2,1% | 0,000** |
| Karlar | 3,4% | 2,1% | 2,1% | 2,9% | 1,1% | 0,000** |
| *Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)* | | | | | | *N* = 7799 |
| Konur | 27,7% | 36,2% | 28,0% | 32,3% | 29,7% | 0,000** |
| Karlar | 33,2% | 27,7% | 23,6% | 23,5% | 19,3% | 0,000** |

Tafla 36 sýnir líkamlega heilsu kvenna og karla með tilliti til menntunarstigs. Hlutfallslega flestir telja líkamlega heilsu sína frekar góða (40,9% kvenna og 39,8% karla) en næsthæst er hlutfall þeirra sem telja líkamlega heilsu sína hvorki góða né slæma (32,3% kvenna og 32,6% karla). Munur eftir menntunarstigi er á heildina litið ekki afgerandi þó má sjá að meðal þeirra kvenna sem telja líkamlega heilsu sína mjög eða frekar góða er hæst meðal þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi (56,7%). Aftur á móti er hlutfall þeirra kvenna sem telja líkamlega heilsu sína frekar eða mjög slæma hæst meðal þeirra sem lokið hafa starfstengdu námi á framhaldsskólastigi. Hlutfall karla sem telja líkamlega heilsu sína mjög eða frekar góða er hæst meðal þeirra sem lokið hafa stúdentsprófi (61,2%) en fast á hæla þeim koma háskólamenntaðir karlar (57,5%). Á hinn bóginn er hlutfall þeirra karla sem telja líkamlega heilsu sína frekar eða mjög slæma hæst meðal þeirra sem lokið hafa grunnskóla (22,4%).

**Tafla 36.** *Líkamlegt heilsufar launafólks eftir kyni og menntun.*

| | Grunnskóli | Stúdents-próf | Starfstengt nám á framhaldsskóla-stigi | Iðnnám | Háskóla-nám | Óháð menntun | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 9,8% | 10,9% | 8,4% | 9,2% | 10,1% | 10,0% | *N* = 4419 |
| Frekar gott | 39,7% | 45,8% | 38,5% | 38,9% | 37,6% | 40,9% | |
| Hvorki gott né slæmt | 31,5% | 30,3% | 32,1% | 33,8% | 34,7% | 32,3% | |
| Frekar slæmt | 16,4% | 12,1% | 19,0% | 15,8% | 16,5% | 15,2% | |
| Mjög slæmt | 2,6% | 0,9% | 2,0% | 2,3% | 1,1% | 1,7% | |
| *Karlar* | | | | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 7,4% | 17,0% | 17,1% | 9,4% | 10,3% | 13,0% | *N* = 3388 |
| Frekar gott | 32,5% | 44,2% | 39,1% | 39,3% | 47,2% | 39,8% | |
| Hvorki gott né slæmt | 37,8% | 24,4% | 31,2% | 39,6% | 34,6% | 32,6% | |
| Frekar slæmt | 20,6% | 13,2% | 11,6% | 9,1% | 6,9% | 13,3% | |
| Mjög slæmt | 1,8% | 1,3% | 1,0% | 2,5% | 1,1% | 1,4% | |

### 3.1.5.2 Heilsufar launafólks 2021 og 2022 – samanburður

Líkt og sjá má á töflu 37 er hlutfall launafólks sem býr við slæma andlega heilsu nú mun hærra en fyrir ári. Nú mælast 30,3% kvenna við slæma andlega heilsu samanborið við 24,6% árið áður. Hlutfall karla nú er 27,8% en var 17,3% fyrir ári. Hærra hlutfall upplifir nú sjö af níu aðspurðum þáttum samanborið við fyrra ár. Þá eiga 13,2% kvenna og 11,1% karla erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina en var11,6% og 6,7% árið áður. Nú finnur 17,1% kvenna og 11,1% karla fyrir þreytu og orkuleysi en hlutfallið var 14,6% og 8,9% 2021.

**Tafla 37.** *Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum 2021 og 2022.*

| | 2021 | 2022 |
|---|---|---|
| *Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina* | | |
| Konur | 6,3% | 77% |
| Karlar | 5,1% | 7,4% |
| *Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus* | | |
| Konur | 4,1% | 6,3% |
| Karlar | 3,2% | 6,0% |
| *Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | |
| Konur | 11,6% | 13,2% |
| Karlar | 6,7% | 11,1% |
| *Þreyta og orkuleysi* | | |
| Konur | 14,6% | 17,1% |
| Karlar | 8,9% | 11,1% |
| *Lystarleysi eða ofát* | | |
| Konur | 6,6% | 8,4% |
| Karlar | 2,6% | 5,3% |
| *Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfri/um sér* | | |
| Konur | 7,7% | 9,5% |
| Karlar | 4,8% | 8,0% |
| *Erfiðleikar með einbeitingu* | | |
| Konur | 6,2% | 7,7% |
| Karlar | 3,0% | 5,2% |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða, verið svo eirðarlaus* | | |
| Konur | 3,3% | 3,1% |
| Karlar | 1,8% | 3,2% |
| *Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt* | | |
| Konur | 1,8% | 1,6% |
| Karlar | 1,1% | 2,4% |
| *Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum* | | |
| Konur | 24,6% | 30,3% |
| Karlar | 17,3% | 27,8% |

#### *3.1.5.3 Heilsufar launafólks – samantekt*

Um það bil þrír af hverjum tíu félögum búa við slæma andlega heilsu. Tæplega fjórir af hverjum tíu einhleypum og tæplega fimm af hverjum tíu einstæðum foreldrum mælast með slæma andlega heilsu. Líkamlegt heilsufar mælist skár en minna en tveir af hverjum tíu meta líkamlega heilsu sína frekar eða mjög slæma. Andleg heilsa mælist verri nú en í sömu könnun fyrir ári.

Ríflega helmingur kvenna og tæpur helmingur karla hefur neitað sér um heilbrigðisþjónustu og eru einstæðar mæður og feður sá hópur sem hvað tíðast hefur þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu. Algengast er að launafólk hafi neitað sér um tannlæknaþjónustu en það á við um þrjá af hverjum tíu.

Álag í einkalífi hefur aukist í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins hjá fjórum af hverjum tíu svarendum. Mest hefur álagið aukist meðal einstæðra foreldra.

#### *3.1.5.4 Health – Summary*

About three out of 10 members report poor mental health. Almost four out of 10 single persons and almost five out of 10 single parents report poor mental health. Workers report slightly better physical health, with two out of 10 reporting somewhat poor or very poor physical health. Mental health is worse now than in the same survey one year ago.

Just over a half of women and almost a half of men have denied themselves of health care services and single mothers and fathers are those most likely to deny themselves health care service. Workers are most likely to have denied themselves of dental services, with three out of 10 having done so.

Four out of 10 say their private-life burden has grown in the Covid-19 pandemic. That applies especially for single parents.

## 3.2 Innflytjendur

Lögð var áhersla á að meta sérstaklega stöðu innflytjenda sem eru 15,5% mannfjöldans (Hagstofa Íslands, 2021). Atvinnuleysi er mun meira meðal innflytjenda, 11,3%, en almennt atvinnuleysi er 4,9% (Vinnumálastofnun, 2021). Í skýrslu sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið og Velferðarvaktina kemur fram að stór hluti þeirra sem sækja aðstoð hjálparsamtaka á höfuðborgarsvæðinu sé innflytjendur (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og Steinunn Hrafnsdóttir, 2021). Margir innflytjendur vinna láglaunastörf og er algengt, sérstaklega meðal kvenna, að þeir séu of menntaðar fyrir störfin sem þeir sinna samanborið við innlenda starfsmenn.

Í nýlegri rannsókn meðal innflytjenda voru 49% þátttakenda með háskólamenntun (Unnur Dís Skaptadóttir, Anna Wojtyńska og Margrét Wendt, 2020).

Greiningar sem liggja að baki niðurstöðum í þessum kafla byggjast á svörum þátttakenda óháð atvinnustöðu. Þegar fjallað er um innflytjendur eða fólk af erlendum uppruna er hér átt við þá sem eru með erlent ríkisfang eða hafa erlendan uppruna. Hafa ber í huga að Hagstofan skilgreinir innflytjendur sem þá sem eru fæddir erlendis og báðir foreldrar eru fæddir erlendis (Hagstofa Íslands, 2021) en Vinnumálstofnun greinir gögn sín eftir ríkisfangi. Þegar litið er til uppruna en ekki eingöngu ríkisfangs er hægt að fanga aðra kynslóð innflytjenda og þá sem eru fæddir erlendis en eiga báða eða annað foreldri innlent (Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019).

### 3.2.1 Lýðfræðileg samsetning innflytjenda

Spurt var um ríkisfang og upprunaland. Í töflu 38 sést að alls sögðust 81,7% svarenda vera með íslenskt ríkisfang, 8,3% með pólskt og 10% með annað ríkisfang en íslenskt eða pólskt. Hlutfall þeirra sem segja Ísland vera upprunaland sitt er heldur lægra en þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang, eða 78,2%. Hlutfall svarenda með pólskan uppruna er 9,1% og þeirra með annan uppruna en íslenskan eða pólskan er 12,7%.

**Tafla 38.** *Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi og upprunalandi.*

| | Ríkisfang | Upprunaland |
|---|---|---|
| Ísland | 81,7% | 78,2% |
| Pólland | 8,3% | 9,1% |
| Annað | 10,0% | 12,7% |
| Samtals | 100% (N = 8733) | 100% (N = 8734) |

Þegar innflytjendur eru skoðaðir og lýðfræðilegir þættir sést að samsetning hópsins er talsvert önnur en þegar almennt er litið til félaga í heildarsamtökunum tveimur eins og tafla 39 sýnir. Yngra fólk, háskólamenntaðir og einhleypir eru þannig fjölmennari í hópi innflytjenda en í hópi félagsmanna ASÍ og BSRB sem hafa íslenskan bakgrunn. Í öllum tilfellum er um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Þá er atvinnuleysi mun algengara í hópi innflytjenda en í hópi fólks með íslenskan bakgrunn. Ríflega 10% innflytjenda er atvinnulaus en 2,8% innfæddra.

**Tafla 39.** *Lýðfræðileg samsetning innflytjenda.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *N* | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kyn* | | | | 8642 | 0,000** |
| Kona | 46,9% | 49,0% | 47,4% | | |
| Karl | 53,1% | 51,0% | 52,6% | | |
| *Aldur* | | | | 8566 | 0,000** |
| 35 ára og yngri | 22,2% | 50,5% | 28,2% | | |
| 36-69 ára | 77,8% | 49,5% | 71,8% | | |
| *Fjölskyldustaða* | | | | 8523 | 0,000** |
| Í sambúð/börn á heimili | 34,0% | 35,0% | 34,2% | | |
| Í sambúð án barna | 40,1% | 31,6% | 38,3% | | |
| Einhleypir/börn á heimili | 6,6% | 8,4% | 7,0% | | |
| Einhleypir án barna | 19,3% | 25,0% | 20,5% | | |
| *Vinnumarkaðsstaða* | | | | 7921 | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 89,7% | 85,0% | 88,7% | | |
| Atvinnulaus | 2,8% | 10,2% | 4,4% | | |
| Önnur staða | 7,5% | 4,8% | 6,9% | | |
| *Búseta* | | | | 8695 | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðið | 59,4% | 64,2% | 60,4% | | |
| Suðurnes | 5,3% | 6,5% | 5,5% | | |
| Landsbyggðin | 35,4% | 29,4% | 34,1% | | |
| *Menntun* | | | | 8681 | 0,000** |
| Grunnskólastig | 27,1% | 10,2% | 23,6% | | |
| Framhaldsskólastig | 50,2% | 49,5% | 50,0% | | |
| Háskólastig | 22,7% | 40,3% | 26,4% | | |

### 3.2.2 Fjárhagsstaða innflytjenda

Fjárhagsstaða launafólks með innflytjendabakgrunn var skoðuð í könnuninni og metin með nokkrum spurningum. Greint er frá atvinnutekjum, hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman, efnislegum skorti, byrði húsnæðiskostnaðar, fjárhagsaðstoð, hvort hægt væri að mæta óvæntum 80.000 kr. útgjöldum, hvernig væri hægt að bregðast við ef hálf mánaðarlaun myndi skorta, hvort séreignarsparnaður hafi verið tekinn út, tekinn yfirdráttur, smálán, skammtímalán eða hvort húsnæði hafi verið endurfjármagnað til að auka lausafjárstöðu. Auk þess er greint frá því hvort fjárhagsstaða sé betri eða verri en fyrir ári. Niðurstöðurnar voru greindar eftir kyni og innflytjendastöðu.

Tafla 40 sýnir atvinnutekjur eftir innflytjendastöðu og kyni. Mikill meirihluti kvenna með innflytjendabakgrunn (75,7%) er með 500 þúsund eða minna í atvinnutekjur á mánuði en hlutfallið er 56,9% meðal erlendra karla, 53,7% meðal innfæddra kvenna og 29,4% meðal innfæddra karla. Að sama skapi eru eingöngu 2,6% erlendra kvenna með tekjur yfir 701 þúsund krónur en hlutfallið er 11,4% meðal karla með innflytjendabakgrunn, 13,4% meðal innfæddra kvenna og 32,5% hjá innfæddum körlum.

**Tafla 40.** *Atvinnutekjur fyrir skatta eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| Konur | | | | 0,000** |
| ≤ 300 þús. kr. | 14,9% | 21,4% | 16,3% | *N* = 4407 |
| 301-500 þús. kr. | 38,8% | 54,3% | 42,1% | |
| 501-700 þús. kr. | 26,2% | 15,8% | 24,0% | |
| 701-900 þús. kr. | 9,5% | 2,0% | 7,9% | |
| 901-1.100 þús. kr. | 2,4% | 0,3% | 2,0% | |
| ≥ 1.100 þús. kr. | 1,5% | 0,3% | 1,3% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| ≤ 300 þús. kr. | 5,6% | 12,2% | 7,0% | *N* = 3386 |
| 301-500 þús. kr. | 23,8% | 44,7% | 28,0% | |
| 501-700 þús. kr. | 31,8% | 25,3% | 30,5% | |
| 701-900 þús. kr. | 18,6% | 7,0% | 16,2% | |
| 901-1.100 þús. kr. | 9,2% | 3,6% | 8,1% | |
| ≥ 1.100 þús. kr. | 4,7% | 0,8% | 3,9% | |

Niðurstöður spurningarinnar um hversu erfitt eða auðvelt er að láta enda ná saman eru birtar í töflu 41. Meirihluti innfæddra á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman eða 72,8% en hlutfallið er 54,4% meðal innflytjenda. Að sama skapi er hlutfall innflytjenda sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman mun hærra en meðal innfæddra eða 45,7% á móti 27,2%.

Hlutfall kvenna með innflytjendabakgrunn sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman er mun hærra en hlutfall innfæddra kvenna (45,5% á móti 29,5%). Svipaða stöðu má sjá þegar erlendir karla er bornir saman við innfædda karla, þó svo að munurinn sé meiri (45,9% á móti 25,3%).

**Tafla 41**. *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Allir* | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 15,9% | 7,0% | 14,0% | N = 7781 |
| Auðvelt | 17,8% | 13,8% | 17,0% | |
| Nokkuð auðvelt | 39,1% | 33,6% | 37,9% | |
| Nokkuð erfitt | 19,1% | 31,9% | 21,8% | |
| Erfitt | 4,3% | 10,5% | 5,6% | |
| Mjög erfitt | 3,8% | 3,3% | 3,7% | |
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 14,8% | 4,5% | 12,5% | N = 7781 |
| Auðvelt | 17,2% | 15,4% | 16,8% | |
| Nokkuð auðvelt | 38,5% | 34,5% | 37,7% | |
| Nokkuð erfitt | 20,0% | 31,4% | 22,5% | |
| Erfitt | 5,4% | 10,6% | 6,5% | |
| Mjög erfitt | 4,1% | 3,5% | 4,0% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 16,8% | 9,4% | 15,3% | N = 7781 |
| Auðvelt | 18,4% | 12,2% | 17,1% | |
| Nokkuð auðvelt | 39,6% | 32,6% | 38,2% | |
| Nokkuð erfitt | 18,3% | 32,3% | 21,1% | |
| Erfitt | 3,4% | 10,4% | 4,8% | |
| Mjög erfitt | 3,6% | 3,2% | 3,5% | |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir innflytjendastöðu og kyni eru birtar í töflu 42. Hlutfallslega búa fleiri innflytjendur við skort á öllum þeim þáttum sem mældir eru að undanskildu því að hafa ekki efni á þvottavél þar sem hlutfall innflytjenda og innfæddra er jafn hátt (2,3%). Fleiri innflytjendur en innfæddir eru í vanskilum á leigu eða lánum (9% á móti 5,4%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (29,6% á móti 20,3), hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (26,4% á móti 14,5%), á kjöt-, fisk eða sambærilegri grænmetismálið annan hvern dag (7,4% á móti 4%), á síma (2,5% á móti 0,7%), á sjónvarpstæki (4,5% á móti 2,1%), á bíl (12,3% á móti 5,8%) og nægilegri upphitun húsnæðis (1,4% á móti 0,7%).

**Tafla 42**. *Efnislegur skortur eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Vanskil á leigu/lánum* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 3,7% | 6,6% | 4,3% | 0,000** |
| Karlar | 4,6% | 10,8% | 5,9% | 0,000** |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 19,9% | 30,2% | 22,1% | 0,000** |
| Karlar | 13,3% | 28,0% | 16,3% | 0,000** |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 5,7% | 7,1% | 6,0% | 0,000** |
| Karlar | 3,4% | 8,1% | 4,4% | 0,000** |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 25,3% | 31,2% | 26,6% | 0,000** |
| Karlar | 19,6% | 32,9% | 22,3% | 0,000** |
| *Ekki efni á síma* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 0,4% | 2,3% | 0,8% | 0,000** |
| Karlar | 0,8% | 3,8% | 1,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 1,7% | 4,6% | 2,3% | 0,000** |
| Karlar | 1,0% | 6,9% | 2,2% | 0,000** |
| *Ekki efni á þvottavél* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 2,2% | 3,4% | 2,5% | 0,000** |
| Karlar | 1,8% | 4,6% | 2,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á bíl* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 6,0% | 20,3% | 9,1% | 0,000** |
| Karlar | 6,2% | 15,0% | 8,0% | 0,000** |
| *Ekki nægileg upphitun* | | | | *N* = 7713 |
| Konur | 0,7% | 0,7% | 0,7% | 0,539 |
| Karlar | 1,0% | 1,6% | 1,2% | 0,000** |

Í töflu 43 sést fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu og kyni. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 42 og saman mæla efnislegan skort. Þau sem ekki hafa efni á þremur efnislegum þáttum sem mældir eru á þessum skala hafa verið skilgreind þannig að þau búi við efnislegan skort en þau sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum eru skilgreind svo að þau búi við verulegan efnislegan skort. Mun fleiri innfæddir (69,8%) en innflytjendur (44,7%) þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru. Að sama skapi þurfa fleiri í hópi innflytjenda en innfæddra að neita sér um einn (26,0% á móti 14,1%), tvo (15,1% á móti 9,3%), þrjá (8,1% á móti 3,9%) eða fjóra eða fleiri (6,1% á móti 3,1%) efnislega

þætti. Munurinn eftir innflytjendastöðu er tölfræðilega marktækur og helst marktækur hvort tveggja í hópi karla og kvenna.

**Tafla 43**. *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Enginn | 66,1% | 44,9% | 61,5% | *N* = 4360 |
| Einn | 15,4% | 25,4% | 17,6% | |
| Tveir | 10,8% | 15,4% | 11,8% | |
| Þrír | 4,4% | 8,6% | 5,4% | |
| Fjórir eða fleiri | 3,2% | 5,7% | 3,8% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Enginn | 73,4% | 44,5% | 67,5% | *N* = 3353 |
| Einn | 12,7% | 26,6% | 15,6% | |
| Tveir | 7,7% | 14,8% | 9,1% | |
| Þrír | 3,3% | 7,6% | 4,2% | |
| Fjórir eða fleiri | 2,9% | 6,5% | 3,6% | |

Tafla 44 sýnir byrði við rekstur húsnæðis þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. Mun hærra hlutfall kvenna (50%) og karla (49%) með innflytjendabakgrunn býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði samanborið við innfæddar konur (20,8%) og karla (18,4%).

**Tafla 44.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Þung byrði | 20,8% | 50,0% | 27,1% | *N* = 4375 |
| Nokkur byrði | 53,0% | 38,5% | 49,9% | |
| Engin byrði | 26,2% | 11,5% | 23,0% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Þung byrði | 18,4% | 49,0% | 24,7% | *N* = 3382 |
| Nokkur byrði | 54,9% | 40,9% | 52,1% | |
| Engin byrði | 26,6% | 10,1% | 23,3% | |

Tafla 45 sýnir hvort svarendur hafi fengið einhvers konar fjárhagsaðstoð síðastliðið ár og eru niðurstöðurnar birtar eftir kyni og innflytjendastöðu. Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra hefur þurft að nota allar þær gerðir aðstoðar sem spurt var um í könnuninni. Karlar með innflytjendabakgrunn eru líklegastir til að hafa þurft að fá fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (8,8% á móti 1,4% meðal innfæddra karla), aðstoð frá vinum eða ættingjum (16,4% á móti 11,5% meðal innfæddra karla), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (4,2% á móti 0,9% meðal innfæddra karla). Konur með innflytjendabakgrunn hafa einnig þurft að fá slíka aðstoð í meira mæli en innlendar kynsystur þeirra hvað varðar alla þá þætti sem spurt var um.

**Tafla 45.** *Fjárhagsaðstoð síðastliðna 12 mánuði eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags* | | | | *N* = 7774 |
| Konur | 1,6% | 8,3% | 3,0% | 0,000** |
| Karlar | 1,4% | 8,8% | 2,9% | 0,000** |
| *Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa* | | | | *N* = 7774 |
| Konur | 15,3% | 15,9% | 15,4% | 0,057 |
| Karlar | 11,5% | 16,4% | 12,5% | 0,000** |
| *Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum* | | | | *N* = 7775 |
| Konur | 0,9% | 3,9% | 1,5% | 0,000** |
| Karlar | 0,9% | 4,2% | 1,5% | 0,000** |
| *Mataraðstoð* | | | | *N* = 7774 |
| Konur | 1,3% | 5,1% | 2,2% | 0,000** |
| Karlar | 1,1% | 3,7% | 1,6% | 0,000** |

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 46. Hæst hlutfall þeirra sem töldu sig ekki geta mætt slíkum útgjöldum var meðal kvenna með innflytjendabakgrunn (46,2%) en 39,6% innfæddra kvenna töldu sig að sama skapi ekki geta mætt slíkum útgjöldum. Meðal karla var hlutfallið lægra en þó standa karlar með innflytjendabakgrunn verr að vígi en innlendir kynbræður þeirra. Hlutfall erlendra karla sem ekki töldu sig geta mætt slíkum útgjöldum var 40,8% á móti 28,5% innlendra karla.

**Tafla 46.** *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Já | 52,0% | 34,3% | 48,4% | *N* = 4321 |
| Nei | 39,6% | 46,2% | 40,9% | |
| Veit ekki | 8,4% | 19,5% | 10,7% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Já | 65,0% | 41,3% | 60,4% | *N* = 3352 |
| Nei | 28,5% | 40,8% | 30,8% | |
| Veit ekki | 6,5% | 18,0% | 8,7% | |

Tafla 47 sýnir hvað þátttakendur telja sig geta gert ef þá skorti hálf mánaðarlaun. Hæst er hlutfall þeirra sem telja sig geta dregið úr neyslu en þó var hlutfallið ögn hærra meðal innflytjenda. Meðal erlendra kvenna svaraði 41,1% því til að geta dregið úr neyslu á móti 40,2% innfæddra kvenna. Að sama skapi töldu 42,3% erlendra karla sig geta dregið úr neyslu á móti 40,8% innfæddra karla. Næstalgengast var að fólk teldi sig geta tekið út sparnað. Hlutfall þeirra sem telja sig geta tekið út sparnað er hærra meðal innfæddra en fólks með innflytjendabakgrunn en 46,0% innfæddra karla og 39,7% innfæddra kvenna töldu sig geta tekið út sparnað en 33,5% erlendra karla og 34,8% erlendra kvenna töldu sig geta gert slíkt hið sama. Hlutfall þeirra sem töldu sig geta tekið yfirdrátt var einnig hærra meðal innfæddra en fólks með innflytjendabakgrunn. Meðal innfæddra kvenna voru 34,2% sem töldu sig geta gert slíkt á móti 25,2% erlendra kvenna. Að sama skapi töldu sig 33,9% innfæddra karla geta tekið yfirdrátt á móti 28,0% erlendra karla. Innflytjendur svöruðu því aftur á móti frekar til en innfæddir að þeir gætu tekið lán hjá fjölskyldu eða vinum (32,2% innflytjenda á móti 24,0% innfæddra).

**Tafla 47.** *Leiðir til að bregðast við ef skortir hálf mánaðarlaun eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Tekið út sparnað* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 39,7% | 34,8% | 38,6% | 0,000** |
| Karlar | 46,0% | 33,5% | 43,5% | 0,000** |
| *Fengið lán hjá fjölskyldu/vinum* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 25,4% | 31,6% | 26,7% | 0,000** |
| Karlar | 22,6% | 32,7% | 24,6% | 0,000** |
| *Tekið yfirdrátt* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 34,2% | 25,2% | 32,3% | 0,000** |
| Karlar | 33,9% | 28,0% | 32,7% | 0,000** |
| *Tekið smálán* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 6,6% | 12,7% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 6,9% | 11,4% | 7,8% | 0,000** |
| *Tekið önnur lán* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 10,0% | 10,0% | 10,0% | 0,902 |
| Karlar | 11,9% | 10,5% | 11,6% | 0,000** |
| *Dregið úr neyslu* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 40,2% | 41,1% | 40,4% | 0,036* |
| Karlar | 40,8% | 42,3% | 41,1% | 0,000** |
| *Veit ekki* | | | | *N* = 7826 |
| Konur | 11,3% | 13,8% | 11,8% | 0,000** |
| Karlar | 9,4% | 11,8% | 9,9% | 0,000** |

Tafla 48 sýnir hlutfall innflytjenda og innfæddra sem hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, önnur skammtímalán og/eða endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu á síðastliðnum 12 mánuðum. Töluvert hærra hlutfall innflytjenda hefur tekið smálán síðastliðið ár (9,9% kvenna og 12,6% karla) en innfæddra (5,6% kvenna og 4,5% karla). Einnig er taka á yfirdrætti hlutfallslega algengari meðal innflytjanda (30,5% kvenna og 33,6% karla) en meðal innfæddra (26,3% kvenna og 24,9% karla) og að sama skapi taka á skammtímalánum en 13,3% erlendra kvenna og 16,9% erlendra karla tóku slík lán á móti 10,1% innfæddra kvenna og 10,0% innfæddra karla. Á hinn bóginn er hlutfallslega algengara meðal innfæddra að taka út séreignarsparnað (19,4% innfæddra á móti 15,6% innflytjenda) og að endurfjármagna húsnæðislán til að auka lausafjárstöðu (10,2% innfæddra á móti 2,4% innflytjenda).

**Tafla 48.** *Hlutfall þeirra sem síðastliðið ár hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Tekið út séreignarsparnað* | | | | *N* = 7808 |
| Konur | 18,2% | 12,7% | 17,0% | 0,000** |
| Karlar | 20,5% | 18,5% | 20,1% | 0,000** |
| *Tekið yfirdrátt* | | | | *N* = 7808 |
| Konur | 26,3% | 30,5% | 27,2% | 0,000** |
| Karlar | 24,9% | 33,6% | 26,7% | 0,000** |
| *Tekið smálán* | | | | *N* = 7808 |
| Konur | 5,6% | 9,9% | 6,6% | 0,000** |
| Karlar | 4,5% | 12,6% | 6,2% | 0,000** |
| *Tekið önnur skammtímalán* | | | | *N* = 7808 |
| Konur | 10,1% | 13,3% | 10,8% | 0,000** |
| Karlar | 10,0% | 16,9% | 11,4% | 0,000** |
| *Endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu* | | | | *N* = 7808 |
| Konur | 10,0% | 1,9% | 8,2% | 0,000** |
| Karlar | 10,3% | 2,8% | 8,8% | 0,000** |

Þátttakendur voru beðnir um að svara hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri en fyrir ári og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 49 greindar eftir innflytjendastöðu og kyni. Mun hærra hlutfall kvenna (36,1%) og karla (32,1%) af innflytjendabakgrunni býr við nokkuð eða mun verri fjárhagsstöðu en fyrir ári samanborið við innfæddar konur (22,7%) og innfædda karla (19,8%).

**Tafla 49.** *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Mun betri | 6,8% | 6,8% | 6,8% | *N* = 4422 |
| Nokkuð betri | 20,0% | 24,8% | 21,0% | |
| Eins og fyrir ári | 50,5% | 32,4% | 46,6% | |
| Nokkuð verri | 17,9% | 24,5% | 19,4% | |
| Mun verri | 4,8% | 11,6% | 6,2% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Mun betri | 7,3% | 8,1% | 7,4% | *N* = 3405 |
| Nokkuð betri | 23,8% | 25,2% | 24,1% | |
| Eins og fyrir ári | 49,1% | 34,6% | 46,2% | |
| Nokkuð verri | 15,7% | 22,9% | 17,2% | |
| Mun verri | 4,1% | 9,2% | 5,2% | |

### *3.2.2.1 Fjárhagsstaða innflytjenda 2021 og 2022 – samanburður*

Fjárhagsspurningarnar sem lagðar voru fyrir í þessari könnun eru að hluta til þær sömu og lagðar voru fyrir í sömu könnun meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB á síðasta ári og eru niðurstöðurnar því samanburðarhæfar (Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson, 2021). Í töflunum hér á eftir eru bornar saman niðurstöðurnar úr könnunum tveimur meðal innflytjenda hvað varðar að ná endum saman, skort á efnislegum gæðum, fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi, ættingjum/vinum, hjálparsamtökum og mataraðstoð.

Tafla 50 sýnir að hlutfall þeirra sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman hefur hækkað meðal þeirra sem hafa erlendan bakgrunn. Hlutfall kvenna með erlendan bakgrunn sem eiga erfitt eða mjög erfitt með að ná saman var 10,7% árið 2021 en er nú 14,1%. Hlutfall karla með erlendan bakgrunn sem eiga erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman hefur einnig hækkað en þó minna en meðal kvennanna eða úr 13,3% 2021 í 13,6% 2022. Til samanburðar hefur hlutfall innfæddra kvenna sem eiga erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman lækkað úr 11% árið 2021 í 9,5% 2022. Aftur á móti hefur hlutfallið meðal innfæddra karla hækkað lítillega milli ára úr 6,1% 2021 í 7% 2022.

**Tafla 50.** *Samanburður á hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman 2021 og 2022 eftir innflytjendastöðu.*

| | 2021 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | Innfæddir | Innflytjendur | Innfæddir | Innflytjendur |
| Mjög auðvelt/auðvelt | 31,4% | 28,2% | 32,0% | 19,9% |
| Nokkuð auðvelt | 38,9% | 37,8% | 38,5% | 34,5% |
| Nokkuð erfitt | 18,8% | 23,4% | 20,0% | 31,4% |
| Erfitt/mjög erfitt | 11,0% | 10,7% | 9,5% | 14,1% |
| *Karlar* | | | | |
| Mjög auðvelt/auðvelt | 42,2% | 25,1% | 35,2% | 21,6% |
| Nokkuð auðvelt | 35,9% | 38,6% | 39,6% | 32,6% |
| Nokkuð erfitt | 15,8% | 23,0% | 18,3% | 32,3% |
| Erfitt/mjög erfitt | 6,1% | 13,3% | 7,0% | 13,6% |

Þegar borið er saman hlutfall launafólks með erlendan bakgrunn sem hefur ekki efni á þeim níu þáttum sem saman mæla skort á efnislegum gæðum sést nokkur breytileiki eftir þáttum. Hlutfall kvenna með erlendan bakgrunn sem hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu hefur hækkað (úr 27,3% í 30,2%). Sama á við um að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (úr 27,3% í 31,2%) og að hafa ekki efni á bíl (úr 11,4% í 20,3%). Aftur á móti er lægra hlutfall kvenna með innflytjendabakgrunn í vanskilum á leigu eða lánum samanborið við árið á undan (úr 7,7% í 6,6%),

hafa ekki efni á kjötmáltíð eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (úr 7,3% í 7,1%), á síma (úr 2,9% í 2,3%) og upphitun (úr 1,7% í 0,7%).

Hlutfall karla með innflytjendabakgrunn sem ekki hafa efni á árlegu fríi með fjölskyldu er nú hærra en í könnun Vörðu í fyrra (úr 25,2% í 28%)).Hið sama á við um þá sem ekki hafa efni á kjötmáltíð eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (úr 7,5% í 8,1%), á síma (úr 2% í 3,8%), sjónvarpstæki (4,1% í 6,9%), þvottavél (úr 2% í 4,6%), á bíl (úr 13,5% í 15%), nægilegri upphitun (úr 1,1% í 1,6%).

**Tafla 51.** *Efnislegur skortur eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022.*

| | 2021 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Innfæddir | Innflytjendur | Innfæddir | Innflytjendur |
| *Vanskil á leigu/lánum* | | | | |
| Konur | 5,7% | 7,7% | 3,7% | 6,6% |
| Karlar | 5,0% | 11,0% | 4,6% | 10,8% |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | | | |
| Konur | 17,5% | 27,3% | 19,9% | 30,2% |
| Karlar | 10,7% | 25,2% | 13,3% | 28,0% |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | | | |
| Konur | 4,9% | 7,3% | 5,7% | 7,1% |
| Karlar | 2,9% | 7,5% | 3,4% | 8,1% |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | | | |
| Konur | 24,4% | 27,3% | 25,3% | 31,2% |
| Karlar | 15,3% | 33,0% | 19,6% | 32,9% |
| *Ekki efni á síma* | | | | |
| Konur | 0,7% | 2,9% | 0,4% | 2,3% |
| Karlar | 0,6% | 2,0% | 0,8% | 3,8% |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | | | |
| Konur | 2,2% | 4,6% | 1,7% | 4,6% |
| Karlar | 1,9% | 4,1% | 1,0% | 6,9% |
| *Ekki efni á þvottavél* | | | | |
| Konur | 2,3% | 2,5% | 2,2% | 3,4% |
| Karlar | 2,3% | 2,0% | 1,8% | 4,6% |
| *Ekki efni á bíl* | | | | |
| Konur | 6,8% | 11,4% | 6,0% | 20,3% |
| Karlar | 4,3% | 13,5% | 6,2% | 15,0% |
| *Ekki nægileg upphitun* | | | | |
| Konur | 1,0% | 1,7% | 0,7% | 0,7% |
| Karlar | 0,5% | 1,1% | 1,0% | 1,6% |

Tafla 52 sýnir hlutfall þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu árin 2021 og 2022. Samkvæmt skilgreiningu búa þau sem hafa ekki efni á þremur eða fleiri þáttum við skort á

efnislegum gæðum. Hærra hlutfall kvenna og karla með erlendan bakgrunn býr við skort árið 2022 en 2021 (14,3% kvenna og 14,1% karla samanborið við 10,2% kvenna og 11,9% karla). Að sama skapi býr lægra hlutfall fólks með erlendan bakgrunn ekki við skort á neinum þeirra efnislegu þátta sem mældir voru (44,9% kvenna og 44,5% karla samanborið við 47,9% kvenna og 48% karla).

**Tafla 52.** *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022.*

| | 2021 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Innfæddir | Innflytjendur | Innfæddir | Innflytjendur |
| *Enginn* | | | | |
| Konur | 67,8% | 47,9% | 66,1% | 44,9% |
| Karlar | 78,7% | 48,0% | 73,4% | 44,5% |
| *Einn* | | | | |
| Konur | 15,2% | 28,5% | 15,4% | 25,4% |
| Karlar | 10,2% | 27,4% | 12,7% | 26,6% |
| *Tveir* | | | | |
| Konur | 7,7% | 13,3% | 10,8% | 15,4% |
| Karlar | 5,4% | 12,8% | 7,7% | 14,8% |
| *Þrír eða fleiri* | | | | |
| Konur | 9,2% | 10,2% | 7,6% | 14,3% |
| Karlar | 5,7% | 11,9% | 6,2% | 14,1% |

#### *3.2.2.2 Fjárhagsstaða innflytjenda – samantekt*

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna verulegan mun á fjárhagsstöðu eftir því hvort fólk rekur uppruna sinn til Íslands eða annars lands. Tæplega átta af hverjum tíu innflytjendakonum og tæplega sex af hverjum tíu innflytjendakörlum eru með 500 þúsund krónur eða lægra í atvinnutekjur á mánuði. Sama á við um ríflega fimm af hverjum tíu innfæddum konum og tæplega þrjá af hverjum tíu innfæddum körlum. Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman eða tæplega fimm af hverjum tíu innflytjendum. Sama á við um efnislegan skort en hlutfall innflytjenda sem búa við skort á efnislegum gæðum er hærra en innfæddra. Um helmingur innflytjenda metur húsnæðiskostnað sinn þunga byrði en sama á við um tvo af hverjum tíu meðal innfæddra. Tæplega fimm af hverjum tíu innflytjendakonum og ríflega fjórir af hverjum tíu innflytjendakörlum gætu ekki mætt óvæntum 80.000 króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra býr við verri fjárhagsstöðu nú en fyrir ári. Almennt hefur fjárhagsstaða fólks með erlendan bakgrunn versnað frá árinu 2021.

#### 3.2.2.3 *Financial standing of immigrants – Summary*

The survey results show a considerable difference in the financial standing of members depending on whether they are of Icelandic origin or other. Almost eight out of 10 immigrant women and almost six out of 10 immigrant men have a monthly salary of 500,000 ISK or less. The same applies to just over five out of 10 native women and almost three out of 10 native men. More immigrants than native Icelanders find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet, or almost five out of 10 immigrants. Immigrants are also more likely to suffer material deprivation than native Icelanders. Around half of immigrants report having a burdensome housing cost, compared to two out of 10 native Icelanders. Almost five out of 10 immigrant women and just over four out of 10 immigrant men are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK without going into debt. More immigrants report worse financial standing now than one year ago, compared to native Icelanders. The overall financial standing of people with a foreign background has deteriorated from early 2021.

### 3.2.3 Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði

Hér á eftir verður staða innflytjenda á húsnæðismarkaði skoðuð. Fyrst er skoðað í hvers konar húsnæði fólk er búsett, húsnæðisöryggi þess og hversu oft það hefur flutt á síðastliðnum fimm árum.

Tafla 53 sýnir að mun lægra hlutfall kvenna (33,3%) og karla (28,9%) með innflytjendabakgrunn býr í eigin húsnæði samanborið við innfæddar konur og karla (75,2% og 76,2%). Að sama skapi er mun hærra hlutfall erlendra kvenna og karla á almennum leigumarkaði (54,7% og 61,6%) samanborið við innfæddar konur og karla (12,1% og 12,7%).

**Tafla 53.** *Staða á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | $p$-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 75,2% | 33,3% | 66,1% | $N$ = 4395 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 12,1% | 54,7% | 21,4% | |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 5,3% | 6,5% | 5,5% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 6,9% | 1,9% | 5,8% | |
| Leiguhúsnæði frá atvinnurekanda | 0,1% | 2,1% | 0,5% | |
| Annað | 0,4% | 1,5% | 0,7% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 76,2% | 28,9% | 66,6 | $N$ = 3388 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 12,7% | 61,6% | 22,6 | |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 4,2% | 4,0% | 4,2 | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 6,1% | 2,0% | 5,3 | |
| Leiguhúsnæði frá atvinnurekanda | 0,3% | 1,7% | 0,6 | |
| Annað | 0,5% | 1,8% | 0,7 | |

Tafla 54 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum innflytjendur, samanborið við innfædda, hafa flutt eða skipt um húsnæði. Mun lægra hlutfall innflytjenda (21,5% karla og kvenna) hafa aldrei skipt um húsnæði á tímabilinu samanborið við innfæddar konur (52,8%) og innfædda karla (54,7%). Að sama skapi hefur mun hærra hlutfall innflytjenda (10,9% kvenna og 7,6% karla) samanborið við innfæddar konur og karla (1,9% og 1,5%) flutt fimm sinnum eða oftar.

**Tafla 54.** *Hversu oft flutt/skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Aldrei | 52,8% | 21,5% | 46,0% | *N* = 4399 |
| Einu sinni | 27,0% | 26,0% | 26,8% | |
| Tvisvar | 10,2% | 19,4% | 12,2% | |
| Þrisvar | 5,9% | 15,6% | 8,0% | |
| Fjórum sinnum | 2,1% | 6,6% | 3,1% | |
| Fimm sinnum | 1,1% | 5,9% | 2,2% | |
| Sex sinnum eða oftar | 0,8% | 5,0% | 1,7% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Aldrei | 54,7% | 21,5% | 48,0% | *N* = 3393 |
| Einu sinni | 27,9% | 24,8% | 27,3% | |
| Tvisvar | 9,1% | 19,8% | 11,3% | |
| Þrisvar | 4,3% | 16,3% | 6,8% | |
| Fjórum sinnum | 2,4% | 10,1% | 3,9% | |
| Fimm sinnum | 0,7% | 3,8% | 1,4% | |
| Sex sinnum eða oftar | 0,8% | 3,8% | 1,4% | |

Þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir teldu sig búa við húsnæðisöryggi. Í töflu 55 má sjá svörin við þeirri spurningu greint eftir innflytjendastöðu og kyni. Niðurstöðurnar sýna að meirihluti innfæddra er mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að hann búi við húsnæðisöryggi (85,0% kvenna og 85,1% karla) en hlutfall innflytjenda sem segjast búa við húsnæðisöryggi er mun lægra (59,1% kvenna og 52,9% karla). Einnig er hlutfallslega algengara að innflytjendur telji sig ekki búa við húsnæðisöryggi en 21,9% erlendra kvenna og 22,0% erlendra karla voru frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni á móti 6,6% innfæddra kvenna og 7,1% karla voru henni frekar eða mjög ósammála.

**Tafla 55.** *Húsnæðisöryggi eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 59,6% | 21,7% | 51,3% | *N* = 4396 |
| Frekar sammála | 25,4% | 37,4% | 28,0% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 8,4% | 19,0% | 10,7% | |
| Frekar ósammála | 3,6% | 14,3% | 5,9% | |
| Mjög ósammála | 3,0% | 7,6% | 4,0% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 56,8% | 20,9% | 49,5% | *N* = 3392 |
| Frekar sammála | 28,3% | 32,0% | 29,0% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 7,8% | 25,1% | 11,3% | |
| Frekar ósammála | 4,1% | 15,8% | 6,5% | |
| Mjög ósammála | 3,0% | 6,2% | 3,6% | |

#### *3.2.3.1 Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði 2021 og 2022 – samanburður*

Tafla 56 sýnir stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði árið 2021 og 2022. Í spurningakönnuninni 2022 voru gerðar breytingar á valkostum í spurningu um stöðu á húsnæðismarkaði þar sem var skilgreint leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum en var árið áður leiguhúsnæði hjá leigusamtökum. Hér er greint frá niðurstöðunum milli ára í dálknum um leiguhúsnæði hjá leigusamtökum. Auk þess var bætt inn valkostinum að búa í húsnæði á vegum atvinnurekanda sem var ekki árið áður.

Lægra hlutfall fólks af erlendum uppruna býr nú í eigin húsnæði samanborið við árið 2021 (er nú 33,3% kvenna og 28,9% karla samanborið við 44,3% kvenna og 34,8% karla) og að sama skapi hefur þeim fjölgað sem eru búsettir í leiguhúsnæði á almennum markaði (54,7% kvenna og 61,6% karla samanborið við 42,3% kvenna og 49,5% karla). Hærra hlutfall innfæddra býr í húsnæði hjá foreldrum eða ættingjum en meðal fólks með erlendan bakgrunn.

**Tafla 56**. Staða á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022.

| | 2021 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Innfæddir | Innflytjendur | Innfæddir | Innflytjendur |
| *Eigið húsnæði* | | | | |
| Konur | 77,1% | 44,3% | 75,2% | 33,3% |
| Karlar | 77,4% | 34,8% | 76,2% | 28,9% |
| *Leiguhúsnæði á almennum markaði* | | | | |
| Konur | 10,8% | 42,3% | 12,1% | 54,7% |
| Karlar | 11,8% | 49,5% | 12,7% | 61,6% |
| *Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum* | | | | |
| Konur | 3,7% | 6,0% | 5,3% | 6,5% |
| Karlar | 2,9% | 8,9% | 4,2% | 4,0% |
| *Hjá foreldrum/ættingjum* | | | | |
| Konur | 7,7% | 5,2% | 6,9% | 1,9% |
| Karlar | 6,6% | 3,4% | 6,1% | 2,0% |
| *Leiguhúsnæði hjá atvinnurekanda* | | | | |
| Konur | | | 0,1% | 2,1% |
| Karlar | | | 0,3% | 1,7% |
| *Annað* | | | | |
| Konur | 0,7% | 2,2% | 0,4% | 1,5% |
| Karlar | 1,3% | 3,5% | 0,5% | 1,8% |

#### *3.2.3.2 Staða innflytjenda á húsnæðismarkaði – samantekt*

Staða innflytjenda og þeirra sem hafa erlendan bakgrunn er talsvert frábrugðin stöðu innfæddra þegar litið er til stöðu á húsnæðismarkaði. Mun lægra hlutfall býr í eigin húsnæði og að sama skapi er mun hærra hlutfall sem býr í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði og býr hærra hlutfall í leiguhúsnæði á almennum markaði nú en fyrir ári. Mun algengara er að innflytjendur hafi þurft að skipta oft um húsnæði á undanförnum árum og lægra hlutfall býr við húsnæðisöryggi.

#### *3.2.3.3 Immigrants in the housing market - Summary*

There is a considerable difference between the housing status of immigrants and those with foreign background, compared to native Icelanders. They are much less likely to be homeowners and are much more likely to rent in the private rental market. More people rent in the private market now than one year ago. Immigrants are much more likely to have had to move in the last years and much less likely to have secure housing than native Icelanders.

### 3.2.4 Starfsumhverfi innflytjenda

Í könnuninni var spurt um áhrif heimsfaraldursins á starfsöryggi, hvort launafólk hefði gengið á orlofsrétt sinn vegna faraldursins og loks hversu oft á síðastliðnum fimm árum fólk hefði tekið sumarfrí í tvær vikur eða meira. Niðurstöðurnar eru greindar eftir innflytjendastöðu og kyni.

Tafla 57 sýnir að hlutfallslega fleiri konur (55,9%) en karlar (46,1%) telja að álag í starfi hafi aukist mikið eða nokkuð eftir að heimsfaraldurinn skall á. Þegar staðan er skoðuð með tilliti til innflytjendastöðu má sjá að hlutfallslega algengast er að innfæddar konur svari til um mjög eða nokkuð aukið álag (56,9%) á móti 47,4% erlendra kvenna. Erlendir karlar telja þó frekar að álag í starfi hafi aukist hjá þeim samanborið við innfædda karla (47,8% á móti 45,6%). Að sama skapi eru svör um minnkað álag algengari meðal innflytjenda en meðal innfæddra.

**Tafla 57.** *Álag í starfi aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 24,5% | 20,1% | 23,6% | *N* = 4393 |
| Aukist nokkuð | 32,4% | 27,3% | 31,3% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 37,7% | 34,3% | 37,0% | |
| Minnkað nokkuð | 3,6% | 11,2% | 5,3% | |
| Minnkað mikið | 1,7% | 7,1% | 2,9% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 14,0% | 18,6% | 15,0% | *N* = 3382 |
| Aukist nokkuð | 31,6% | 29,2% | 31,1% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 46,7% | 39,2% | 45,2% | |
| Minnkað nokkuð | 4,5% | 9,5% | 5,5% | |
| Minnkað mikið | 3,1% | 3,5% | 3,2% | |

Tafla 58 sýnir að hlutfallslega algengara er að innflytjendur telji starfsöryggi sitt hafa minnkað nokkuð eða mikið eftir að heimsfaraldurinn skall á samanborið við innfædda. Hlutfallslega algengast er að erlendar konur svari til um minnkað starfsöryggi (37,3%) en 32,2% erlendra karla segja slíkt hið sama. Aftur á móti telja 15,2% innfæddra kvenna og 19,2% innfæddra karla að dregið hafi úr starfsöryggi sínu í faraldrinum.

**Tafla 58.** *Starfsöryggi aukist eða minnkað við Covid-19 faraldurinn eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 4,8% | 7,6% | 5,4% | *N* = 4408 |
| Aukist nokkuð | 10,2% | 12,6% | 10,7% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 69,8% | 42,4% | 63,9% | |
| Minnkað nokkuð | 9,5% | 19,2% | 11,6% | |
| Minnkað mikið | 5,7% | 18,1% | 8,4% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 3,3% | 5,8% | 3,8% | *N* = 3383 |
| Aukist nokkuð | 9,8% | 14,1% | 10,7% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 67,6% | 48,0% | 63,6% | |
| Minnkað nokkuð | 12,9% | 18,3% | 14,0% | |
| Minnkað mikið | 6,3% | 13,9% | 7,9% | |

Þátttakendur voru spurðir að því hversu sammála eða ósammála þeir væru þeirri fullyrðingu að þeir hefðu gengið á orlofsrétt sinn vegna Covid-19 faraldursins. Tafla 59 sýnir þær niðurstöður greindar eftir innflytjendastöðu og kyni. Af töflunni má greina að hærra hlutfall innflytjenda er mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (23,2% kvenna og 21,3% karla) samanborið við innfædda (11,6% kvenna og 13,2% karla).

**Tafla 59.** *Hlutfall þeirra sem hafa gengið á orlofsrétt sinn vegna heimsfaraldursins eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 4,4% | 11,5% | 5,9% | *N* = 4381 |
| Frekar sammála | 7,2% | 11,7% | 8,1% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 30,8% | 26,4% | 29,9% | |
| Frekar ósammála | 11,9% | 15,7% | 12,7% | |
| Mjög ósammála | 45,7% | 34,7% | 43,3% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 4,9% | 8,2% | 5,6% | *N* = 3370 |
| Frekar sammála | 8,3% | 13,1% | 9,3% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 29,0% | 29,7% | 29,2% | |
| Frekar ósammála | 12,3% | 18,8% | 13,6% | |
| Mjög ósammála | 45,4% | 30,3% | 42,3% | |

Tafla 60 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum innflytjendur og innfæddir hafa tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí. Mun lægra hlutfall innflytjenda (20,7% kvenna og 14,4% karla) höfðu tekið árlegt tveggja vikna sumarfrí síðastliðin fimm ár en innfæddra (47,9% kvenna og 42,4% karla). Einnig var hlutfall þeirra sem aldrei höfðu tekið sér slíkt frí nokkuð hærra meðal innflytjenda (18,5% kvenna og 20,3% karla) en innfæddra (13,5% kvenna og 15,5% karla).

**Tafla 600.** *Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí, eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Aldrei | 13,5% | 18,5% | 14,5% | *N* = 4412 |
| Einu sinni | 10,8% | 19,4% | 12,7% | |
| Tvisvar | 12,7% | 17,9% | 13,8% | |
| Þrisvar | 9,0% | 14,1% | 10,1% | |
| Fjórum sinnum | 6,2% | 9,4% | 6,9% | |
| Fimm sinnum eða oftar | 47,9% | 20,7% | 41,9% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Aldrei | 15,5% | 20,3% | 16,5% | *N* = 3397 |
| Einu sinni | 10,3% | 21,7% | 12,6% | |
| Tvisvar | 12,0% | 19,6% | 13,5% | |
| Þrisvar | 11,6% | 15,1% | 12,3% | |
| Fjórum sinnum | 8,2% | 8,9% | 8,4% | |
| Fimm sinnum eða oftar | 42,4% | 14,4% | 36,7% | |

#### *3.2.4.1 Starfsumhverfi innflytjenda – samantekt*

Konur og karlar með erlendan bakgrunn meta starfsöryggi sitt minna eftir að heimsfaraldurinn af völdum Covid-19 skall á. Hærra hlutfall hefur einnig gengið á orlofsrétt sinn vegna heimsfaraldursins. Mun lægra hlutfall kvenna og karla með erlendan bakgrunn hefur tekið árlegt tveggja vikna sumarfrí síðastliðin fimm ár samanborið við innfæddar konur og karla.

#### *3.2.4.2 Working conditions of immigrants - Summary*

Men and women with a foreign background report less job security now than before the Covid-19 pandemic. They are also more likely to have used their vacation days for the pandemic. Women and men with a foreign background are much less likely to have taken a yearly, two-week summer holiday in the last five years, compared to native men and women.

### 3.2.5 Heilsufar innflytjenda

Andlegt heilsufar var metið með PHQ-9 sjálfsmatskvarðanum en hann inniheldur níu spurningar sem hver og ein gefa innsýn inn í andlega heilsu þátttakenda. Einnig er reiknað heildarskor sem samanstendur af samanlögðum stigum hvers þátttakanda. Hver svarandi getur fengið 0-27 stig en

10 eða fleiri stig eru metin sem slæm andleg heilsa. Við mat á líkamlegu heilsufari var notast við sjálfsmat þátttakenda. Einnig var spurt var um hvort þátttakendur hefðu neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir innflytjendastöðu og kyni.

Tafla 61 sýnir niðurstöður fyrir andlega heilsu kvenna og karla með tilliti til innflytjendastöðu. Á töflunni má sjá að mun hærra hlutfall innflytjenda (43,5% kvenna og 39,6% karla) en innfæddra (27,0% kvenna og 22,0% karla) skorar 10-27 punkta á heildarkvarðanum og telst því við slæma andlega heilsu. Af þeim sem töldu sig finna nær daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um var hlutfallið í öllu tilfellum nema einu hæst meðal kvenna með innflytjendabakgrunn. Af þeim konum finna 13,5% lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina, 14,2% eru niðurdregnar, daprar eða vonlausar, 17,5% eiga erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina og 22,7% finna fyrir þreytu og orkuleysi. Í öllum tilfellum var hlutfall erlendra karla sem töldu sig finna nær daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um hærra en innfædda karla og í sjö af níu þáttum var hlutfall þeirra hærra en innfæddra kvenna. Af erlendum körlum upplifa 12,3% lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina (á móti 6,4% innfæddra karla), 16,1% á erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (á móti 9,8% innfæddra karla) og 12,6% hafa liðið illa með sjálfa sig (á móti 6,8% innfæddra karla). Hlutfallslega algengast var á meðal erlendra karla að hugsa nær daglega um að betra væri ef þeir væru dánir eða hefðu skaðað sig á einhvern hátt (3,1% erlendra karla á móti 2,6% erlendra kvenna). Var hlutfallið meðal innfæddra ögn lægra (2,2% innfæddra karla og 1,4% innfæddra kvenna).

**Tafla 61.** *Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og innflytjendastöðu.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina* | | | | *N* = 7734 |
| Konur | 6,4% | 13,5% | 8,0% | 0,000** |
| Karlar | 6,4% | 12,3% | 7,6% | 0,000** |
| *Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus* | | | | *N* = 7741 |
| Konur | 4,5% | 14,2% | 6,6% | 0,000** |
| Karlar | 5,2% | 9,6% | 6,1% | 0,000** |
| *Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | *N* = 7766 |
| Konur | 12,1% | 17,5% | 13,3% | 0,000** |
| Karlar | 9,8% | 16,1% | 11,1% | 0,000** |
| *Þreyta og orkuleysi* | | | | *N* = 7751 |
| Konur | 15,8% | 22,7% | 17,3% | 0,000** |
| Karlar | 9,6% | 16,8% | 11,1% | 0,000** |
| *Lystarleysi eða ofát* | | | | *N* = 7675 |
| Konur | 7,8% | 10,9% | 8,5% | 0,000** |
| Karlar | 4,9% | 6,7% | 5,2% | 0,000** |
| *Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni* | | | | *N* = 7749 |
| Konur | 8,7% | 13,2% | 9,6% | 0,000** |
| Karlar | 6,8% | 12,6% | 8,0% | 0,000** |
| *Erfiðleikar með einbeitingu* | | | | *N* = 7751 |
| Konur | 6,7% | 12,2% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 4,9% | 6,2% | 5,2% | 0,000** |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus* | | | | *N* = 7735 |
| Konur | 2,7% | 4,9% | 3,1% | 0,000** |
| Karlar | 2,8% | 4,7% | 3,1% | 0,000** |
| *Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt* | | | | *N* = 7737 |
| Konur | 1,4% | 2,6% | 1,6% | 0,000** |
| Karlar | 2,2% | 3,1% | 2,4% | 0,000** |
| *Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)* | | | | *N* = 7818 |
| Konur | 27,0% | 43,5% | 30,6% | 0,000** |
| Karlar | 22,0% | 39,6% | 25,5% | 0,000** |

Tafla 62 sýnir að tölfræðilega marktækur munur er á líkamlegu heilsufari innfæddra og innflytjenda. Ólíkt því sem kom fram varðandi andlegt heilsufar þá meta konur með innflytjendabakgrunn líkamlegt heilsufar sitt betra en innfæddar konur (53% á móti 50,2%) og sama á við um líkamlegt heilsufar erlendra karla samanborið við innfædda karla (61,9% á móti 50,5%).

**Tafla 62.** *Líkamlegt heilsufar eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 10,1% | 9,5% | 9,9% | *N* = 4425 |
| Frekar gott | 40,1% | 43,5% | 40,8% | |
| Hvorki gott né slæmt | 32,6% | 31,5% | 32,4% | |
| Frekar slæmt | 15,5% | 14,0% | 15,2% | |
| Mjög slæmt | 1,7% | 1,5% | 1,7% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 12,2% | 15,8% | 12,9% | *N* = 3401 |
| Frekar gott | 38,3% | 46,1% | 39,9% | |
| Hvorki gott né slæmt | 33,4% | 27,9% | 32,3% | |
| Frekar slæmt | 14,5% | 8,6% | 13,3% | |
| Mjög slæmt | 1,6% | 1,5% | 1,6% | |

Tafla 63 sýnir hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði, greint eftir innflytjendastöðu og kyni. Hærra hlutfall innflytjenda (26,5% kvenna og 23,4% karla) hefur neitað sér um heilbrigðisþjónustu en innfæddra (11,8% kvenna og 9,8% karla). Tannlæknaþjónusta, geðheilbrigðisþjónusta, þjónusta sérfræðilækna og sjúkraþjálfun voru meðal þátta sem talsvert fleiri innflytjendur en innfæddir þurftu að neita sér um. Mun hærra hlutfall erlendra kvenna (44,1%) og erlendra karla (41,8%) hefur neitað sér um tannlæknaþjónustu en innfæddra kvenna (29,3%) og karla (27,4%). Hvað varðar geðheilbrigðisþjónustu þurftu 20% erlendra kvenna og 17,1% erlendra karla á móti 12,4% innfæddra kvenna og 8,7% innfæddra karla að neita sér um slíka þjónustu. Þjónustu sérfræðilækna neitaði 21,1% erlendra kvenna og 17,7% erlendra karla sér um en 12% innfæddra kvenna og 7,3% innfæddra karla og um sjúkraþjálfun neituðu sér 25,9% erlendra kvenna og 18,0% erlendra karla á móti 15,3% innfæddra kvenna og 10,9% innfæddra karla.

**Tafla 63.** *Neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Heilbrigðisþjónustu* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 11,8% | 26,5% | 15,0% | 0,000** |
| Karlar | 9,8% | 23,4% | 12,5% | 0,000** |
| *Að leysa út lyf* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 6,8% | 6,6% | 6,8% | 0,250 |
| Karlar | 5,9% | 9,0% | 6,5% | 0,000** |
| *Tannlæknaþjónustu* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 29,3% | 44,1% | 32,5% | 0,000** |
| Karlar | 27,4% | 41,8% | 30,3% | 0,000** |
| *Geðheilbrigðisþjónustu* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 12,4% | 20,0% | 14,0% | 0,000** |
| Karlar | 8,7% | 17,1% | 10,4% | 0,000** |
| *Þjónustu sérfræðilækna* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 12,0% | 21,1% | 14,0% | 0,000** |
| Karlar | 7,3% | 17,7% | 9,4% | 0,000** |
| *Hjálpartæki (t.d. heyrnartæki og gleraugu)* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 11,5% | 11,3% | 11,5% | 0,472 |
| Karlar | 10,3% | 8,9% | 10,0% | 0,000** |
| *Sálfræðiþjónustu* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 24,2% | 24,2% | 24,2% | 0,923 |
| Karlar | 14,3% | 16,9% | 14,8% | 0,000** |
| *Sjúkraþjálfun* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 15,3% | 25,9% | 17,6% | 0,000** |
| Karlar | 10,9% | 18,0% | 12,3% | 0,000** |
| *Aðra þjónustu* | | | | *N* = 7802 |
| Konur | 0,4% | 0,2% | 0,3% | 0,003** |
| Karlar | 0,2% | 0,1% | 0,2% | 0,579 |

Tafla 64 sýnir fjölda þátta heilbrigðisþjónustu sem fólk hefur þurft að neita sér um tekið saman eftir kyni og innflytjendastöðu. Hlutfall innflytjenda (32,4% kvenna og 38,4% karla) sem ekki hafa þurft að neita sér um neina af þeim þáttum sem fram koma í töflu 59 er töluvert lægra en meðal innfæddra (53,3% kvenna og 61,2% karla). Aftur á móti er hlutfall innflytjenda sem hefur þurft að neita sér um einn þátt (22,1% innflytjenda á móti 15,0% innfæddra), tvo þætti (15,4% innflytjenda á móti 10,2% innfæddra), þrjá þætti (11,7% innflytjenda á móti 7,7% innfæddra) og fjóra þætti eða fleiri (15,5% innflytjenda á móti 9,9% innfæddra) hærra meðal innflytjenda en innfæddra.

**Tafla 64.** *Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um hvers kyns heilbrigðisþjónustu eftir kyni og innflytjendastöðu. Samantaldir þættir.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Enginn | 53,3% | 32,4% | 48,8% | *N* = 4413 |
| Einn | 15,6% | 20,1% | 16,5% | |
| Tveir | 10,5% | 16,2% | 11,7% | |
| Þrír | 8,7% | 14,4% | 10,0% | |
| Fjórir eða fleiri | 11,9% | 16,9% | 13,0% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Enginn | 61,2% | 38,4% | 56,5% | *N* = 3389 |
| Einn | 14,4% | 24,0% | 16,3% | |
| Tveir | 9,9% | 14,6% | 10,8% | |
| Þrír | 6,7% | 8,9% | 7,1% | |
| Fjórir eða fleiri | 7,9% | 14,1% | 9,2% | |

Tafla 65 sýnir álag heimsfaraldursins á einkalíf. Álag á einkalíf 49,7% kvenna og 46,4% karla með innflytjendabakgrunn hefur aukist mikið eða nokkuð í kjölfar heimsfaraldursins en 42,4% innfæddra kvenna og 38,4% innfæddra karla.

**Tafla 65.** *Álag á einkalífi aukist eða minnkað í kjölfar heimsfaraldursins eftir innflytjendastöðu og kyni.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 11,9% | 18,2% | 13,3% | *N* = 4421 |
| Aukist nokkuð | 30,5% | 31,5% | 30,7% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 51,4% | 41,6% | 49,2% | |
| Minnkað nokkuð | 4,6% | 6,5% | 5,0% | |
| Minnkað mikið | 1,7% | 2,2% | 1,8% | |
| *Karlar* | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 8,8% | 15,6% | 10,2% | *N* = 3391 |
| Aukist nokkuð | 29,6% | 30,8% | 29,9% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 55,1% | 43,2% | 52,6% | |
| Minnkað nokkuð | 4,5% | 5,0% | 4,6% | |
| Minnkað mikið | 2,1% | 5,4% | 2,7% | |

#### *3.2.5.1 Heilsufar innflytjenda 2021 og 2022 - samanburður*

Tafla 66 sýnir að hærra hlutfall karla og kvenna með erlendan bakgrunn er við slæma andlega heilsu árið 2022 en 2021 (konur 43,5% og karlar 39,6% samanborið við 37,8% og 30,5%) og er andleg heilsa þeirra mun verri en þeirra sem ekki hafa erlendan bakgrunn.

Hærra hlutfall kvenna með erlendan bakgrunn finnur nú lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina (13,5% á móti 11,5%), eru niðurdregnar (14,2% á móti 12,2%), finna fyrir lystarleysi /ofáti (10,9% á móti 7,4%), eiga í erfiðleikum með einbeitingu (12,2% á móti 9%) og hafa hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gangstæða (4,9% á móti 3,4%) samanborið við árið á undan. Hærra hlutfall karla með erlendan bakgrunn finnur fyrir lystarleysi/ofáti (6,7% á móti 6%), hefur liðið illa með sjálfa sig (12,6% á móti 8,9%), átt erfitt með einbeitingu (6,2% á móti 3,8%), hafa hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gangstæða (4,7% á móti 3,8%) og hafa hugsað um að betra væri betra ef þeir væru dánir eða að skaða sig (3,1% á móti 2,2%) samanborið við fyrra ár.

**Tafla 66.** *Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir innflytjendastöðu 2021 og 2022.*

| | 2021 | | 2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Innfæddir | Innflytjendur | Innfæddir | Innflytjendur |
| *Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina* | | | | |
| Konur | 5,8% | 11,5% | 6,4% | 13,5% |
| Karlar | 5,5% | 14,8% | 6,4% | 12,3% |
| *Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus* | | | | |
| Konur | 3,8% | 12,2% | 4,5% | 14,2% |
| Karlar | 3,5% | 10,2% | 5,2% | 9,6% |
| *Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | |
| Konur | 11,0% | 23,2% | 12,1% | 17,5% |
| Karlar | 7,8% | 16,0% | 9,8% | 16,1% |
| *Þreyta og orkuleysi* | | | | |
| Konur | 14,1% | 23,9% | 15,8% | 22,7% |
| Karlar | 8,3% | 17,5% | 9,6% | 16,8% |
| *Lystaleysi eða ofát* | | | | |
| Konur | 7,3% | 7,4% | 7,8% | 10,9% |
| Karlar | 3,4% | 6,0% | 4,9% | 6,7% |
| *Liðið illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfri/um sér* | | | | |
| Konur | 8,3% | 11,7% | 8,7% | 13,2% |
| Karlar | 5,5% | 8,9% | 6,8% | 12,6% |
| *Erfiðleikar með einbeitingu* | | | | |
| Konur | 6,2% | 9,0% | 6,7% | 12,2% |
| Karlar | 4,2% | 3,8% | 4,9% | 6,2% |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða, verið svo eirðarlaus* | | | | |
| Konur | 3,6% | 3,4% | 2,7% | 4,9% |
| Karlar | 2,4% | 3,6% | 2,8% | 4,7% |
| *Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt* | | | | |
| Konur | 1,9% | 3,5% | 1,4% | 2,6% |
| Karlar | 1,3% | 2,2% | 2,2% | 3,1% |
| *Slæma andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum* | | | | |
| Konur | 25,6% | 37,8% | 27,0% | 43,5% |
| Karlar | 18,3% | 30,5% | 22,0% | 39,6% |

### 3.2.5.2 Heilsufar innflytjenda - samantekt

Andleg heilsa kvenna og karla með erlendan bakgrunn mælist umtalsvert verri á öllum þeim níu þáttum sem saman meta andlega heilsu og er verri en í sömu könnun í fyrra. Ríflega fjórar af hverjum tíu konum með innflytjendabakgrunn og tæplega fjórir af hverjum tíu körlum með erlendan bakgrunn mælast með slæma andlega heilsu. Minni munur er á líkamlegri heilsu en örlítið lægra hlutfall innflytjenda metur líkamlega heilsu sína frekar eða mjög slæma en innfæddra. Ríflega sex af hverjum tíu körlum og sjö af hverjum tíu konum með erlendan bakgrunn hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu og er hlutfallið hærra en hjá innfæddum.

Konur og karlar með innflytjendabakgrunn finna í meira mæli fyrir álagi í einkalífi í kjölfar heimsfaraldursins en innfæddir.

### 3.2.5.3 Health of immigrants – Summary

Women and men with a foreign background report considerably poorer mental health on all nine factors used to measure mental health, and the results show a poorer mental health than in the same survey one year ago. Just over four out of 10 women with an immigrant background and almost four out of 10 men with a foreign background report poor mental health. There is a smaller difference in physical health but slightly less immigrants report somewhat, or very poor physical health compared to native Icelanders. Just over six out of 10 men and seven out of 10 women with a foreign background have denied themselves health care service, more than among native Icelanders.

Women and men with an immigration background are more likely to report an increase in the private-life burden during the pandemic, compared to native Icelanders.

## 3.3 Ungt fólk

Það er misjafnt við hvaða aldursmörk hefur verið miðað í athugunum á aðstæðum ungs fólks á vinnumarkaði. Stundum eru eingöngu  skoðaðir unglingar undir 18 ára aldri eða undir tvítugu (Margrét Einarsdóttir og Ásta Snorradóttir, 2020), í tölfræði Hagstofu Íslands og Hagstofu Evrópusambandsins eru mörkin gjarnan sett við 24 ára aldurinn (Hagstofan, 2018) en í öðrum tilfellum eru mörkin jafnvel sett við 35 ára aldur (Hanvold, Kines, Nykänen, Ólafsdóttir, Thomée, Holte o.fl., 2016). Í samstarfsverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins þar sem unnið er að því að bæta lífskjör og lífsgæði ungs fólks er miðað við aldursbilið 18-29 ára (Virk starfsendurhæfingarsjóður, 2020). Hér var ákveðið að miða við 35 ára aldurinn og allir undir þeim

aldri flokkaðir til ungs fólks. Við greiningar á stöðu ungs fólk er gerður greinamunur á ungu fólki sem er búsett hjá foreldrum og því sem er ekki búsett í foreldrahúsum.

### 3.3.1 Lýðfræðileg samsetning ungs fólks

Þegar lýðfræðileg samsetning ungs fólks er skoðuð sést að örlítið hærra hlutfall ungra kvenna en ungra karla er ekki búsett í foreldrahúsum (52,5% á móti 47,5%). Að sama skapi er hærra hlutfall ungra karla en kvenna búsett í foreldrahúsum (51,9% á móti 48,1%). Hæst hlutfall ungs fólks sem ekki er búsett í foreldrahúsum er í sambúð með börn á heimili (41,1%), næsthæst er hlutfall sambúðarfólks án barna (27,2%), þar á eftir er einhleypt fólk án barna (25,8%) en lægst er hlutfall þeirra sem eru einstæðir foreldrar (5,9%). Fjölskyldustaða þess fólks sem er búsett í foreldrahúsum sker sig nokkuð úr. Hæst er hlutfall einhleypra (43,4%) og næsthæst einstæðra foreldra (21,3%). Þar á eftir kemur sambúðarfólk (18,4%) en lægst er hlutfall sambúðarfólks með börn (16,9%). Af því unga fólki sem búsett er í foreldrahúsum eru flestir innfæddir (92,4% innfæddir á móti 7,6% innflytjenda). Mikill meirihluti ungs fólks er í launavinnu eða 87,9% þeirra sem ekki eru búsettir í foreldrahúsum og 88% þeirra sem eru í foreldrahúsum. Önnur staða á vinnumarkaði er hlutfallslega hærri, sérstaklega meðal þeirra sem eru búsettir í foreldrahúsum en í flokkinn önnur staða falla meðal annars námsmenn. Hærra hlutfall ungs fólks sem ekki er í foreldrahúsum er með menntun á háskólastigi (36,6% á móti 16,3%) samanborið við fólk sem býr í foreldrahúsum en hærra hlutfall ungs fólks í foreldrahúsum er með menntun á framhaldsskólastigi (55% á móti 45%) og grunnskólastigi (28,7% á móti 18,8%) samanborið við fólk sem ekki býr í foreldrahúsum.

**Tafla 67.** *Lýðfræðileg samsetning ungs fólks.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kyn* | | | | | 0,000** |
| Kona | 45,6% | 52,5% | 51,9% | 47,5% | *N* = 8171 |
| Karl | 54,4% | 47,5% | 48,1% | 52,5% | |
| *Fjölskyldustaða* | | | | | 0,000** |
| Í sambúð/börn á heimili | 33,2% | 41,1% | 16,9% | 34,3% | *N* = 8074 |
| Í sambúð án barna | 43,0% | 27,2% | 18,4% | 38,1% | |
| Einhleypir/börn á heimili | 6,5% | 5,9% | 21,3% | 7,0% | |
| Einhleypir án barna | 17,3% | 25,8% | 43,4% | 20,5% | |
| *Innflytjendastaða* | | | | | 0,000** |
| Innfæddir | 85,5% | 56,5% | 92,4% | 79,0% | *N* = 8227 |
| Innflytjendur | 14,5% | 43,5% | 7,6% | 21,0% | |
| *Vinnumarkaðsstaða* | | | | | |
| Í launaðri vinnu | 89,5% | 87,9% | 88,0% | 89,1% | *N* = 7784 |
| Atvinnulaus | 3,9% | 6,3% | 2,5% | 4,4% | |
| Önnur staða | 6,6% | 5,8% | 9,5% | 6,6% | |
| *Búseta* | | | | | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðið | 60,4% | 59,9% | 63,9% | 60,4% | *N* = 8224 |
| Suðurnes | 5,5% | 5,9% | 3,7% | 5,5% | |
| Landsbyggðin | 34,2% | 34,2% | 32,4% | 34,1% | |
| *Menntun* | | | | | 0,000** |
| Grunnskólastig | 24,8% | 18,8% | 28,7% | 23,5% | *N* = 8211 |
| Framhaldsskólastig | 51,3% | 45,0% | 55,0% | 50,0% | |
| Háskólastig | 23,9% | 36,3% | 16,3% | 26,5% | |

### 3.3.2 Fjárhagsstaða ungs fólks

Hér er fjallað um fjárhagsstöðu ungs fólks og greint hversu auðvelt eða erfitt er að ná endum saman, efnislegum skorti, byrði húsnæðiskostnaðar, fjárhagsaðstoð, hvort hægt væri að mæta óvæntum 80.000 kr. útgjöldum, hvernig væri hægt að bregðast við ef skorti hálf mánaðarlaun, hvort séreignarsparnaður hafi verið tekinn út, tekinn yfirdráttur, smálán, skammtímalán eða hvort húsnæði hafi verið endurfjármagnað til að auka lausafjárstöðu. Auk þess er greint frá því hvort fjárhagsstaða sé betri eða verri en fyrir ári. Niðurstöðurnar voru greindar eftir kyni aldri og hvort þátttakendur séu búsettir á heimili foreldra eða ekki.

Tafla 68 sýnir hversu auðvelt eða erfitt fyrir ungt fólk er að ná endum saman eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. Ungt fólk sem ekki er búsett í foreldrahúsum er sá hópur sem á oftast á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman en hlutfallið er 37,7% meðal kvenna og 35,4% meðal karla. Ungt fólk sem býr í foreldrahúsum er aftur á móti sá hópur sem ólíklegast er að eigi nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman en hlutfallið er 19,7% meðal kvenna og 15,9% hjá körlum.

**Tafla 68.** *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 13,7% | 7,7% | 22,7% | 12,6% | *N* = 4344 |
| Auðvelt | 17,1% | 14,5% | 24,1% | 16,8% | |
| Nokkuð auðvelt | 36,3% | 41,1% | 33,5% | 37,4% | |
| Nokkuð erfitt | 22,4% | 25,5% | 11,7% | 22,7% | |
| Erfitt | 6,5% | 7,0% | 4,4% | 6,5% | |
| Mjög erfitt | 4,0% | 4,2% | 3,6% | 4,0% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Mjög auðvelt | 16,2% | 10,3% | 22,5% | 15,2% | *N* = 3322 |
| Auðvelt | 17,8% | 13,7% | 25,8% | 17,2% | |
| Nokkuð auðvelt | 37,6% | 40,6% | 35,8% | 38,2% | |
| Nokkuð erfitt | 20,8% | 24,4% | 7,6% | 21,0% | |
| Erfitt | 4,4% | 6,4% | 3,6% | 4,8% | |
| Mjög erfitt | 3,3% | 4,6% | 4,7% | 3,6% | |

Tafla 69 sýnir þá níu þætti efnislegs skorts sem mældir voru, með tilliti til kyns, aldurs og hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Hlutfall ungs fólks sem er ekki búsett í foreldrahúsum mælist í öllum tilfellum hærra en meðal fólks sem er 36 ára og eldra. Til að mynda hafa 32,6% ungra kvenna og 24,3% ungra karla ekki efni á árlegu sumarfríi með fjölskyldu samanborið við 18,5% kvenna og 13,9% karla 36 ára og eldri. Hvað varðar að geta mætt óvæntum útgjöldum telja 34,7% ungra kvenna og 36,4% ungra karla sig ekki geta slíkt samanborið við 24,1% kvenna og 18,9% karla 36 ára og eldri. Eins hafa 16,8% ungra kvenna og 15,8% ungra karla ekki efni á bíl en hlutfallið er 5,9% meðal kvenna og 5,8% meðal karla sem eru 36 ára og eldri.

**Tafla 69.** *Efnislegur skortur ungs fólks eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Vanskil á leigu/lánum* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 4,2% | 5,0% | 2,0% | 4,3% | 0,000** |
| Karlar | 5,7% | 7,4% | 3,1% | 6,0% | 0,000** |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 18,5% | 32,6% | 21,1% | 22,3% | 0,000** |
| Karlar | 13,9% | 24,3% | 16,7% | 16,2% | 0,000** |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 5,4% | 7,7% | 6,0% | 6,0% | 0,000** |
| Karlar | 3,1% | 8,8% | 5,2% | 4,4% | 0,000** |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 24,1% | 34,7% | 20,0% | 26,7% | 0,000** |
| Karlar | 18,9% | 36,4% | 16,4% | 22,5% | 0,000** |
| *Ekki efni á síma* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 0,3% | 2,2% | 0,5% | 0,8% | 0,000** |
| Karlar | 0,7% | 4,0% | 1,0% | 1,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 1,3% | 5,0% | 2,9% | 2,4% | 0,000** |
| Karlar | 1,4% | 5,5% | 1,4% | 2,2% | 0,000** |
| *Ekki efni á þvottavél* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 1,7% | 4,6% | 3,1% | 2,5% | 0,000** |
| Karlar | 1,4% | 5,9% | 3,4% | 2,4% | 0,000** |
| *Ekki efni á bíl* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 5,9% | 16,8% | 13,8% | 9,1% | 0,000** |
| Karlar | 5,8% | 15,8% | 10,5% | 8,1% | 0,000** |
| *Ekki nægileg upphitun* | | | | | *N* = 7599 |
| Konur | 0,7% | 0,8% | 0,0% | 0,7% | 0,000** |
| Karlar | 0,8% | 2,5% | 0,7% | 1,2% | 0,000** |

Í töflu 70 hefur fjöldi þátta efnislegs skorts verið tekinn saman eftir kyni og hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 64 og saman mæla efnislegan skort. Þeir sem ekki hafa efni á þremur þáttum sem mældir eru á þessum skala hafa verið skilgreindir þannig að þeir búi við efnislegan skort. Þeir sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum búa samkvæmt sömu skilgreiningu við verulegan efnislega skort. Hlutfall þeirra sem ekki hafa þurft að neita sér um neinn af þeim þáttum sem spurt var um er mun hærra meðal fólks 36 ára og eldra (66,3% kvenna og 72,0% karla) og ungs fólks sem býr í foreldrahúsum (65,6% kvenna og 76,7% karla) samanborið við ungt fólk sem ekki býr í foreldrahúsum (47,1% kvenna og 49,0% karla). Aftur á móti var hlutfall þeirra sem þurftu að neita sér um einn þátt (20,8%

kvenna og 22,0% karla), tvo þætti (17,3% kvenna og 13,8% karla), þrjá þætti (8,4% kvenna og 7,0% karla) eða fjóra eða fleiri þætti (6,4% kvenna og 8,1% karla) í öllum tilfellum hæst meðal ungs fólks sem ekki býr í foreldrahúsum samanborið við aðra hópa.

**Tafla 70.** *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Enginn | 66,3% | 47,1% | 65,6% | 61,3% | *N* = 4313 |
| Einn | 16,7% | 20,8% | 15,3% | 17,7% | |
| Tveir | 10,0% | 17,3% | 10,4% | 11,9% | |
| Þrír | 4,2% | 8,4% | 5,7% | 5,4% | |
| Fjórir eða fleiri | 2,8% | 6,4% | 3,0% | 3,8% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Enginn | 72,0% | 49,0% | 76,7% | 67,3% | *N* = 3286 |
| Einn | 14,4% | 22,0% | 7,0% | 15,7% | |
| Tveir | 7,8% | 13,8% | 7,7% | 9,1% | |
| Þrír | 3,5% | 7,0% | 3,4% | 4,2% | |
| Fjórir eða fleiri | 2,4% | 8,1% | 5,2% | 3,7% | |

Tafla 71 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar ungs fólks. Hærra hlutfall ungs fólks (87,2% kvenna og 87,7% karla) sem er ekki búsett í foreldrahúsum metur kostnað vegna húsnæðis þunga eða nokkra byrði samanborið við fólk 36 ára og eldra (74,9% kvenna og 74,8% karla).

**Tafla 71.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Þung byrði | 23,5% | 38,6% | 17,3% | 27,2% | *N* = 4326 |
| Nokkur byrði | 51,4% | 48,6% | 35,0% | 49,8% | |
| Engin byrði | 25,1% | 12,8% | 47,7% | 23,0% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Þung byrði | 21,3% | 40,5% | 11,1% | 25,0% | *N* = 3313 |
| Nokkur byrði | 53,5% | 47,2% | 46,6% | 51,9% | |
| Engin byrði | 25,2% | 12,2% | 42,3% | 23,1% | |

Tafla 72 sýnir hvort svarendur hafi fengið einhvers konar fjárhagsaðstoð síðastliðið ár og eru niðurstöðurnar birtar eftir kyni, aldri og hvort þátttakendur eru búsettir á heimili foreldra eða ekki. Mun hærra hlutfall ungs fólks sem er ekki búsett á heimili foreldra hefur fengið aðstoð frá vinum eða ættingjum (26,5% kvenna og 23,4% karla) samanborið við ungt fólk búsett á heimili foreldra (17,2% kvenna og 10% karla) og 36 ára og eldri (11,1% kvenna og 9,7% karla). Að sama skapi er hlutfallslega algengast meðal ungs fólks sem ekki eru búsett á heimili foreldra að hafa þegið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi (6,6% kvenna og 5,7% karla), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (2,6% kvenna og 3,4% karla) og mataraðstoð (3,4% kvenna og 2,5% karla) samanborið við aðra hópa.

**Tafla 72.** *Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags* | | | | | *N* = 7658 |
| Konur | 1,8% | 6,6% | 1,4% | 3,0% | 0,000** |
| Karlar | 2,2% | 5,7% | 1,9% | 2,9% | 0,000** |
| *Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa* | | | | | *N* = 7658 |
| Konur | 11,1% | 26,5% | 17,2% | 15,5% | 0,000** |
| Karlar | 9,7% | 23,4% | 10,0% | 12,6% | 0,000** |
| *Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum* | | | | | *N* = 7659 |
| Konur | 1,2% | 2,6% | 0,5% | 1,6% | 0,000** |
| Karlar | 0,9% | 3,4% | 3,7% | 1,6% | 0,000** |
| *Mataraðstoð* | | | | | *N* = 7658 |
| Konur | 1,8% | 3,4% | 1,0% | 2,2% | 0,000** |
| Karlar | 1,5% | 2,5% | 1,4% | 1,7% | 0,000** |

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 73, greindar eftir aldri, kyni og því hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Hlutfallslega algengast var að ungt fólk sem ekki er búsett í foreldrahúsum teldi sig ekki geta mætt slíkum útgjöldum (51,8% kvenna og 42,1% karla) samanborið við ungt fólk í foreldrahúsum (38,9% kvenna og 26,2% karla) og fólk eldra en 36 ára (37% kvenna og 27,9% karla).

**Tafla 73.** *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Já | 52,4% | 37,7% | 50,6% | 48,5% | *N* = 4271 |
| Nei | 37,0% | 51,8% | 38,9% | 41,0% | |
| Veit ekki | 10,5% | 10,5% | 10,6% | 10,5% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Já | 63,8% | 48,7% | 60,5% | 60,5% | *N* = 3285 |
| Nei | 27,9% | 42,1% | 26,2% | 30,9% | |
| Veit ekki | 8,2% | 9,2% | 13,3% | 8,7% | |

Þátttakendur voru spurðir að því hvað þeir teldu sig geta gert ef þá skorti hálf mánaðarlaun. Tafla 74 sýnir niðurstöðu þeirra svara greindar eftir kyni, aldri og hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Meðal þeirra sem töldu sig geta tekið yfirdrátt var hlutfallið hæst hjá ungu fólki sem ekki býr í foreldrahúsum (34,9% kvenna og 37,9% karla) samanborið við 32,1% 36 ára og eldri og 22,5% ungs fólks sem býr í foreldrahúsum. Að sama skapi er hæst hlutfall þeirra sem töldu sig geta tekið smálán meðal ungs fólks utan foreldrahúsa (14,1% kvenna og 15,4% karla) samanborið við ungt fólk í foreldrahúsum (6,7% kvenna og 11,2% karla) og fólk 36 ára og eldra (5,6% kvenna og 5,5% karla).

**Tafla 74.** *Leiðir til að bregðast við ef skortir hálf mánaðarlaun eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Tekið út sparnað* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 38,8% | 36,3% | 47,0% | 38,6% | 0,000** |
| Karlar | 44,4% | 40,6% | 46,0% | 43,6% | 0,000** |
| *Fengið lán hjá fjölskyldu/vinum* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 17,4% | 46,5% | 54,3% | 26,8% | 0,000** |
| Karlar | 18,5% | 45,1% | 40,0% | 25,1% | 0,000** |
| *Tekið yfirdrátt* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 32,0% | 34,9% | 19,6% | 32,2% | 0,000** |
| Karlar | 32,2% | 37,9% | 25,4% | 33,1% | 0,000** |
| *Tekið smálán* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 5,6% | 14,1% | 6,7% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 5,5% | 15,4% | 11,2% | 7,9% | 0,000** |
| *Tekið önnur lán* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 9,6% | 12,1% | 6,0% | 10,0% | 0,000** |
| Karlar | 9,9% | 18,2% | 8,9% | 11,6% | 0,000** |
| *Dregið úr neyslu* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 40,4% | 42,7% | 29,6% | 40,5% | 0,000** |
| Karlar | 38,1% | 52,0% | 43,4% | 41,3% | 0,000** |
| *Veit ekki* | | | | | *N* = 7701 |
| Konur | 11,8% | 11,2% | 14,5% | 11,8% | 0,000** |
| Karlar | 9,3% | 10,0% | 14,8% | 9,7% | 0,000** |

Tafla 75 sýnir að af þeim sem tekið hafa yfirdrátt á síðastliðnum 12 mánuðum er hlutfallið mun hærra meðal ungs fólks sem ekki er búsett hjá foreldrum (33% kvenna og 31,8% karla) samanborið við ungt fólk í foreldrahúsum (15,1% kvenna og 17,8% karla) og fólk 36 ára og eldra (26,1% kvenna og 25,7% karla). Sama á við um töku smálána en ungt fólk sem ekki býr í foreldrahúsum er mun líklegra til að hafa tekið smálán (10,4% kvenna og 10,5% karla) samanborið við fólk 36 ára og eldra (5,1% kvenna og 4,8% karla). Nokkuð hærra hlutfall ungra karla í foreldrahúsum (10,4%) samanborið við ungar konur í foreldrahúsum (6%) hefur tekið smálán. Jafnframt er hlutfall þeirra sem tekið hafa önnur skammtímalán hærra meðal ungs fólks utan foreldrahúsa (15,4% kvenna og 15,6% karla) samanborið við fólk eldra en 36 ára (9,4% kvenna og 9,8% karla) og ungar konur í foreldrahúsum (4,6%). Aftur á móti er hæst hlutfallið meðal ungra karla í foreldrahúsum sem tekið hefur önnur skammtímalán (20,2%).

**Tafla 75.** *Hlutfall þeirra sem síðastliðið ár hafa tekið út séreignarsparnað, tekið yfirdrátt, smálán, skammtímalán eða endurfjármagnað húsnæði eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Tekið út séreignarsparnað* | | | | | *N* = 7689 |
| Konur | 17,3% | 17,7% | 11,1% | 17,1% | 0,000** |
| Karlar | 20,1% | 22,8% | 11,0% | 20,3% | 0,000** |
| *Tekið yfirdrátt* | | | | | *N* = 7689 |
| Konur | 26,1% | 33,0% | 15,1% | 27,4% | 0,000** |
| Karlar | 25,7% | 31,8% | 17,8% | 26,7% | 0,000** |
| *Tekið smálán* | | | | | *N* = 7689 |
| Konur | 5,1% | 10,4% | 6,0% | 6,5% | 0,000** |
| Karlar | 4,8% | 10,5% | 10,4% | 6,2% | 0,000** |
| *Tekið önnur skammtímalán* | | | | | *N* = 7689 |
| Konur | 9,4% | 15,4% | 4,6% | 10,8% | 0,000** |
| Karlar | 9,8% | 15,6% | 20,2% | 11,5% | 0,000** |
| *Endurfjármagnað húsnæði til að auka lausafjárstöðu* | | | | | *N* = 7689 |
| Konur | 9,4% | 6,4% | 0,7% | 8,2% | 0,000** |
| Karlar | 10,3% | 6,1% | 1,1% | 9,0% | 0,000** |

Tafla 76 sýnir hvort þátttakendur meta fjárhagsstöðu sína betri eða verri en fyrir ári. Lægra hlutfall ungs fólks utan foreldrahúsa (32,1% kvenna og 32,4% karla) og ungs fólks í foreldrahúsum (32,1% kvenna og 29,2% karla) meta fjárhagsstöðu sína eins og fyrir ári samanborið við fólk 36 ára og eldra (52,9% kvenna og 50,7% karla). Aftur á mót metur hærra hlutfall ungs fólks utan foreldrahúsa (38,8% kvenna og 40,6% karla) og ungt fólk í foreldrahúsum (44,8% kvenna og 57,2% karla) fjárhagsstöðu sína mun eða nokkru betri en fyrir ári samanborið við fólk 36 ára og eldra (22,7% kvenna og 27,7% karla).

**Tafla 76**. *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Mun betri | 5,3% | 10,2% | 12,6% | 6,9% | *N* = 436 |
| Nokkuð betri | 17,4% | 28,6% | 32,2% | 21,1% | |
| Eins og fyrir ári | 52,9% | 32,1% | 32,1% | 46,5% | |
| Nokkuð verri | 19,4% | 19,7% | 17,1% | 19,4% | |
| Mun verri | 5,0% | 9,4% | 6,0% | 6,2% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Mun betri | 6,1% | 10,4% | 16,9% | 7,5% | *N* = 3331 |
| Nokkuð betri | 21,6% | 30,2% | 40,3% | 24,2% | |
| Eins og fyrir ári | 50,7% | 32,4% | 29,2% | 45,9% | |
| Nokkuð verri | 16,7% | 20,3% | 9,5% | 17,2% | |
| Mun verri | 4,9% | 6,7% | 4,1% | 5,2% | |

#### *3.3.2.1 Fjárhagsstaða ungs fólks – samantekt*

Fjárhagsstaða ungs fólk 35 ára og yngra sem ekki er búsett í foreldrahúsum er mun verri en ungs fólks í foreldrahúsum og þeirra sem eru 36 ára og eldri. Það á erfiðara með að ná endum saman og eru líklegra til að búa við skort á efnislegum gæðum. Húsnæðiskostnaður er í mun meira mæli þung byrði og hærra hlutfall gæti ekki mætt óvæntum 80.000 króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Ungt fólk sem ekki er búsett í foreldrahúsum er sá hópur sem í hvað hæsta hlutfalli er með yfirdrátt eða um þrír af hverjum tíu og þeirra sem hafa tekið smálán eða ríflega einn af hverjum tíu.

#### *3.3.2.2 Fjárhagsstaða ungs fólks – summary*

The financial standing of those 35 years old and younger not living with their parents is much worse than that of young people living with their parents, and worse than that of those 36 years old and older. They find it more difficult to make ends meet and are more likely to suffer material deprivation. They are much more likely to have a burdensome housing cost and are also more likely to report not being able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK without going into debt. Young people who are not living with their parents are the group most likely to have a bank

overdraft, with three out of 10 having an overdraft, and also to have taken a microcredit loan, with one out of 10 having done so.

### 3.3.3 Staða ungs fólks á húsnæðismarkaði

Hér er greint frá stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði. Fyrst í hvers konar húsnæði ungt fólk er búsett, hversu oft það hefur flutt eða skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum og loks hvernig það metur húsnæðisöryggi sitt. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni, aldri og hvort fólk sé búsett í foreldrahúsum eða ekki.

Tafla 77 sýnir að hlutfall ungs fólks á almennum leigumarkaði (42,9% kvenna og 47,1% karla) er mun hærra en meðal fólks 36 ára og eldra (14,9% kvenna og 16,9% karla). Að sama skapi er mun lægra hlutfall ungs fólks í eigin húsnæði (46,3% kvenna og 45,5% karla) samanborið við fólk 36 ára og eldra (78,2% kvenna og 76,3% karla). Sá hópur sem er hlutfallslega líklegastur til að búa í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnu leigufélagi eru ungar konur (7,7%) og konur 36 ára og eldri (5,2%). Hlutfall ungra karla í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnu leigufélagi er lægra en hlutfall karla sem eru 36 ára og eldri (4,1% á móti 4,4%).

**Tafla 77.** *Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 78,2% | 46,3% | 0,0% | 65,9% | *N* = 4348 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 14,9% | 42,9% | 0,0% | 21,5% | |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 5,2% | 7,7% | 0,0% | 5,6% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 1,2% | 0,0% | 100,0% | 5,9% | |
| Annað | 0,5% | 3,1% | 0,0% | 1,2% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 76,3% | 45,5% | 0,0% | 66,5% | *N* = 3321 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 16,9% | 47,1% | 0,0% | 22,7% | |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 4,4% | 4,1% | 0,0% | 4,1% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 1,5% | 0,0% | 100,0% | 5,3% | |
| Annað | 0,9% | 3,3% | 0,0% | 1,3% | |

Tafla 78 sýnir hversu oft á undanförnum fimm árum þátttakendur hafa flutt eða skipt um húsnæði. Ungt fólk sem ekki býr í foreldrahúsum er sá hópur sem hlutfallslega hefur oftast skipt um húsnæði en 10,7% ungra kvenna og 7,7% ungra karla hafa flutt fimm sinnum eða oftar. Aftur á móti er hlutfallið 2% meðal kvenna og 1,1% meðal karla 36 ára og eldri.

**Tafla 78.** *Hversu oft flutt/skipt um húsnæði á undanförnum fimm árum eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Aldrei | 57,8% | 12,9% | 49,3% | 45,7% | *N* = 4349 |
| Einu sinni | 24,7% | 32,7% | 28,3% | 27,0% | |
| Tvisvar | 9,5% | 20,5% | 7,6% | 12,3% | |
| Þrisvar | 5,3% | 15,8% | 6,0% | 8,1% | |
| Fjórum sinnum | 1,3% | 7,5% | 4,6% | 3,1% | |
| Fimm sinnum | 1,1% | 5,2% | 1,5% | 2,2% | |
| Sex sinnum eða oftar | 0,3% | 5,5% | 2,6% | 1,8% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Aldrei | 57,2% | 14,9% | 46,4% | 47,7% | *N* = 3324 |
| Einu sinni | 26,8% | 30,9% | 21,9% | 27,5% | |
| Tvisvar | 8,5% | 20,1% | 18,6% | 11,4% | |
| Þrisvar | 4,7% | 15,0% | 3,7% | 6,9% | |
| Fjórum sinnum | 1,8% | 11,4% | 3,2% | 3,9% | |
| Fimm sinnum | 0,5% | 3,9% | 4,5% | 1,4% | |
| Sex sinnum eða oftar | 0,6% | 3,8% | 1,7% | 1,3% | |

Þátttakendur voru beðnir um að svara því hversu sammála eða ósammála þeir væru þeirri fullyrðingu að þeir byggju við húsnæðisöryggi. Tafla 79 sýnir þær niðurstöður greindar eftir kyni, aldri og því hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Hlutfallslega algengast var að ungt fólk utan foreldrahúsa væri fullyrðingunni frekar eða mjög ósammála (13,9% kvenna og 16,8% karla) samanborið við ungt fólk í foreldrahúsum (8,2% kvenna og 9,7% karla) og fólk 36 ára og eldra (8,6% kvenna og 8,4% karla).

**Tafla 79.** *Húsnæðisöryggi eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 56,5% | 36,1% | 59,4% | 51,3% | *N* = 4346 |
| Frekar sammála | 25,8% | 35,8% | 16,3% | 28,0% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 9,1% | 14,2% | 16,1% | 10,8% | |
| Frekar ósammála | 4,7% | 9,6% | 4,6% | 6,0% | |
| Mjög ósammála | 3,9% | 4,3% | 3,6% | 4,0% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Mjög sammála | 53,9% | 32,1% | 55,3% | 49,3% | *N* = 3324 |
| Frekar sammála | 27,8% | 34,2% | 23,0% | 29,0% | |
| Hvorki sammála né ósammála | 9,9% | 16,9% | 12,0% | 11,5% | |
| Frekar ósammála | 5,2% | 11,4% | 6,1% | 6,6% | |
| Mjög ósammála | 3,2% | 5,4% | 3,6% | 3,7% | |

#### *3.3.3.1 Staða ungs fólks á húsnæðismarkaði – samantekt*

Hlutfall ungs fólks á almennum leigumarkaði er mun hærra en þess sem er 36 ára og eldra. Ríflega fjórar af hverjum tíu ungum konum og tæplega fimm af hverjum tíu ungum körlum eru á almennum leigumarkaði. Nokkuð hærra hlutfall ungra kvenna er í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigufélögum en kvenna sem eru 36 ára og eldri. Ungt fólk er mun líklegra en þeir sem eru 36 ára og eldri til að hafa flutt ítrekað á síðastliðnum fimm árum en tæplega einn af hverjum tíu hafa flutt árlega eða oftar og metur ungt fólk húsnæðisöryggi sitt minna en þeir sem eldri eru.

#### *3.3.3.2 Young people in the housing market – Summary*

Young people are much more likely to rent in the private rental market than those 36 and older. Just over four out of 10 young women and almost five out of 10 young men rent in the private rental market. Young women are somewhat more likely to rent with non-profit rental associations than women 36 and older. Young people are much more likely than those 36 and older to have frequently moved houses in the last five years, with almost 1 out of 10 having moved once per year or more, and young people report less housing security than those older.

### 3.3.4 Heilsufar ungs fólks

Þeir heilsufarsþættir sem notaðir voru til að meta heilsufar voru: sjálfsmat á níu einkennum andlegrar vanlíðanar og heildarmat á andlegri heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum, sjálfsmat á líkamlegi heilsu nú um stundir, hvort fólk hafi neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu og hvort álag í einkalífi hafi aukist eða minnkað í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni, aldri og hvort þátttakendur eru búsettir hjá foreldrum eða ekki.

Tafla 80 sýnir niðurstöður yfir andlega heilsu ungs fólk. Á töflunni má sjá að hlutfallslega algengara er að ungt fólk, hvort sem það býr í foreldrahúsum eða ekki, skori 10-27 punkta á heildarkvarðanum og telst því búa við slæma andlega heilsu. Meðal ungra kvenna og karla utan foreldrahúsa var hlutfallið 45,1% og 36,2% og meðal ungra kvenna og karla í foreldrahúsum 45,2% og 32,5% samanborið við 24,2% kvenna og 22,2% karla 36 ára og eldra. Af þeim sem töldu sig finna nær daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um var hlutfallið í nær öllu tilfellum hærra meðal ungs fólks óháð því hvort það byggi í foreldrahúsum eða ekki samanborið við fólk 36 ára og eldra. Meðal þeirra sem finna nær daglega fyrir depurð og vonleysi er hlutfallið hæst hjá ungum körlum sem búa í foreldrahúsum (12,5%). Til samanburðar er hlutfallið 4,8% meðal karla 36 ára og eldri. Hæst hlutfall þeirra sem finna fyrir þreytu og orkuleysi er meðal ungra kvenna í foreldrahúsum (28,4%) og ungra kvenna utan foreldrahúsa (23,7%) samanborið við 14% kvenna 36 ára og eldri. Af þeim sem áttu nær daglega erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina var hlutfallið einnig hæst meðal ungra kvenna í foreldrahúsum (22,7%) samanborið við 11,9% kvenna 36 ára og eldri. Þá líður 13,8% ungra karla sem eru ekki búsettir hjá foreldrum illa með sjálfa sig samanborið við 6,2% karla 36 ára og eldri. Af þeim sem hugsað hafa nær daglega um að betra væri ef þeir væru dánir eða hugsað um að skaða sig var hlutfallið hæst meðal ungra karla en 4,9% ungra karla í foreldrahúsum og 3,6% ungra karla utan foreldrahúsa hafa haft slíkar hugsanir samanborið við 2% karla 36 ára og eldri.

**Tafla 80.** *Hlutfall ungs fólks sem finnur nánast daglega fyrir neikvæðum andlegum einkennum eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina* | | | | | *N* = 7618 |
| Konur | 7,1% | 9,6% | 9,8% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 6,4% | 10,4% | 10,7% | 7,4% | 0,000** |
| *Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus* | | | | | *N* = 7623 |
| Konur | 5,7% | 8,3% | 9,7% | 6,6% | 0,000** |
| Karlar | 4,8% | 9,0% | 12,5% | 6,0% | 0,000** |
| *Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | | *N* = 7649 |
| Konur | 11,9% | 15,1% | 22,7% | 13,3% | 0,000** |
| Karlar | 10,4% | 13,5% | 11,1% | 11,1% | 0,000** |
| *Þreyta og orkuleysi* | | | | | *N* = 7633 |
| Konur | 14,0% | 23,7% | 28,4% | 17,2% | 0,000** |
| Karlar | 10,0% | 14,5% | 15,0% | 11,2% | 0,000** |
| *Lystarleysi eða ofát* | | | | | *N* = 7560 |
| Konur | 6,5% | 12,6% | 12,3% | 8,4% | 0,000** |
| Karlar | 4,6% | 7,1% | 8,1% | 5,3% | 0,000** |
| *Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni* | | | | | *N* = 7631 |
| Konur | 7,8% | 13,9% | 13,5% | 9,7% | 0,000** |
| Karlar | 6,2% | 13,8% | 13,3% | 8,1% | 0,000** |
| *Erfiðleikar með einbeitingu* | | | | | *N* = 7633 |
| Konur | 6,2% | 11,3% | 13,1% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 4,6% | 7,0% | 7,0% | 5,2% | 0,000** |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus* | | | | | *N* = 7617 |
| Konur | 2,6% | 3,8% | 4,7% | 3,0% | 0,000** |
| Karlar | 3,1% | 3,7% | 2,9% | 3,2% | 0,000** |
| *Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt* | | | | | *N* = 7618 |
| Konur | 1,5% | 1,8% | 2,6% | 1,6% | 0,000** |
| Karlar | 2,0% | 3,6% | 4,9% | 2,4% | 0,000** |
| *Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)* | | | | | *N* = 7696 |
| Konur | 24,2% | 45,1% | 45,2% | 30,6% | 0,000** |
| Karlar | 22,2% | 36,2% | 32,5% | 25,6% | 0,000** |

Tafla 81 sýnir niðurstöður sjálfsmats líkamlegrar heilsu eftir kyni, aldri og því hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Niðurstöðurnar sýna að lítill munur er á því hvernig þátttakendur meta líkamlegt heilsufar sitt eftir aldri en þó meta ungar konur (53,7%) og ungir karlar (59,3%) í foreldrahúsum líkamlega heilsu sína hvað besta en lítill munur er á ungum konum (51%) og ungum

körlum (51,1%) sem ekki eru búsett í foreldrahúsum og konum (50,6%) og körlum (52,5%) sem eru 36 ára og eldri.

**Tafla 81.** *Líkamlegt heilsufar ungs fólks eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 10,0% | 9,3% | 13,0% | 9,9% | *N* = 4373 |
| Frekar gott | 40,6% | 41,7% | 40,7% | 40,9% | |
| Hvorki gott né slæmt | 32,3% | 32,0% | 31,3% | 32,1% | |
| Frekar slæmt | 15,5% | 15,5% | 11,9% | 15,3% | |
| Mjög slæmt | 1,6% | 1,6% | 3,2% | 1,7% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Mjög gott | 12,2% | 15,5% | 11,9% | 12,9% | *N* = 3327 |
| Frekar gott | 40,3% | 35,6% | 47,4% | 39,6% | |
| Hvorki gott né slæmt | 31,7% | 37,0% | 30,8% | 32,8% | |
| Frekar slæmt | 14,5% | 10,1% | 9,7% | 13,3% | |
| Mjög slæmt | 1,4% | 1,8% | 0,2% | 1,4% | |

Tafla 82 sýnir hlutfall ungs fólks sem hefur neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Niðurstöðurnar sýna að ungt fólk neitar sér í mörgum tilfellum frekar um heilbrigðisþjónustu en fólk 36 ára og eldra. Mun hærra hlutfall ungs fólks sem ekki er búsett í foreldrahúsum (25,2% kvenna og 19% karla) sem og ungs fólks í foreldrahúsum (21,7% kvenna og 15,4% karla) hefur neitað sér um heilbrigðisþjónustu en fólks 36 ára og eldra (10,7% kvenna og 10,6% karla). Töluvert hærra hlutfall ungs fólks utan foreldrahúsa hefur þurft að neita sér um tannlæknaþjónustu (45,5%% kvenna og 43,7% karla) samanborið við ungt fólk í foreldrahúsum (28,5% kvenna og 21,3% karla) og fólk 36 ára og eldra (28% kvenna og 27% karla). Af þeim sem hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu er hlutfall ungra kvenna í foreldrahúsum hæst (26,5%) en einnig hafa 24,4% ungra kvenna utan foreldrahúsa neitað sér um slíkt hið sama en 9,3% kvenna 36 ára og eldri. Svipaða sögu er að segja um sálfræðiþjónustu en ungar konur í foreldrahúsum eru sá hópur sem helst hefur neitað sér um slíka þjónustu (43,3%) en einnig hafa 37,7% ungra kvenna utan foreldrahúsa neitað sér um sálfræðiþjónustu. Til samanburðar hafa 18% kvenna 36 ára og eldri neitað sér um sálfræðiþjónustu.

**Tafla 82.** *Neitað sér um hvers konar heilbrigðisþjónustu eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Heilbrigðisþjónustu* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 10,7% | 25,2% | 21,7% | 15,0% | 0,000** |
| Karlar | 10,6% | 19,0% | 15,4% | 12,6% | 0,000** |
| *Að leysa út lyf* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 5,0% | 10,8% | 11,9% | 6,8% | 0,000** |
| Karlar | 5,7% | 8,8% | 9,8% | 6,5% | 0,000** |
| *Tannlæknaþjónustu* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 28,0% | 45,5% | 28,5% | 32,6% | 0,000** |
| Karlar | 27,0% | 43,7% | 21,3% | 30,3% | 0,000** |
| *Geðheilbrigðisþjónustu* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 9,3% | 24,4% | 26,5% | 14,0% | 0,000** |
| Karlar | 7,9% | 18,7% | 15,3% | 10,5% | 0,000** |
| *Þjónustu sérfræðilækna* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 11,4% | 20,2% | 17,0% | 14,0% | 0,000** |
| Karlar | 7,6% | 15,7% | 11,0% | 9,5% | 0,000** |
| *Hjálpartæki (t.d. heyrnartæki og gleraugu)* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 12,2% | 10,3% | 7,2% | 11,5% | 0,000** |
| Karlar | 10,0% | 10,4% | 5,4% | 9,9% | 0,000** |
| *Sálfræðiþjónustu* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 18,0% | 37,7% | 43,3% | 24,4% | 0,000** |
| Karlar | 11,3% | 25,4% | 28,2% | 15,0% | 0,000** |
| *Sjúkraþjálfun* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 14,6% | 24,6% | 20,7% | 17,5% | 0,000** |
| Karlar | 11,2% | 17,2% | 10,3% | 12,4% | 0,000** |
| *Aðra þjónustu* | | | | | *N* = 7679 |
| Konur | 0,3% | 0,4% | 0,1% | 0,3% | 0,073 |
| Karlar | 0,2% | 0,0% | 0,7% | 0,2% | 0,000** |

Tafla 83 sýnir fjölda þátta heilbrigðisþjónustu sem ungt fólk hefur þurft að neita sér um tekið saman eftir kyni og því hvort fólk búi í foreldrahúsum eða ekki. Af þeim sem ekki hafa þurft að neita sér um neinn af þeim þáttum sem spurt var um er hlutfallið mun hærra meðal fólks 36 ára og eldra (55,5% kvenna og 61,2% karla) og ungs fólks sem býr í foreldrahúsum (41% kvenna og 60,1% karla) samanborið við ungt fólk sem ekki býr í foreldrahúsum (31,8% kvenna og 39,6% karla). Að sama skapi var hlutfallslega algengast meðal ungs fólk utan foreldrahúsa að þurfa að neita sér um tvo þætti (15,5% kvenna og 14,5% karla), þrjá þætti (15,8% kvenna og 10,1% karla) eða fjóra þætti eða fleiri (20,6% kvenna og 15,2% karla) samanborið við aðra hópa.

**Tafla 83.** *Hlutfall ungs fólks sem hefur neitað sér um hvers kyns heilbrigðisþjónustu eftir kyni og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki. Samantaldir þættir.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Enginn | 55,5% | 31,8% | 41,0% | 48,7% | *N* = 4362 |
| Einn | 16,8% | 16,3% | 16,6% | 16,7% | |
| Tveir | 10,0% | 15,5% | 12,9% | 11,6% | |
| Þrír | 7,8% | 15,8% | 11,4% | 10,0% | |
| Fjórir eða fleiri | 9,8% | 20,6% | 18,1% | 13,0% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Enginn | 61,2% | 39,6% | 60,1% | 56,6% | *N* = 3317 |
| Einn | 15,2% | 20,6% | 14,4% | 16,3% | |
| Tveir | 10,0% | 14,5% | 5,8% | 10,8% | |
| Þrír | 6,2% | 10,1% | 8,3% | 7,1% | |
| Fjórir eða fleiri | 7,4% | 15,2% | 11,5% | 9,3% | |

Tafla 84 sýnir áhrif heimsfaraldursins á álag í einkalífi. Hæst var hlutfallið meðal ungs fólks í foreldrahúsum sem taldi álag í einkalífi hafa aukist mikið eða nokkuð (56,9% kvenna og 47,5% karla) en næstalgengast var að ungt fólk utan foreldrahúsa svaraði slíku hinu sama (49,4% kvenna og 46,1% karla). Til samanburðar töldu 41,2% kvenna og 38% karla 36 ára og eldri að álag í einkalífi hefði aukist mikið eða nokkuð.

**Tafla 84.** *Álag í einkalífi aukist eða minnkað í kjölfar heimsfaraldursins eftir kyni, aldri og hvort búið sé í foreldrahúsum eða ekki.*

| | 36 ára og eldri | 35 ára og yngri, ekki í foreldrahúsum | 35 ára og yngri í foreldrahúsum | Óháð aldri | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur* | | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 12,0% | 15,8% | 18,8% | 13,3% | *N* = 4369 |
| Aukist nokkuð | 29,2% | 33,6% | 38,1% | 30,8% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 53,4% | 40,9% | 33,0% | 49,1% | |
| Minnkað nokkuð | 3,9% | 7,1% | 8,3% | 5,0% | |
| Minnkað mikið | 1,5% | 2,5% | 1,8% | 1,8% | |
| *Karlar* | | | | | 0,000** |
| Aukist mikið | 8,8% | 14,6% | 14,1% | 10,3% | *N* = 3323 |
| Aukist nokkuð | 29,2% | 31,5% | 33,4% | 29,9% | |
| Hvorki aukist né minnkað | 55,8% | 43,5% | 44,7% | 52,7% | |
| Minnkað nokkuð | 3,8% | 6,6% | 5,2% | 4,5% | |
| Minnkað mikið | 2,3% | 3,8% | 2,6% | 2,6% | |

#### *3.3.4.1 Heilsufar ungs fólks – samantekt*

Andleg heilsa ungs fólks mælist verri en þeirra sem eldri eru. Lítill munur er á mati á líkamlegri heilsu en ungt fólk í foreldrahúsum er sá hópur sem metur hana besta. Ungt fólk hefur í meira mæli neitað sér um heilbrigðisþjónustu en þeir sem eldri eru og er algengara að ungt fólk utan foreldrahúsa hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu en þeir sem búsettir eru í foreldrahúsum. Þrátt fyrir það er hlutfall ungra kvenna í foreldrahúsum sem hafa neitað sér um sálfræðiþjónustu hæst en hærra hlutfall þeirra sem ekki eru búsett í foreldrahúsum hefur neitað sér um tannlæknaþjónustu. Hæst er hlutfall ungra kvenna í foreldrahúsum sem segja að álagið í einkalífi þeirra hafi aukist mikið í kjölfar Covid-19 faraldursins. Ungar konur og karlar hafa búið við meira álag í faraldrinum en eldra fólk.

#### *3.3.4.2 Health of young people – Summary*

Young people report poorer mental health than those older. There is a small difference in how people report their physical health, with young people living with their parents reporting the best physical health. Young people are more likely to have denied themselves health care services compared to those older, and the ratio is higher among young people not living with their parents compared to young people living with their parents. However, young women living with their

parents are the group most likely to have denied themselves psychological service, but those not living with their parents are more likely to have denied themselves dental services. Young women living with their parents are most likely to say their private-life burden has grown in the Covid-19 pandemic. Young women and men report more private-life burden than older people.

# Heimildaskrá


Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarson & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Prófffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 23,* 91-100.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og Steinunn Hrafnsdóttir (2021). *Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka. Hvaða hópar leita aðstoðar?* Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/%c3%9attekt%20%c3%a1%20hj%c3%a1lparstofnunum%20lokask%c3%bdrsla%20_15.01.2021.X.pdf

Hagstofa Íslands. (2018). *Ungt fólk á Íslandi virkt á vinnumarkaði*. Sótt af: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/ungt-folk-a-islandi-virkt-a-vinnumarkadi/

Hagstofa Íslands. (2021). *Innflytjendur 15,5% íbúa landsins.* Sótt af: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-1-januar-2021/

Hagstofa Íslands. (e.d). Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands – Lýsigögn. Sótt af: https://hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn?fileId=56788

Hanvold, T. N., Kines, P., Nykänen, M., Ólafsdóttir, S., Thomée, S., Holte, K. A., Vuori, J., Wærsted, M. og Veiersted, K. (2016). *Young workers and sustainable work life: Special emphasis on Nordic conditions*. Kaupmannahöfn: Nordic Council of Ministers. http://dx.doi.org/10.6027/TN2016-512

Kroenke, K. og Spitzer, R. L. (2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals, 32*,(9), 509-515. Sótt af: https://www.proquest.com/docview/217052580/F6141C119E91456EPQ/2?accountid=27513

Margrét Einarsdóttir og Ásta Snorradóttir. (2020). Andleg líðan íslenskra ungmenna: Tengsl við vinnu með skóla? *Læknablaðið, 106*(11), 505-511.

Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson. (2021). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB.* Varða rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins. Sótt af: https://62bf3681-af0c-4f9c-bd81-0939bc371ea4.filesusr.com/ugd/61b738_ba2d63de6ecf43469c4b4e50f02cd99b.pdf

Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2019). *Konur af erlendum uppruna. Hvar kreppir að?* Skýrsla unnin fyrir Félagsmálaráðuneytið. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c6482f7c-570d-11ea-945f-005056bc4d74

Unnur Dís Skaptadóttir, Anna Wojtyńska og Margrét Wendt. (2020). Staða innflytjenda á vinnumarkaði. Í Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstjórar), *Samfélag*

*fjölbreytileikans. Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 45-61). Háskólinn á Akureyri.

Vinnumálastofnun. (2021). *Vinnumarkaðurinn á Íslandi-Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Nóvember 2021*. Sótt af: https://www.vinnumalastofnun.is/media/3466/nov-2021-skyrsla.pdf

Virk starfsendurhæfingarsjóður. (2020). *Ungt fólk í starfsendurhæfingu.* Sótt af: https://www.virk.is/is/um-virk/upplysingar/frettir/ungt-folk-i-starfsendurhaefingu

Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (e.d.) *PHQ-9*. Sótt af: https://throunarmidstod.is/library/Files/PHQ-9.pdf